Ársskýrsla Seðlabanka Íslands 2010

# ÁRSSKÝRSLA 2010

## Efnisyfirlit


| | | |
|---|---|---|
| 3 | I | *Markmið og stefna* |
| 5 | II | *Stefnan í peningamálum* |
| 9 | III | *Fjármálastöðugleiki* |
| 13 | IV | *Varsla og ávöxtun gjaldeyrisforða* |
| 17 | V | *Lánamál ríkissjóðs* |
| 23 | VI | *Alþjóðleg samskipti* |
| 25 | VII | *Sérstök verkefni* |
| 27 | VIII | *Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið* |
| 33 | | *Samstæðuársreikningur 2010* |
| | | *Viðaukar* |
| 57 | | *Aðdragandi að stofnun Seðlabanka Íslands og nokkur atriði úr sögu bankans* |
| 61 | | *Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2010* |
| 63 | | *Ritaskrá Seðlabanka Íslands fyrir árið 2010* |
| 65 | | *Ræður, erindi og greinar* |
| 67 | | *Annáll efnahags- og peningamála 2010* |
| 87 | | *Töflur* |



*Mynd af bankaráði og stjórnendum í Seðlabanka Íslands sem tekin var fyrir fund í ráðinu 29. mars 2011. Á myndinni eru frá vinstri: Friðrik Már Baldursson, Hildur Traustadóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Már Guðmundsson seðlabankastjóri, Ragnar Árnason, Lára V. Júlíusdóttir formaður bankaráðs, Ingibjörg Ingvadóttir, Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri, Björn Herbert Guðbjörnsson og Jón Þ. Sigurgeirsson ritari ráðsins. Nánari upplýsingar um bankaráð og stjórn Seðlabanka Íslands er m.a. að finna á síðu 31 í þessari ársskýrslu.*

Útgefandi:
Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.
Sími: 569 9600, símbréf: 569 9605
Netfang: sedlabanki@sedlabanki.is
Veffang: www.sedlabanki.is

Prentun og bókband: Ísafoldarprentsmiðja
Reykjavík 2011
ISSN 1670-522X

**Merking tákna:**

| | |
|---|---|
| * | Bráðabirgðatala eða áætlun. |
| 0 | Minna en helmingur einingar. |
| - | Núll, þ.e. ekkert. |
| ... | Upplýsingar vantar eða tala ekki til. |
| . | Tala á ekki við. |

# I Markmið og stefna

Meginmarkmið stjórnar peningamála er að stuðla að stöðugleika í verðlagsmálum eins og fram kemur í lögum um Seðlabanka Íslands (lög nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum). Með samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra er bankanum heimilt að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu. Þetta verðbólgumarkmið kemur fram í sameiginlegri yfirlýsingu Ríkisstjórnar Íslands og Seðlabanka Íslands 27. mars 2001 sem 2½% hækkun á verði vöru og þjónustu á 12 mánaða tímabili (miðað við vísitölu neysluverðs)[1]. Lögin veita bankanum fullt sjálfstæði við að framkvæma peningastefnuna til þess að ná þessu markmiði, en jafnframt er tekið fram að bankinn skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu um stöðugt verðlag. Þá kemur fram í lögunum að bankinn skuli sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd. Bankinn skal m.ö.o. sinna viðfangsefnum sem varða fjármálastöðugleika. Í lögunum eru jafnframt ákvæði um reikningsskil og gagnsæi peningastefnunnar og starfsemi bankans almennt.[2]

Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem sköpuðust í kjölfar falls bankanna haustið 2008 varð stöðugleiki í gengi krónunnar einn af lykilþáttum þeirrar stefnu í peningamálum sem stjórnvöld og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa mótað í sameiningu. Við þær aðstæður sem ríkt hafa síðustu misseri stuðlar stöðugt gengi að stöðugu verðlagi og verðbólguvæntingum í samræmi við peningastefnuna og ver jafnframt skuldsett heimili og fyrirtæki í landinu gegn skuldaaukningu vegna gengis- eða verðbreytinga. Þar með stuðlar stefnan einnig að stöðugleika fjármálakerfisins.

**Peningastefna**

Við framkvæmd stefnunnar í peningamálum gerir Seðlabankinn þjóðhags- og verðbólguspá þrjú ár fram í tímann. Spáin er birt í riti bankans, *Peningamálum*, sem gefið var út fjórum sinnum á árinu. Í *Peningamálum* birtir bankinn ítarlega greiningu á framvindu og horfum í efnahags- og peningamálum samhliða birtingu spárinnar.

Með síðustu breytingum á lögum um Seðlabanka Íslands árið 2009 var stofnuð fimm manna peningastefnunefnd sem tekur ákvarðanir um beitingu stjórntækja í peningamálum. Stjórntæki bankans teljast í þessu sambandi vera vextir Seðlabanka Íslands, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavaralán, bindiskylda og viðskipti á gjaldeyrismarkaði. Nefndin hefur sett sér reglur um starfshætti sem bankaráð hefur staðfest.[3] Seðlabankastjóri er formaður peningastefnunefndar, en í henni sitja að auki aðstoðarseðlabankastjóri, einn af yfirmönnum

1. Yfirlýsingin var birt í *Peningamálum* 2001/2 og á heimasíðu bankans. Lítils háttar breyting var gerð á henni í nóvember 2005.
2. Greint er nánar frá verkefnum bankans í ýmsum köflum þessarar skýrslu.
3. Reglur um starfshætti peningastefnunefndar eru aðgengilegar á vef Seðlabanka Íslands.

bankans á sviði peningastefnumótunar og tveir aðrir sérfræðingar á sviði efnahags- og peningamála sem efnahags- og viðskiptaráðherra skipar.

Árið 2010 voru vaxtaákvörðunardagar 8, þ.m.t. fjórir útgáfudagar *Peningamála*. Vaxtaákvörðunardagar eru tilkynntir fyrirfram, en nefndin getur breytt eða bætt við áætlun.

**Fjármálastöðugleiki**

Seðlabankinn leitast jafnan við að hafa góða yfirsýn yfir stöðu lánastofnana og fjármálamarkaða. Hann birtir ítarlega greiningu sína á þáttum sem varða fjármálastöðugleika tvisvar á ári í ritinu *Fjármálastöðugleiki*. Auk þess stuðlar Seðlabankinn að virku og öruggu fjármálakerfi með því að hafa eftirlit með að innlend greiðslu- og uppgjörskerfi séu í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar kröfur.

Með vísan til heimildar í lögum um Seðlabankann hefur hann sett reglur um lágmark lausafjár sem lánastofnunum ber ætíð að hafa yfir að ráða og reglur um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana. Bankinn á viðskipti við lánastofnanir og tekur ýmist við innlánum eða veitir þeim lán. Í lögunum er Seðlabankanum einnig veitt heimild til að veita lánastofnunum í lausafjárvanda ábyrgðir eða lán þegar sérstaklega stendur á og hann telur þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsmanna.

**Gjaldeyrisforði, erlend lán og gjaldeyrismál**

Seðlabankinn varðveitir gjaldeyrisforða landsmanna. Gjaldeyrisforðanum er ætlað að auka öryggi í viðskiptum Íslands, einkum ríkis og aðila með ríkisábyrgð, við önnur lönd, en um sjóðinn gilda sérstakar reglur sem seðlabankastjóri setur og bankaráð staðfestir, m.a. um ávöxtun og öryggi. Seðlabankanum er heimilt að taka lán til að efla gjaldeyrisforðann og að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi m.a. í því skyni. Auk þess er bankinn samkvæmt lögum ríkisstjórn til ráðuneytis um allt er varðar gjaldeyrismál, þar á meðal um erlendar lántökur.

# II Stefnan í peningamálum

Eins og kveðið er á um í lögum um Seðlabanka Íslands er meginmarkmið peningastefnunnar að stuðla að stöðugu verðlagi. Þetta markmið er útfært nánar sem 2½% verðbólgumarkmið í sameiginlegri yfirlýsingu bankans og ríkisstjórnar frá 27. mars 2001. Frá því að fjármálakreppan skall á af fullum þunga árið 2008 hefur nærmarkmið peningastefnunnar verið að stuðla að stöðugu gengi krónunnar, í samræmi við sameiginlega efnahagsstefnu stjórnvalda, Seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það hefur verið gert m.a. í því skyni að verja efnahag heimila og fyrirtækja fyrir frekari áföllum á meðan á efnahagslegri endurskipulagningu og endurreisn stendur. Jafnframt hefur hækkandi gengi stuðlað að því að verðbólgan hjaðni að markmiði. Eftir því sem efnahagslegri endurskipulagningu miðar áfram hefur vægi verðbólguhorfa við ákvarðanir í peningamálum hins vegar aukist á ný.

### Vaxta-, gengis- og verðbólguþróun

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hélt áfram að lækka vexti á árinu 2010. Í upphafi árs voru vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana 8,5% og hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 9,75%, en þessir vextir hafa frá því að fjármálakreppan skall á ráðið mestu um þróun skammtímavaxta.[1] Veðlánavextir bankans voru á sama tíma 10,0%. Í kjölfar vaxtaákvörðunar nefndarinnar í desember 2010 voru vextir á viðskiptareikningum komnir niður í 3,5%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 4,25% og veðlánavextir í 4,5%. Á desemberfundinum var vaxtagangur bankans einnig þrengdur um 1 prósentu, í 2 prósentur, með það að markmiði að draga úr sveiflum í skammtíma markaðsvöxtum og færa daglánavexti á millibankamarkaði nær miðju vaxtagangsins (sjá myndir II-1 og II-2).

Miðað við viðskiptavegna gengisvísitölu hækkaði gengi krónunnar um tæplega 12% frá ársbyrjun til ársloka, þar af um tæp 17% gagnvart evru og 8,5% gagnvart Bandaríkjadal (sjá mynd II-3). Seðlabankinn hóf reglubundin kaup á erlendum gjaldeyri 31. ágúst 2010 og keypti alls 27 milljónir evra fram að árslokum. Fyrir utan reglubundin viðskipti keypti Seðlabankinn erlendan gjaldeyri fyrir jafngildi 168 milljóna evra á tímabilinu 25. ágúst 2010 til ársloka í fjórum mismunandi viðskiptum.

Víðtæk höft á fjármagnshreyfingar til og frá landinu voru sett í nóvember 2008. Án þeirra hefðu vextir Seðlabankans að öllum líkindum þurft að vera töluvert hærri. Í kjölfar vaxtaákvörðunarinnar í nóvember 2010 gaf seðlabankastjóri yfirlýsingu um gjaldeyrishöftin þar sem meðal annars kom fram að áætlunin um afnám gjaldeyrishafta frá ágúst 2009 yrði endurskoðuð með hliðsjón af breyttum aðstæðum og reynslu. Ennfremur yrðu engar grundvallarbreytingar tilkynntar á núverandi reglum fyrr en í fyrsta lagi í mars 2011, nema sérstakra

1. Þeir vextir Seðlabankans sem hafa mesta þýðingu við ákvörðun skammtíma markaðsvaxta geta verið mismunandi. Um langt skeið réðu 7 daga veðlánavextir bankans úrslitum um markaðsvexti, en frá því snemma árs 2009 hafa vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana hjá bankanum og vextir á innstæðubréfum ráðið mestu við vaxtamyndun. Frekari umfjöllun er að finna í *Peningamálum* 2009/4, bls. 7-8 og 21-23.

Tafla II-1 Vextir Seðlabanka Íslands 2010

| *Dagsetning* | *Viðskiptareikningur* | *28 daga innstæðubréf (hámark)* | *7 daga veðlán* | *Daglánavextir* |
|---|---|---|---|---|
| 8. des. | 3,50 | 4,25 | 4,50 | 5,50 |
| 3. nóv. | 4,00 | 5,25 | 5,50 | 7,00 |
| 22. sept. | 4,75 | 6,00 | 6,25 | 7,75 |
| 18. ágúst | 5,50 | 6,75 | 7,00 | 8,50 |
| 23. júní | 6,50 | 7,75 | 8,00 | 9,50 |
| 5. maí | 7,00 | 8,25 | 8,50 | 10,00 |
| 17. mars | 7,50 | 8,75 | 9,00 | 10,50 |
| 27. jan. | 8,00 | 9,25 | 9,50 | 11,00 |

Mynd II-1
Vextir Seðlabanka og daglánavextir á millibankamarkaði
Daglegar tölur 1. janúar - 31. desember 2010




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Mynd II-2
Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa
Daglegar tölur 3. janúar 2007 - 30. desember 2010




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Mynd II-3
Gengi krónu gagnvart evru, gengissveiflur og inngrip Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði
Janúar - desember 2010




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.





Mynd II-4
Verðbólga: ýmsir mælikvarðar




*Heimild*: Hagstofa Íslands.

aðgerða yrði þörf til að undirbúa alhliða afnám hafta á útstreymi fjármagns.

Hækkandi gengi krónunnar, hjaðnandi verðbólguvæntingar og vannýtt framleiðslugeta stuðluðu að hjöðnun verðbólgu í verðbólgumarkmið á árinu 2010. Verðbólga nam 6,6% í upphafi árs, jókst í 8,5% í mars 2010 en hafði hjaðnað í 2,5% í lok ársins (sjá mynd II-4). Ef tímabundin áhrif hækkunar neysluskatta eru frátalin, eins og yfirleitt er talið eðlilegt að gera við ákvarðanir í peningamálum, nam verðbólga 1,7% í lok ársins.

## Ákvarðanir í peningamálum og rökstuðningur þeirra

Lög um Seðlabanka Íslands leggja bankanum á herðar þá skyldu að gera opinberlega grein fyrir stefnu sinni í peningamálum og fyrir þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Í riti sínu *Peningamálum* gerir bankinn grein fyrir horfum í efnahags- og peningamálum. Ritið kemur út fjórum sinnum á ári. Ritið er einnig gefið út á ensku undir heitinu *Monetary Bulletin*.

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að peningastefnunefnd bankans birti fundargerðir sínar opinberlega og geri grein fyrir ákvörðunum sínum og forsendum þeirra. Peningastefnunefnd birtir fundargerðir sínar hálfum mánuði eftir að vaxtaákvörðun er tilkynnt, en þar kemur fram mat nefndarinnar á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum og rökstuðningur nefndarmanna fyrir atkvæðum sínum.

Lögin kveða einnig svo á að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands skuli gefa Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á ári og skal efni hennar rætt á sameiginlegum fundi efnahags- og skattanefndar, fjárlaganefndar og viðskiptanefndar. Seðlabankastjóri mætti fyrir umræddar þingnefndir 26. febrúar og 12. nóvember.

Til þess að peningastefna geti verið framsýn þarf seðlabanki að ráða yfir líkönum sem gera honum kleift að meta efnahagshorfur, einkum verðbólguhorfur. Stór hluti rannsókna í Seðlabankanum er helgaður þessu viðfangsefni. Í byrjun árs 2006 var tekið í notkun ársfjórðungslegt þjóðhagslíkan sem lýsir helstu miðlunarleiðum peningastefnunnar. Stöðugt er unnið að þróun líkansins en jafnframt er nú unnið að þróun nýs heildarjafnvægislíkans sem notað verður samhliða ofangreindu ársfjórðungslíkani en slík jafnvægislíkön henta betur við hagstjórnarhermanir.

Einn liður í því að auka gagnsæi er að hafa ársfjórðungslíkanið og gagnagrunn þess aðgengileg á heimasíðu bankans.

### Peningastefnunefnd og ákvarðanir hennar

Með breytingum á lögum um Seðlabanka Íslands árið 2009 skal peningastefnunefnd taka ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum. Stjórntæki bankans teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvarðanir hans, tiltekin viðskipti við lánastofnanir, ákvörðun bindiskyldu og viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar.

Peningastefnunefnd er skipuð Má Guðmundssyni seðlabankastjóra sem er formaður nefndarinnar, Arnóri Sighvatssyni, aðstoðarseðlabankastjóra, Þórarni G. Péturssyni, aðalhagfræðingi Seðlabanka Íslands, Anne Sibert, prófessor við Birkbeck-háskólann í Bretlandi, og Gylfa Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands.

**Vaxtaákvarðanir 2010**

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að peningastefnunefnd haldi fundi að minnsta kosti átta sinnum á ári. Átta fundir voru haldnir á árinu og voru vaxtaákvarðanir nefndarinnar með eftirfarandi hætti:

*27. janúar:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,5 prósentur. Arnór Sighvatsson og Gylfi Zoëga greiddu atkvæði með tillögu seðlabankastjóra en Þórarinn G. Pétursson og Anne Sibert gegn henni. Þórarinn G. Pétursson vildi lækka vexti um 0,25 prósentur en Anne Sibert vildi halda vöxtum óbreyttum.

*17. mars:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,5 prósentur. Tillagan var samþykkt samhljóða, þótt þrír nefndarmenn hefðu kosið að niðurstaðan yrði önnur: Gylfi Zoëga hefði kosið að lækka vexti um 1 prósentu, Þórarinn G. Pétursson hefði kosið að lækka vexti um 0,25 prósentur og Anne Sibert hefði kosið að halda vöxtum óbreyttum. Öll voru þó þeirrar skoðunar að munurinn væri það lítill að þau gætu fallist á tillögu seðlabankastjóra.

*5. maí:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,5 prósentur. Tillagan var samþykkt samhljóða, þótt tveir nefndarmenn hefðu kosið að niðurstaðan yrði önnur: Gylfi Zoëga hefði kosið að lækka vexti um 1 prósentu og seðlabankastjóri hefði kosið að lækka vexti um 0,75 prósentur en þar sem það hafði ekki hljómgrunn hjá meirihluta nefndarinnar lagði hann fram tillögu um að lækka vexti um 0,5 prósentur.

*22. júní:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,5 prósentur. Tillagan var samþykkt samhljóða, þótt tveir nefndarmenn hefðu kosið að niðurstaðan yrði önnur: Gylfi Zoëga hefði kosið að lækka vexti um 0,75 prósentur og Anne Sibert hefði kosið að lækka vexti um 0,25 prósentur. Bæði voru þó þeirrar skoðunar að munurinn væri það lítill að þau gætu fallist á tillögu seðlabankastjóra.

*18. ágúst:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 1 prósentu. Tillagan var samþykkt samhljóða. Anne Sibert var fjarverandi.

*22. september:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,75 prósentur. Tillagan var samþykkt samhljóða, þótt tveir nefndarmenn hefðu kosið að niðurstaðan yrði önnur: Gylfi Zoëga hefði kosið að lækka vexti um 1 prósentu og Anne Sibert hefði kosið að lækka vexti um 0,5 prósentur. Bæði voru þó þeirrar skoðunar að munurinn væri það lítill að þau gætu fallist á tillögu seðlabankastjóra.

*3. nóvember:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,75 prósentur. Tillagan var samþykkt samhljóða, þótt einn nefndarmaður hefði kosið að niðurstaðan yrði önnur: Gylfi Zoëga hefði kosið að lækka vexti um 1 prósentu. Hann var þó þeirrar skoðunar að munurinn væri það lítill að hann gæti fallist á tillögu seðlabankastjóra.

*8. desember:* Seðlabankastjóri lagði til að vaxtagangurinn yrði þrengdur um 1 prósentu, í 2 prósentur. Arnór Sighvatsson, Gylfi Zoëga og Þórarinn G. Pétursson voru sammála tillögu seðlabankastjóra en Anne Sibert taldi ekki þörf á að þrengja vaxtaganginn. Eftir ákvörðun nefndarinnar um að þrengja vaxtaganginn lagði seðlabankastjóri til að vextir á viðskiptareikningum yrðu lækkaðir um 0,5 prósentur, að hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum og vextir á lánum gegn veði til sjö daga yrðu lækkaðir um 1 prósentu hvorir og að daglánavextir yrðu lækkaðir um 1,5 prósentur. Anne Sibert, Arnór Sighvatsson og Gylfi Zoëga greiddu atkvæði með tillögu seðlabankastjóra, þótt Anne Sibert og Arnór Sighvatsson hefðu kosið að niðurstaðan yrði önnur: Arnór Sighvatsson hefði kosið 0,25 prósentum minni lækkun á öllum vöxtum Seðlabankans og Anne Sibert hefði kosið 0,5 prósentum minni lækkun á vöxtum á lánum gegn veði til 7 daga. Bæði voru þó þeirrar skoðunar að munurinn væri það lítill að þau gætu fallist á tillögu seðlabankastjóra. Þórarinn G. Pétursson greiddi atkvæði gegn tillögu seðlabankastjóra og vildi að vextir yrðu lækkaðir um 0,25 prósentum minna en í tillögu seðlabankastjóra.



# III Fjármálastöðugleiki

Eitt af lögbundnum hlutverkum Seðlabanka Íslands er að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Heilbrigt fjármálakerfi er nauðsynleg forsenda hagstæðrar framvindu í efnahagsmálum og virkrar stefnu í peningamálum. Seðlabankinn leggur áherslu á að meta áhættu í fjármálakerfinu, þ.m.t. lausafjáráhættu fjármálafyrirtækja og uppgjörsvanda í greiðslu- og uppgjörskerfum. Jafnframt beitir hann sér fyrir úrbótum og jákvæðri þróun fjármálakerfisins.

## Fjármálafyrirtæki

**Endurreisn bankakerfisins**

Líkt og á árinu 2009 var það forgangsmál árið 2010 að endurreisa og finna leiðir til að treysta fjármálakerfið eftir hrun. Öflug efnahagsstarfsemi er háð því að bankakerfið sé traust og virki sem skyldi. Endurreisn bankakerfisins er langt komin, en starfsemi þess felst nú einkum í þjónustu við innlend fyrirtæki, stofnanir og heimili.

Á árinu 2010 náði Seðlabankinn samningum um skuldir fimm sparisjóða sem ekki uppfylltu skilyrði um lágmark eigin fjár í kjölfar bankahrunsins. Umræddir sparisjóðir eru: Sparisjóður Bolungarvíkur, Sparisjóður Norðfjarðar, Sparisjóður Svarfdæla, Sparisjóður Vestmannaeyja og Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis. Auk þess greiddu Sparisjóður Suður-Þingeyinga og Sparisjóður Höfðhverfinga skuldir sínar við Seðlabankann. Eftir endurskipulagninguna urðu endurheimtur krafna á hendur sparisjóðunum mun lægri en fjárhæð yfirteknu innlána. Niðurfelling krafna nam alls 4.763 m.kr. en til fullnustu krafna fengust hins vegar einungis 3.982 m.kr. Þar af eru 1.735 m.kr. í stofnfjárbréfum, 450 m.kr. í víkjandi lánum, 1.184 m.kr. í samningsbundnum lánum og 613 m.kr. í reiðufé. Við endurskipulagninguna eignaðist Seðlabankinn stóran hluta stofnfjár í sparisjóðunum en stofnfjárhlutirnir voru framseldir Bankasýslu ríkisins sem fer með eignarhaldið fyrir hönd ríkisins.

**Skýrslur um fjármálastöðugleika 2010**

Á árinu 2010 gaf Seðlabankinn út tvær skýrslur um fjármálastöðugleika. Fyrri skýrslan kom út í júní og sú seinni í nóvember. Í Fjármálastöðugleika 2010/2 kom fram að íslenska fjármálakerfið væri að vinna úr margvíslegum vanda, einkum lökum gæðum eigna auk þess sem fjármögnun fjármálafyrirtækja var varin af gjaldeyrishöftum og yfirlýsingu stjórnvalda um að innlán væru að fullu tryggð. Jafnframt var fjallað um litla virkni mikilvægra fjármálamarkaða og að þeir gegndu ekki sem skyldi hlutverki sínu við að dreifa áhættu og miðla fé, bæði hlutafé og lánsfé. Á móti kom að efnahagsáætlun stjórnvalda og peningastefnan hefðu skilað hækkandi gengi krónunnar á árinu 2010, hjöðnun verðbólgu og traustari stöðu ríkisfjármála. Þá var unnið að framförum í opinberri umgjörð, eftirliti og greiðslukerfum á árinu 2010.

**Eftirlit og reglur**

Mikilvægur áfangi náðist í Basel hinn 12. september á fundi seðlabankastjóra og forstjóra fjármálaeftirlitsstofnana þeirra landa sem aðild eiga að Basel-nefndinni um bankaeftirlit þegar staðfestar voru nýjar alþjóðlegar viðmiðunarreglur um eiginfjárhlutfall bankastofnana. Auk þess hefur verið samþykkt að innleiða ný viðmið varðandi hámark á skuldsetningarhlutfalli og varðandi lágmark lausafjár banka. Hinar nýju reglur, sem kallaðar eru Basel-III, munu taka gildi á komandi árum.

Framundan er vinna við að bæta úr ágöllum sem voru á skipulagi og tækjum er miða að því að varðveita fjármálastöðugleika. Í því sambandi var á ársfundi Seðlabankans boðað af efnahags- og viðskiptaráðherra að lög um Seðlabanka Íslands og lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi verði tekin til endurskoðunar.

Á árinu 2010 var reglum um gjaldeyrisjöfnuð breytt og tóku nýjar reglur gildi 1. janúar 2011. Meðal helstu breytinga má nefna að leyfileg opin gjaldeyrisstaða í einstökum erlendum gjaldmiðlum lækkar úr 20% í 15% og leyfilegur heildargjaldeyrisjöfnuður lækkar úr 30% í 15%. Þá er ákvæði til bráðabirgða þess efnis að vegna þeirra aðstæðna sem sköpuðust í kjölfar falls íslenska bankakerfisins geti bankinn veitt tímabundna heimild til þess að hafa sérstakan jákvæðan eða neikvæðan gjaldeyrisjöfnuð. Fjármálafyrirtæki skulu leggja til grundvallar umsókn sinni tímasetta áætlun um hvernig þau hyggjast ná gjaldeyrisjöfnuði sem uppfyllir reglurnar. Undanþágur verða ekki veittar til lengri tíma en 1. janúar 2013.

Í lok júní birtu Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið tilmæli til fjármálafyrirtækja til leiðbeiningar um hvernig bregðast skyldi við dómum Hæstaréttar vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða.

Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands unnu að því á síðustu mánuðum ársins að móta tillögur um samstarf stofnananna um mat á kerfisáhættu í fjármálakerfinu, gagnkvæm upplýsingaskipti og sameiginlega gagnagrunna. Afrakstur þessarar vinnu hefur birst í nýjum samstarfssamningi stofnananna frá 6. janúar 2011.

## Greiðslukerfi

**Reiknistofa bankanna og Fjölgreiðslumiðlun hf.**

Um margra áratuga skeið hefur verið samstarf fjármálafyrirtækja um samrekstur í greiðslumiðlun og upplýsingatækni, ekki síst á vettvangi Reiknistofu bankanna (RB) og Fjölgreiðslumiðlunar (FGM). Rekstur RB hefur frá stofnun grundvallast á samstarfssamningi og litið hefur verið svo á að starfsemi RB væri hluti af starfsemi eigendanna. Seðlabanki Íslands hefur frá upphafi verið í eigendahópi RB. Fyrirkomulagið hefur á margan hátt reynst hagkvæmt og traust og sannaði gildi sitt í fjármálaáfallinu. Hagræðing á vettvangi upplýsingatæknimála var á árinu 2010 til umræðu í hópi eigenda RB og FGM. Hinn 30. apríl 2010 undirrituðu Arion banki, Íslandsbanki, NBI, Samband íslenskra sparisjóða og Seðlabanki Íslands áformayfirlýsingu um breytingar í samstarfi um greiðslumiðlun og upplýsingatækni. Í framhaldinu var unnið að nánari útfærslu þessara breytinga og 15. nóvember undirrituðu eigendur fyrirtækjanna rammasamning þar sem meginatriði breytinganna eru rakin, en þau eru:

- RB yrði breytt í hlutafélag. Eigendur yrðu þeir sömu og áður, að Seðlabanka Íslands undanskildum, sem hyrfi úr eigendahópnum. Breytingin fæli í sér að nýja félagið yrði sjálfstætt gagnvart eigendum sínum.
- Veitukerfið og tengdir þættir á vettvangi greiðslumiðlunar yrðu skildir frá öðrum þjónustuþáttum Reiknistofu bankanna hf. (RB hf.) og fluttir yfir til FGM.
- Seðlabanki Íslands eignaðist FGM að fullu sem fengi nýtt nafn, Greiðsluveitan hf., og yrði starfsemi hennar felld undir starfsemi Seðlabanka Íslands. Þetta væri liður í að aðgreina eignarhald og stýringu þýðingarmikilla kjarnainnviða frá notendum á samkeppnismarkaði. Hér væri um að ræða innviði sem öll fjármálafyrirtæki með tilskilin starfsleyfi þyrftu að hafa aðgang að til þess að geta starfað á íslenskum fjármálamarkaði. Þeir innviðir sem hér um ræðir eru: Stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands, Jöfnunarkerfið, RÁS-kerfið, heimildarkerfi tengt greiðslukortanotkun, Kröfupottur og Birtingur, og SWIFT-Alliance-kerfið.

Ofangreindar breytingar voru síðan staðfestar með samningum aðila um einstök kerfi 15. desember 2010. Breytingarnar voru ákvarðaðar með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins sem gerði kröfu um breytingar á tilteknum þáttum í starfsemi Greiðsluveitunnar sem varða samkeppnisumhverfi. Gengið var frá sátt milli aðila um þessi atriði og í kjölfar þess heimilaði Samkeppniseftirlitið samruna Seðlabanka Íslands og Greiðsluveitunnar hf. (áður FGM), en samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga er litið svo á að yfirtaka Seðlabanka Íslands á Greiðsluveitunni jafngildi samruna. Í kjölfar þessa var félagsforminu breytt úr hf. í ehf., gengið var frá nýjum samþykktum fyrir félagið og stjórnarmönnum fækkað úr fimm í þrjá. Fulltrúar í stjórn félagsins eru óháðir notendum kerfanna.

Lögð verður áhersla á að rekstur þeirra innviða og kerfa sem Greiðsluveitan hefur með höndum sé aðgreindur frá annarri kjarnastarfsemi Seðlabanka Íslands, enda um að ræða sérstakt þjónustuhlutverk í þágu íslensks fjármálamarkaðar og notendur kerfanna, þ.e. fjármálafyrirtækin, standa undir rekstri þessara innviða. Í því sambandi er m.a. mikilvægt að gagnsæi einkenni rekstur Greiðsluveitunnar í eins ríkum mæli og frekast er unnt.

### Stórgreiðslukerfið

Beinir þátttakendur í stórgreiðslukerfinu 31. desember 2010 voru eftirtaldir: Arion banki hf., Byr hf., Clearstream, Íbúðalánasjóður, Íslandsbanki hf., MP banki hf., NBI hf. og Saga Fjárfestingarbanki hf. Að auki gerðu verðbréfauppgjörskerfið og jöfnunarkerfið upp viðskipti í stórgreiðslukerfinu. Einn aðili sótti um aðild að kerfinu haustið 2010. Umsóknin var samþykkt og er verið að undirbúa þátttöku viðkomandi.

Veltan í stórgreiðslukerfinu árið 2010 nam 78.557 færslum (útgreiðslum), samtals að verðmæti 11.533 ma.kr. Færslufjöldinn jókst um 13% frá árinu áður, en veltan dróst hins vegar saman um 13% á sama tíma.

Mynd III-1
Velta í stórgreiðslukerfi
2009-2010




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Mynd III-2
Velta jöfnunarkerfis
2009-2010




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Mynd III-3
Velta í verðbréfauppgjörskerfi
2009-2010




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.





Mynd III-4
Seðlar og mynt í umferð
2009-2010




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Mynd III-5
Greiðslukort (debet- og kreditkort)
2009-2010




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

## Jöfnunarkerfi

Beinir þátttakendur í jöfnunarkerfinu 31. desember 2010 voru eftirtaldir: Arion banki hf., Byr hf. með tvo uppgjörsreikninga, Íbúðalánasjóður, Íslandsbanki hf., MP banki hf., NBI hf. og Seðlabanki Íslands. Veltan í kerfinu árið 2010 nam 72.874.000 færslum að verðmæti 2.794 ma.kr. Færslufjöldinn jókst um 2% frá árinu á undan.

## Verðbréfauppgjörskerfið

Uppgjörsstofnanir í verðbréfauppgjörskerfi 31. desember 2010 voru: Arion banki hf., Byr hf., Clearstream, Íslandsbanki hf., MP banki hf., NBI hf. og Saga Fjárfestingarbanki hf.

Fjöldi uppgerðra viðskipta í verðbréfauppgjörskerfi árið 2010 nam 22.120 færslum að verðmæti 2.225 ma.kr. Fjöldi viðskipta dróst saman þriðja árið í röð og nam samdrátturinn 25%. Fjöldi utanþingsviðskipta nam 50.280 færslum árið 2010 en 50.869 árið á undan.

## Greiðslumiðlar

Seðlar og mynt í umferð utan Seðlabanka Íslands námu samtals 38,3 ma.kr. í árslok 2010, sem var 34% meira en í árslok 2009. Af því voru um 35,9 ma.kr. í seðlum og um 2,4 ma.kr. í mynt. Verðmæti var mest í 5.000 kr. seðlum eða samtals 31,4 ma.kr.

Fjöldi greiðslukortafærslna nam tæpum 111 m. færslum að verðmæti 679 ma.kr. árið 2010 og jókst færslufjöldinn um 3% frá árinu áður. Til notkunar debetkorta mátti rekja 373 ma.kr. og 306 ma.kr. til notkunar kreditkorta.

## Erlend greiðslumiðlun

Erlend greiðslumiðlun komst í eðlilegt horf á árinu 2010. Íslenskar fjármálastofnanir höfðu að fullu tekið yfir greiðslumiðlun sína og viðskiptasambönd og aðkoma Seðlabanka Íslands var orðin hverfandi. Greiðslur sem sendar eru erlendum aðilum eru afgreiddar af viðskiptabönkum og sparisjóðum en einstaka greiðslur eru þó að berast sömu aðilum um Seðlabankann.

# IV Varsla og ávöxtun gjaldeyrisforða

Seðlabanki Íslands varðveitir gjaldeyrisforða landsmanna. Seðlabankastjóri setur starfsreglur um varðveislu forðans sem bankaráð staðfestir. Til gjaldeyrisforðans teljast eignir Seðlabankans í erlendum verðbréfum, innstæður í erlendum bönkum, innstæður í peningamarkaðssjóðum, gull, sérstök dráttarréttindi (eign Seðlabankans hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í reikningseiningunni SDR) og gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Samkvæmt starfsreglum um fjárfestingarstefnu er heimilt að festa fé á reikningum í erlendum bönkum, peningamarkaðssjóðum og skuldabréfum skráðum í kauphöllum og gefnum út af aðilum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Útgefendur geta verið ríki og sveitarfélög, ríkisstofnanir, fjölþjóðastofnanir og fjármálastofnanir. Lánshæfiseinkunn langtímabréfa skal vera að lágmarki A+ (Moody's) eða A1 (S&P og Fitch). Skammtímabréf skulu hafa að lágmarki lánshæfiseinkunnina A-1/P-1/F-1 að mati sömu aðila. Sömu lánshæfiskröfur gilda um stofnanir sem ávaxta innstæður bankans. Samkvæmt reglunum er þorri forðans bundinn í skuldabréfum með lengri líftíma en eitt ár en hluti hans skal vera á óbundnum bankareikningum. Meðalbinditími verðbréfa í gjaldeyrisforða skal ekki vera lengri en 5 ár. Gulleign bankans nam 64 þúsund únsum í lok ársins 2010. Gullið er varðveitt í Englandsbanka.

Á árinu 2010 fékk ríkissjóður aðra og þriðju fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að fjárhæð 210 milljónir SDR. Einnig fengu Seðlabankinn og ríkissjóður aðra fyrirgreiðslu láns frá Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Seðlabanka Noregs í tengslum við efnahagsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að fjárhæð 587,5 milljónir evra. Samhliða því fékk ríkissjóður fyrsta hluta láns frá Póllandi að fjárhæð 210 milljónir pólskra zlota. Ónotaðar voru lánsheimildir hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að fjárhæð 525 milljónir SDR og hjá Norðurlöndunum að fjárhæð samtals 887,5 milljónir evra. Þá voru lánsheimildir að fjárhæð 420 milljónir pólskra zlota enn ónotaðar. Mestur hluti svokallaðs Avenssamnings var á árinu gerður upp við lífeyrissjóði landsins en heildarfjárhæð hans var 549 milljónir evra.

Seðlabankinn hafði á árinu fyrirvaralausan aðgang að endurhverfum verðbréfaviðskiptum við Alþjóðagreiðslubankann að fjárhæð 400 milljónir Bandaríkjadala.

Gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands var í lok árs 2010 665 ma.kr. og hafði því aukist um 180 ma.kr. á árinu. Aukningu forðans má helst rekja til ofangreindra lána frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Norðurlöndunum, innlána frá þrotabúum gömlu bankanna, viðskipta við lífeyrissjóði landsins (Avens-samningur) auk gjaldeyrisviðskipta við fjármálastofnanir landsins til að draga úr gjaldeyrismisvægi þeirra. Helsta útstreymið úr gjaldeyrisforðanum var vegna fyrirframgreiðslu á erlendu láni ríkissjóðs fyrir 225 milljónir evra og uppkaupa á erlendum skuldabréfum ríkissjóðs að fjárhæð 379 milljónir evra.

Leitast er við að haga gjaldmiðlaskiptingu þannig að virði gengisbundinna eigna Seðlabankans að frádregnum gengisbundnum skuld-

Tafla IV-1 Ávöxtun verðbréfa, skuldabréfasafna og bundinna innlána, og binditími í árum

| | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|
| *Bandaríkjadalir (USD)* | | | | | |
| Vaxtatekjur (%) | 4,06% | 4,34% | 3,17% | 2,71% | 2,25% |
| Verðhagnaður/-tap (%) | 0,01% | 2,74% | 4,21% | -0,37% | 2,04% |
| Ávöxtun verðbréfa (%) | 4,07% | 7,08% | 7,38% | 2,34% | 4,29% |
| Meðalbinditími í árslok | 2,09 | 2,4 | 2,12 | 2,51 | 2,635 |
| Áv. EFFAS 1-3 ára vísit.[1] | 3,95% | 7,34% | 6,70% | 0,77% | 2,39% |
| Meðalbinditími í árslok | 1,70 | 1,66 | 1,77 | 1,91 | 1,86 |
| Áv. EFFAS 3-5 ára vísit.[1] | 3,50% | 9,83% | 12,21% | -0,76% | 5,77% |
| Meðalbinditími í árslok | 3,52 | 3,62 | 3,84 | 3,84 | 3,79 |
| Áv. bundinna innlána | 4,93% | 5,09% | 1,97% | 0,16% | 0,16% |
| O/N LIBID (ársmeðaltal) | 4,96% | 5,10% | 2,27% | 0,17% | 0,17% |
| | | | | | |
| *Evrur (EUR)*[2] | | | | | |
| Vaxtatekjur (%) | 3,67% | 4,27% | 4,37% | 3,33% | 1,94% |
| Verðhagnaður/-tap (%) | -2,55% | -1,84% | 1,59% | 2,38% | 0,54% |
| Ávöxtun verðbréfa (%) | 1,12% | 2,42% | 5,96% | 5,71% | 2,48% |
| Meðalbinditími í árslok | 3,52 | 2,96 | 2,5 | 1,81 | 1,37 |
| Áv. EFFAS 1-3 ára vísit.[1] | 1,80% | 3,83% | 6,94% | 4,16% | 0,92% |
| Meðalbinditími í árslok | 1,81 | 1,70 | 1,78 | 1,84 | 1,87 |
| Áv. EFFAS 3-5 ára vísit.[1] | 0,62% | 3,37% | 8,76% | 5,51% | 1,56% |
| Meðalbinditími í árslok | 3,56 | 3,56 | 3,61 | 3,70 | 3,74 |
| Áv. bundinna innlána | 2,82% | 3,86% | 4,08% | 0,41% | 0,31% |
| O/N LIBID (ársmeðaltal) | 2,83% | 3,87% | 3,87% | 0,63% | 0,32% |
| | | | | | |
| *Sterlingspund (GBP)* | | | | | |
| Vaxtatekjur (%) | 5,01% | 5,51% | 4,51% | 3,28% | 2,70% |
| Verðhagnaður/-tap (%) | -2,86% | 0,68% | 4,41% | 0,84% | 1,21% |
| Ávöxtun verðbréfa (%) | 2,15% | 6,18% | 8,92% | 4,12% | 3,91% |
| Meðalbinditími í árslok | 2,22 | 2,23 | 2,07 | 2,66 | 2,504 |
| Áv. EFFAS 1-3 ára vísit.[1] | 3,07% | 7,48% | 9,18% | 3,27% | 2,72% |
| Meðalbinditími í árslok | 1,79 | 1,75 | 1,92 | 1,72 | 1,57 |
| Áv. EFFAS 3-5 ára vísit.[1] | 1,48% | 7,54% | 11,80% | 3,31% | 5,87% |
| Meðalbinditími í árslok | 3,38 | 3,42 | 3,36 | 3,68 | 3,67 |
| Áv. bundinna innlána | 4,70% | 5,58% | 4,71% | 0,35% | 0,47% |
| O/N LIBID (ársmeðaltal) | 4,66% | 5,58% | 4,74% | 0,62% | 0,48% |

1. Vísitöluávöxtun 2007 til 2009 er samkvæmt Bloomberg/EFFAS-ríkisskuldabréfavísitölunni sem tók við af MSCI-vísitölunni.

Mynd IV-1
Gjaldeyrisforði
31. desember 2001 - 31. desember 2010




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

um sveiflist sem minnst. Hlutdeild gjaldmiðla í þessari hreinu eign eða gjaldeyrisjöfnuði Seðlabanka Íslands er endurskoðuð reglulega og staðfest í starfsreglum um gjaldeyrisforðann. Samkvæmt reglunum á vægi gjaldmiðla í gjaldeyrisjöfnuði að vera þessi: Bandaríkjadalur 35%, evra 45%, sterlingspund 15% og japanskt jen 5%.

## Ávöxtun einstakra gjaldmiðla í gjaldeyrisforða

Tafla IV-1 sýnir ávöxtun helstu gjaldmiðla í gjaldeyrisforða undanfarin ár. Skuldabréfavísitölur frá Morgan Stanley (e. Sovereign Bond Index (MSCI)) eru hafðar til hliðsjónar við samanburð á árangri af ávöxtun skuldabréfasafna 2005-2006. Hins vegar er Bloomberg/EFFAS-ríkisskuldabréfavísitalan notuð fyrir árin 2007 til 2010 þar sem uppfærslu á MSCI-vísitölunni hefur verið hætt og EFFAS-vísitalan kemur í staðinn.

Frá miðju ári 2008 hefur Seðlabankinn lagt sérstaka áherslu á öryggi við ávöxtun lausafjár og beint viðskiptum sínum í meira mæli til seðlabanka í Evrópu og Bandaríkjunum í stað þess að notfæra sér millibankamarkaði. Aukna varfærni við ávöxtun lausafjár Seðlabankans má rekja til óstöðugleika á erlendum fjármálamörkuðum.

Stýring á skuldabréfasöfnum gjaldeyrisforðans hefur verið í samræmi við bankastjórnarsamþykkt nr. 1019. Miðað hefur verið við vísitölur gerðar af Lehman Brothers og Barclays. Í töflu IV-2 er ávöxtun skuldabréfasafnsins borin saman við vísitöluna. Barclays hefur nú tekið yfir þessa starfsemi Lehman. Ávöxtun skuldabréfasafnanna árið 2010 var betri en ávöxtun viðmiða í EUR og USD, en lakari en viðmiðun í GBP.



Tafla IV-2 Samanburður ávöxtunar og viðmiðunarvísitalna Lehmans

| | *Ávöxtun verðbréfa 2010* |
|---|---|
| Bandaríkjadalir | 4,29% |
| Viðmiðun Lehman Brothers/Barclays | 3,64% |
| *Mismunur* | *0,654%* |
| Evrur | 2,48% |
| Viðmiðun Lehman Brothers/Barclays | 2,18% |
| *Mismunur* | *0,304%* |
| Sterlingspund | 3,91% |
| Viðmiðun Lehman Brothers/Barclays | 4,41% |
| *Mismunur* | *0,498%* |

# V Lánamál ríkissjóðs

## Samningur um lánamál ríkissjóðs

Seðlabanki Íslands sér um framkvæmd innlendra og erlendra lánamála og skuldastýringu ríkissjóðs í umboði fjármálaráðuneytisins. Í samningi þeirra á milli er kveðið á um verkaskiptingu og ákvörðunarvald. Seðlabankanum er falið að sjá um erlendar lántökur ríkissjóðs ásamt framkvæmd innlendra útboða, uppkaupa og innlausnar ríkisverðbréfa, gerð aðalmiðlarasamninga og umsjón með verðbréfalánum til aðalmiðlara. Seðlabankinn annast áhættu- og lánsfjárstýringu eftir viðmiðunum sem fjármálaráðuneytið setur um stýringu á lánasafni ríkissjóðs. Einnig sinnir hann upplýsingagjöf um lánamál ríkissjóðs til markaðsaðila og fjármálaráðuneytis með reglubundnum hætti og viðheldur vefsíðunum www.bonds.is og www.lanasysla.is. Í samningnum er kveðið svo á að bankinn annist samskipti og miðlun upplýsinga um íslensk efnahagsmál til erlendra matsfyrirtækja og lánastofnana, að hann sinni verkefnum er snúa að ríkisábyrgðum og endurlánum, t.d. umsýslu ríkisábyrgða og mati á áhættu ríkissjóðs vegna þeirra. Þá veitir hann ráðuneytinu umsagnir vegna ríkisábyrgða, sér um afgreiðslu ábyrgða og innheimtir ríkisábyrgðagjald. Ennfremur sér bankinn um útgáfu skuldabréfa vegna endurlána.

## Innlend lánamál

Í upphafi ársins 2010 birti Seðlabankinn fyrir hönd ríkissjóðs útgáfuáætlun í lánamálum. Samkvæmt henni var stefnt að því að gefa út ríkisbréf fyrir samtals 170 ma.kr. á árinu til að mæta rekstrarhalla ríkissjóðs og lánum sem féllu í gjalddaga. Á árinu 2010 voru tveir flokkar ríkisbréfa á innlausn. Hinn 17. mars kom til innlausnar RIKB 10 0317 fyrir 71 ma.kr. að nafnverði og 10. desember kom til innlausnar RIKB 10 1210 fyrir 60 ma.kr. að nafnverði. Samtals voru því á innlausn ríkisbréf fyrir 131 ma.kr. að nafnverði. Á árinu 2010 var útgáfa ríkisbréfa umfram innlausn 62 ma.kr.

Í ársáætluninni var tilkynnt um útgáfu á nýjum 2 ára óverðtryggðum ríkisbréfum og var fyrirhuguð sala í flokknum fyrir 50 ma.kr. á árinu. Einnig var tilkynnt um útgáfu á nýjum 5-6 ára óverðtryggðum flokki ríkisbréfa þar sem stefnt var að því að selja fyrir 20 ma.kr. að nafnverði á árinu. Ríkissjóður hafði ekki selt verðtryggð skuldabréf í hefðbundnum útboðum um árabil. Samfara aukinni útgáfu óverðtryggðra ríkisskuldabréfa hafði vægi verðtryggðra markaðsskulda í lánasafninu lækkað jafnt og þétt og var komið niður í 3% í lok árs 2009. Í ljósi aukinna umsvifa ríkissjóðs á lánamarkaði og minnkandi framboðs á verðtryggðum skuldabréfum þótti mikilvægt að ríkissjóður svaraði þeirri eftirspurn. Ríkissjóður tilkynnti því um útgáfu á nýjum 10 ára verðtryggðum skuldabréfaflokki þar sem markmiðið var að selja 50 ma.kr. í flokknum. Þetta var fyrsta verðtryggða markaðsútgáfa ríkissjóðs síðan árið 1995. Afgangurinn af 170 milljarða króna heildarútgáfu, þ.e. 50 ma.kr., átti að fara í áframhaldandi uppbyggingu á RIKB 11 og RIKB 25 sem voru upphaflega gefnir út árið 2009.

### Tafla V-1 Sala og innlausn ríkisbréfa að nafnverði í m.kr.

| | *2010* |
|---|---|
| RIKB 10 0317 | -70.583 |
| RIKB 10 1210 | -59.744 |
| RIKB 11 0722 | 44.484 |
| RIKB 12 0824 | 30.000 |
| RIKB 16 1013 | 21.631 |
| RIKB 19 0226 | 15.341 |
| RIKB 21 0414 | 50.631 |
| RIKB 25 0612 | 30.868 |
| *Samtals, þ.e. sala umfram innlausn* | *62.628* |

Mynd V-1

Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa

Daglegar tölur 1. janúar - 31. desember 2010




*Heimild:* NASDAQ OMX.

Mynd V-2

Útboð ríkisvíxla og vextir 2010

Janúar - desember 2010




*Heimild:* Lánamál ríkisins.

Til að mæta betur eftirspurn frá markaðsaðilum og lengja líftíma á lánasafni ríkissjóðs var tilkynnt um breytingu á útgáfuáætluninni í apríl. Ákveðið var að auka útgáfu ríkisbréfa um 20 ma.kr. og draga úr útgáfu ríkisvíxla um sömu fjárhæð. Einnig var ákveðið að breyta samsetningu í útgáfunni þannig að útgáfan á nýja 2 ára flokknum yrði minnkuð úr 50 ma.kr. í 30 ma.kr. og útgáfan á RIKB 11 yrði aukin um allt að 15 ma.kr. og RIKB 19 og RIKB 25 um allt að 25 ma.kr. Í fljótu bragði má segja að framangreind útgáfuáætlun ríkisbréfa hafi nánast alveg gengið eftir. Í töflu V-1 er sýnd sala og innlausn ríkisbréfa árið 2010, skipt niður eftir flokkum.

Samfara lækkandi verðbólgu og lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands fóru vaxtakjör lækkandi sem ríkissjóði buðust í útboðum. Ávöxtunarkrafa samþykktra tilboða í útboðum á 2 ára óverðtryggðum ríkisbréfum lækkaði t.d. úr 7,3% í 2,4% á árinu 2010. Vaxtakjör á lengri bréfum hafa einnig lækkað umtalsvert. Í mynd V-1 er sýnd þróunin á ávöxtunarkröfu ríkisbréfa á eftirmarkaði, sem endurspeglar þau kjör sem ríkissjóði standa til boða í útboðum.

Seðlabanki Íslands f.h. ríkissjóðs sér einnig um framkvæmd á útboðum ríkisvíxla. Slík útboð eru haldin einu sinni í mánuði og voru þar boðnir út 4 mánaða víxlar árið 2010. Heildarsala ríkisvíxla var 223 ma.kr. að nafnverði sem jafngildir tæplega 19 ma.kr. útgáfu á mánuði. Í meðfylgjandi töflu eru sýnd vaxtakjör og þátttaka í útboðum ríkisvíxla.

Vextir í útboðum lækkuðu verulega á árinu. Í upphafi árs fjármagnaði ríkissjóður sig til 4 mánaða á 8% vöxtum. Í síðasta útboðinu í desember samþykkti ríkissjóður tilboð í 4 mánaða víxla fyrir rúman 21

### Tafla V-2 Erlendar skuldir ríkissjóðs (fjárhæðir í milljónum)

Tvíhliða lán

| | *Mynt* | *Lánsloforð Fjárhæð* | *Nýttar heimildir* | *Ónýtt heimild* | *Lánsloforð ISK* | *Nýttar heimildir ISK* | *Ónýtt heimild ISK* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Danmörk | EUR | 480 | 240 | 240 | 73.973 | 36.987 | 36.987 |
| Finnland | EUR | 320 | 160 | 160 | 49.316 | 24.658 | 24.658 |
| Svíþjóð | EUR | 495 | 248 | 248 | 76.285 | 38.220 | 38.220 |
| Pólland | PLN | 630 | 210 | 420 | 23.871 | 7.957 | 15.914 |
| Færeyjar | DKK | 300 | 300 | 0 | 6.209 | 6.209 | 0 |
| *Samtals* | | | | | *229.654* | *114.030* | *115.778* |

Markaðsskuldabréf

| | *Gjalddagi* | *Mynt* | *Upphafleg lánsfj.hæð* | *Uppkaup/ afborgun* | *Staða í árslok* | *Staða í árslok í isk* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Eurobond (MTN) | 2011 | EUR | 1.000 | 362 | 638 | 98.429 |
| Eurobond (MTN) | 2012 | EUR | 250 | 42 | 208 | 32.066 |
| Eurobond (MTN) | 2014 | USD | 200 | 0 | 200 | 23.064 |
| Skuldabréf | 2016 | GBP | 30 | 2 | 28 | 5.063 |
| Eurobond (MTN) | 2025 | EUR | 402 | 29 | 373 | 57.451 |
| *Samtals* | | | | | | *216.073* |

Sambankalán

| | *Gjalddagi* | *Mynt* | *Upphafleg lánsfj.hæð* | *Uppkaup/ afborgun* | *Staða í árslok* | *Staða í árslok í isk* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Eurobond (MTN) | 2011 | EUR | 300 | 225 | 75 | 11.535 |
| *Erlendar skuldir ríkissjóðs samtals* | | | | | | *341.638* |

ma.kr. að nafnverði á 3,4% vöxtum. Þessi vaxtamunur jafngildir 283 m.kr. miðað við 19 ma.kr. útgáfu til 4 mánaða. Miðað við 223 ma.kr. sölu ríkisvíxla árið 2010 þýðir þetta sparnað sem nemur 3,4 ma.kr. í fjármögnunarkostnaði. Vaxtakostnaður er stærsti einstaki útgjaldaliður ríkissjóðs en árið 2010 voru greiddir 73,8 ma.kr. í vexti.

**Erlend lánamál**

Erlendar skuldir ríkissjóðs voru 342 ma.kr. í árslok 2010. Skuldunum má skipta í þrennt: tvíhliða lán, erlend markaðslán og sambankalán. Engin erlend lán voru á gjalddaga árið 2010. Hins vegar voru á árinu keypt til baka markaðsskuldabréf ríkissjóðs fyrir rúmar 400 milljónir evra sem vikið verður að síðar. Ríkissjóður gaf út skuldabréf að fjárhæð 400 milljónir evra vegna kaupa á Avens B.V. Einnig var dregið á helming af 1.295 milljóna evra tvíhliða láni frá Norðurlöndunum eða 887,5 milljónir evra og þriðjung tvíhliða láns frá Póllandi eða 210 milljónir af 630 milljónum pólskra zlota.

Tvíhliða lán eru veitt af ríkissjóðum Danmerkur, Færeyja, Finnlands, Póllands og Svíþjóðar í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS. Heildarfjárhæð lánsloforða nemur 230 ma.kr. og eru þau greidd í áföngum. Ríkissjóður hefur dregið á helming af þeirri fjárhæð eða 114 ma.kr. Lánin hafa verið nýtt til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Eins og fram kemur í töflu V-2 átti ríkissjóður ónýttar lánsheimildir að andvirði 116 ma.kr. í árslok 2010. Lánin endurgreiðast á 7 ára tímabili og hefjast afborganir árið 2014.

Útistandandi erlend markaðsskuldabréf námu 216 ma.kr. í árslok 2010. Í töflu V-2 má sjá lista yfir skuldabréfin og stöðu í lok árs 2010. Í desember 2011 er á gjalddaga markaðsskuldabréf sem var upphaflega að fjárhæð 1.000 milljónir evra. Ríkissjóður keypti með afföllum á árinu 362 milljónir evra að nafnvirði úr flokknum á eftirmarkaði og eftir stóðu því 638 milljónir evra. Á næstu árum stefnir ríkissjóður að útgáfu á erlendum mörkuðum. Það fé sem aflast verður notað til að endurfjármagna markaðsskuldabréf og ofangreind tvíhliða lán en afborganir af þeim hefjast árið 2014 og standa til ársins 2021. Í árslok 2010 var búið að kaupa upp 42 milljónir evra af 250 milljóna evra skuldabréfaláni ríkissjóðs með gjalddaga árið 2012. Staða skuldabréfsins var því 208 milljónir evra að nafnvirði. Nýtt markaðsskuldabréf að fjárhæð 402 milljónir evra var gefið út á árinu 2010 vegna kaupa ríkissjóðs á Avens B.V. Lokagjalddagi þess er árið 2025 og dreifast afborganirnar yfir lánstímann.

Auk skuldabréfa er eitt sambankalán ríkissjóðs útistandandi, en upphafleg fjárhæð þess var 300 milljónir evra. Lánið var tekið haustið 2008 með milligöngu Bayerische Landesbank sem jafnframt var leiðandi lánveitandi. Það er á gjalddaga í lok september 2011. Í desember 2010 greiddi ríkissjóður upp 225 milljónir evra af nafnvirði lánsins og voru eftirstöðvar þess því 75 milljónir evra í árslok 2010 eða 11 ma.kr.

**Samningur um skuldabréfaútgáfu á Evrópumarkaði (EMTN-samningur)**

Rammasamningur um skuldabréfaútgáfu á Evrópumarkaði, svokallaður EMTN-samningur (e. Euro Medium Term Note Program), var fyrst undirritaður á árinu 2001. Umsjónaraðili samningsins er Citibank,

Mynd V-3
Endurgreiðsluferill lána ríkissjóðs
31. desember 2010








Tafla V-3 Viðmið fjármálaráðuneytis

| | *Viðmið* | *Staða 31.12.2010* |
|---|---|---|
| Óverðtryggð lán | 60-80% | 66% |
| Verðtryggð lán | 20-40% | 28% |
| Erlend lán | 0-20% | 6% |

*Heimild*: Fjármálaráðuneytið.

en á grundvelli samningsins eru mögulegar bæði opinberar útgáfur og einkaútgáfur. Samningurinn var síðast endurnýjaður sumarið 2008 og nemur hámarksfjárhæð hans nú fimm milljörðum evra. Eins og fram kemur í töflu V-2 eru nú útistandandi fjórar skuldabréfaútgáfur á grundvelli samningsins, samtals að fjárhæð um 1,4 milljarðar evra.

### Ríkisábyrgðir og endurlán

Kveðið er á um ríkisábyrgðir í lögum nr. 121/1997. Ríkissjóður má ekki takast á hendur ríkisábyrgð nema heimild sé veitt til þess í lögum. Vegna áhættu ríkissjóðs skulu teknar fullnægjandi tryggingar að mati Ríkisábyrgðasjóðs, en hann hefur samkvæmt lögunum umsjón með veittum ríkisábyrgðum, skal fylgjast með rekstri þeirra aðila sem fengið hafa ríkisábyrgð og halda skrá yfir skuldbindingar sem ríkisábyrgð hvílir á.

Stærstur hluti ríkisábyrgða er til kominn vegna eignaraðildar ríkissjóðs að Íbúðalánasjóði og Landsvirkjun. Lántökur þessara aðila fara ekki í sama farvegi í gegnum Ríkisábyrgðasjóð og þegar aðilar utan ríkisgeirans óska ríkisábyrgðar á tiltekið lán. Þó er aðilum sem njóta ríkisábyrgðar vegna eignaraðildar ríkissjóðs skylt að fá samþykki fjármálaráðherra á lánskjörum og skilmálum lána sem þeir hyggjast taka erlendis.

### Alþjóðlegt mat á lánshæfi ríkissjóðs

Helstu matsfyrirtækin sem meta lánshæfi ríkissjóðs eru Moody's Investors Service, Fitch Ratings og Standard & Poor's. Seðlabanki Íslands fer með regluleg samskipti við fyrirtækin fyrir hönd ríkissjóðs. Matsfyrirtækin hafa mikil áhrif á lánskjör á alþjóðlegum lánamarkaði og er lánshæfismatið m.a. vísbending um þau vaxtakjör sem lántakandi mun njóta. Í kjölfar bankaáfallsins árið 2008 versnaði lánshæfismat ríkissjóðs til muna.

Lánshæfiseinkunnir Moody's fyrir erlendar og innlendar langtímaskuldbindingar ríkissjóðs voru í árslok Baa3 og fyrir skammtímaskuldbindingar P-3. Þessar einkunnir teljast til fjárfestingarflokks hjá fyrirtækinu. Horfur fyrir þær voru neikvæðar í árslok en þeim hafði til skamms tíma verið breytt í stöðugar í apríl. Breyting á horfum í neikvæðar í júlí átti að sögn Moody's einkum rætur sínar að rekja til dóms Hæstaréttar um ólögmæti gengisbundinna lána og Icesave-deilunnar.

Matsfyrirtækið Fitch Ratings breytti í byrjun árs lánshæfiseinkunnum Ríkissjóðs Íslands í erlendum og innlendum gjaldmiðli til langs tíma úr BBB- í BB+ og erlendri mynt til skamms tíma úr F3 í B með neikvæðum horfum. Hvort tveggja felur í sér lækkun lánshæfiseinkunnar úr fjárfestingarflokki í spákaupmennskuflokk. Í greinargerð Fitch var breytingin á lánshæfismati rakin til ákvörðunar forseta Íslands um að vísa Icesave-samningnum til þjóðaratkvæðagreiðslu. Aðrar breytingar áttu sér ekki stað á árinu af hálfu Fitch Ratings.

Lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs hjá matsfyrirtækinu Standard & Poor's voru í lok árs BBB- og BBB fyrir erlendar og innlendar langtímaskuldbindingar og A-3 fyrir erlendar og innlendar skammtímaskuldbindingar. Lánshæfiseinkunnir voru settar á athugunarlista með neikvæðum horfum í janúar og var meginástæða þess samkvæmt

greinargerð Standard & Poor's óvissa í kjölfar synjunar forseta Íslands á lögum um Icesave. Einkunnir fyrir erlendar skuldbindingar héldust óbreyttar á árinu en einkunnir innlendra skuldbindinga voru lækkaðar um eitt þrep í mars; úr BBB+ í BBB fyrir innlendar langtímaskuldbindingar og úr A-2 í A-3 fyrir innlendar skammtímaskuldbindingar. Horfum var einnig breytt í neikvæðar. Einkunn Standard & Poor´s telst til fjárfestingarflokks.



# VI Alþjóðleg samskipti

Seðlabanki Íslands hefur miklum skyldum að gegna á alþjóðlegum fjármálavettvangi. Bankinn á náið samstarf við aðra seðlabanka og fjölþjóðlegar stofnanir á sviði efnahags- og peningamála.

**Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn**

Seðlabanki Íslands er fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir hönd íslenska ríkisins. Samstarf íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur verið umfangsmikið á árinu. Í tengslum við efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins heimsóttu þrjár sendinefndir Ísland. Auk þessara heimsókna fengu íslensk stjórnvöld tæknilega aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á sviði ríkisfjármála, gjaldeyrisforða, lausafjárstýringar og gjaldeyrishafta. Alls komu þrjár sendinefndir í heimsókn til Íslands í tengslum við tæknilega aðstoð. Tvær endurskoðanir á efnahagsáætlun stjórnvalda voru samþykktar í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Önnur endurskoðun var samþykkt 16. apríl 2010 og að ósk íslenskra stjórnvalda var samþykkt að framlengja lánafyrirgreiðslu sjóðsins um þrjá mánuði eða til 30. ágúst 2011, og verða útgreiðslur lánsins lagaðar að þeirri breytingu. Óskað var eftir framlengingu vegna þeirra tafa sem höfðu orðið á framkvæmd og endurskoðun áætlunarinnar á árinu 2009. Þriðja endurskoðun efnahagsáætlunarinnar var afgreidd í framkvæmdastjórn sjóðsins 29. september og fól í sér að fjórði áfangi lánafyrirgreiðslunnar að fjárhæð 105 milljónir SDR var til reiðu. Í tengslum við fjórðu endurskoðun átti sendinefnd sjóðsins fundi með íslenskum stjórnvöldum í nóvember, en fjórða endurskoðun var samþykkt 10. janúar 2011. Í lok árs nam ádráttur á lánafyrirgreiðslu sjóðsins 875 milljónum SDR eða jafnvirði 158 milljarða króna. Ádráttur á lánsheimildir frá Færeyjum, Póllandi og Norðurlandaþjóðunum sem veittar voru samhliða efnahagsáætluninni nam að jafnvirði samtals um 150 milljörðum króna í lok ársins. Allar skýrslur í tengslum við efnahagsáætlunina og lánafyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru birtar á heimasíðu Seðlabanka Íslands.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri var fulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ísland starfar með Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og myndar kjördæmi með þeim. Sameiginlega kjósa þessi lönd einn fastafulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins sem í sitja alls 24 fulltrúar. Fulltrúi kjördæmisins í framkvæmdastjórn sjóðsins í Washington á árinu 2010 var Daninn Per Callesen. Fulltrúi kjördæmis Norðurlanda og Eystrasaltslanda í stjórnarnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á vorfundi var Erkki Liikanen, en á ársfundi sjóðsins kom það í hlut norska fjármálaráðherrans Sigbjørns Johnsen. Fundir stjórnarnefndarinnar fóru fram í höfuðstöðvum sjóðsins í Washington D.C. í apríl og í október. Í tengslum við fundina voru birtar á heimasíðu Seðlabankans greinargerðir skrifstofu Norðurlanda og Eystrasaltslanda hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um þau málefni sem hæst bar í starfi sjóðsins og framkvæmdastjórnarinnar. Einnig voru birt sameiginleg ávörp fulltrúa landanna átta á ársfundi sjóðsins og fundum stjórnarnefndarinnar.

**Alþjóðagreiðslubankinn í Basel**

Seðlabanki Íslands er hluthafi í Alþjóðagreiðslubankanum í Basel í Sviss (e. Bank for International Settlements). Bankinn er mikilvægur samráðsvettvangur seðlabanka auk þess að vera upplýsinga- og rannsóknarstofnun á sviði peningamála og fjármálastöðugleika. Seðlabankastjóri og aðrir starfsmenn Seðlabankans taka reglulega þátt í ýmsu starfi á vettvangi Alþjóðagreiðslubankans.

**Efnahags- og framfarastofnunin**

Fulltrúar Seðlabanka Íslands tóku á árinu þátt í ýmsu starfi á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Meðal þeirra eru efnahagsstefnunefndin og undirnefnd hennar, fjármagnsmarkaðsnefndin, og sérfræðinganefnd um lánamál opinberra aðila. Sérfræðingar OECD koma reglulega til Íslands til að kynna sér framvindu efnahagsmála og gefa reglulega út skýrslur sem lýsa mati stofnunarinnar á efnahagsaðstæðum.

**Samstarf við seðlabanka**

Seðlabanki Íslands átti á árinu margvíslegt samstarf við aðra seðlabanka. Samstarf við seðlabanka á Norðurlöndum hefur löngum verið náið. Þá er reglubundið samstarf við Seðlabanka Evrópu og aðra evrópska seðlabanka, þ.m.t. seðlabanka í Eystrasaltslöndum sem hefur farið vaxandi. Á árinu var auk þess samstarf við Seðlabanka Lúxemborgar vegna kaupa á evruskuldabréfum Avens. Ennfremur var samstarf við Seðlabankann í Póllandi. Á árinu var skrifað undir tvíhliða gjaldmiðlaskiptasamning á milli Seðlabanka Kína og Seðlabanka Íslands.

**Aðrar fjármálastofnanir**

Í tengslum við vörslu gjaldeyrisforðans, umsjón með erlendum lánamálum ríkissjóðs og önnur viðfangsefni á bankinn samstarf við fjölmargar erlendar fjármálastofnanir.



# VII Sérstök verkefni

**Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ)**

Í kjölfar bankahrunsins á Íslandi eignaðist Seðlabanki Íslands umtalsverðar kröfur á innlend fjármálafyrirtæki, sem tryggðar eru með veðum af ýmsum toga. Hluti þessara krafna var færður til ríkissjóðs eftir bankahrunið, en Seðlabankinn veitti ríkissjóði ráðgjöf um meðferð þeirra krafna. Megnið af vinnunni á árinu 2009 fór í að undirbúa kröfulýsingar á þrotabú fjármálafyrirtækja en á árinu 2010 tók hin eiginlega eignaumsýsla við.

Í lok árs 2009 voru umræddar eignir fluttar yfir í sérstakt dótturfélag Seðlabankans sem ber heitið Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ). Annað dótturfélag Seðlabankans, Sölvhóll ehf., er rekstrarfélag sem hefur það hlutverk að hámarka virði þeirra eigna sem eru í eignarhaldsfélaginu (ESÍ) og koma þeim í verð þegar markaðsaðstæður leyfa, með samþykki stjórnar ESÍ. Með þessu skipulagi hefur náðst betri aðgreining á þeim rekstri og þeim eignum sem tengjast bankahruninu og síðan hefðbundinni starfsemi Seðlabankans.

Í lok árs 2010 nam efnahagur ESÍ 395 ma.kr. og var 30% af heildarefnahag Seðlabankans. Eignir ESÍ höfðu lækkað um 96 ma.kr. frá því í lok árs 2009 eða um tæp 20% sem má að mestu leyti rekja til niðurgreiðslu skulda gagnvart Seðlabankanum vegna endurheimta. Hagnaður félagsins nam 2,1 ma.kr. fyrir skatta.

**Gjaldeyriseftirlit**

Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands var formlega sett á fót sem sérstök deild innan Seðlabankans í september 2009. Meginverkefni gjaldeyriseftirlitsins á árinu 2010 hafa verið almennt eftirlit með lögum og reglum um gjaldeyrismál, rannsókn mála vegna meintra brota á gjaldeyrisreglum, afgreiðsla og ákvarðanataka varðandi beiðnir um undanþágur frá reglum um gjaldeyrismál, endurskoðun reglna um gjaldeyrismál og almennt leiðbeiningar- og upplýsingahlutverk gagnvart einstaklingum og lögaðilum.

Í júní 2010 tóku gildi lög nr. 78/2010, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 og tollalögum. Með þeim eru Seðlabankanum veittar heimildir til að rannsaka meint brot á lögum og reglum um gjaldeyrismál, en áður heyrðu þessar heimildir undir starfssvið Fjármálaeftirlitsins. Þessi lög tryggja Seðlabankanum þau úrræði og heimildir sem þörf er á við rannsókn þessara mála. Í þeim felast heimildir til gagnaöflunar vegna rannsókna á meintum brotum, heimildir til skýrslutöku vegna rannsókna, heimild til að leggja stjórnvaldssektir á einstaklinga og lögaðila vegna brota og eftir atvikum skylda til að kæra meiri háttar brot á lögunum til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Breytingar á lögunum sem tóku gildi í júní 2010 hafa það ennfremur í för með sér að ákvarðanir Seðlabankans um undanþágur frá reglum um gjaldeyrismál eru ekki lengur kæranlegar til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins eins og þær voru fram til þess tíma sem lögin tóku gildi, en unnt er að bera þær undir dómstóla eins og aðrar stjórnsýsluákvarðanir.

Endurskoðun reglna um gjaldeyrismál skal fara fram innan sex mánaða frá gildistöku þeirra. Núgildandi reglur nr. 370/2010 voru endurútgefnar í október 2010.

Á árinu 2010 voru fjölmörg mál til eftirlits og rannsóknar hjá gjaldeyriseftirlitinu. Fram til júní 2010, meðan Seðlabankanum bar að tilkynna brot á gjaldeyrislögum til Fjármálaeftirlitsins, voru 6 mál tilkynnt þangað. Eftir að lögunum var breytt kærði Seðlabankinn 4 mál til efnahagsbrotadeildarinnar árið 2010.

Gjaldeyriseftirlitinu bárust 762 undanþágubeiðnir frá reglum um gjaldeyrismál á árinu 2010. Þar af var 431 samþykkt, 178 hafnað, 28 hafnað að hluta og 83 voru afgreiddar með öðrum hætti, þær afturkallaðar eða afgreiddar með leiðbeiningum. Í lok ársins voru 42 beiðnir óafgreiddar.

Skráð nýfjárfesting á grundvelli ákvæðis 13. gr. reglna um gjaldeyrismál, jafngilti árið 2010 um 13,5 milljörðum króna í erlendum gjaldeyri, í 117 tilvikum.





**Þjóðhátíðarsjóður**

Árið 2010 var 33. starfsár Þjóðhátíðarsjóðs. Stjórn sjóðsins ákvað árið 2010 að verja á árinu 2011 35 m.kr. til 59 styrkþega, og var þetta jafnframt síðasta almenna úthlutun sjóðsins.



# VIII Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið

### Reikningsskil Seðlabanka Íslands

Í 32. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 segir að um gerð ársreiknings Seðlabanka Íslands fari eftir lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju. Ráðherra setji nánari reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabankans. Núgildandi reglur voru settar árið 2005. Uppgjör ársreikningsins nú byggist því á sömu grundvallarreglum og uppgjörið árið 2009. Lítils háttar breytingar hafa þó verið gerðar á framsetningu einstakra liða og er gerð grein fyrir þeim í skýringum við ársreikninginn sem birtur er síðar í þessari skýrslu.

### Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands

Samkvæmt rekstrarreikningi varð tap af rekstri Seðlabanka Íslands á árinu 2010 að fjárhæð 13.499 milljónir króna en til samanburðar var hagnaður árið á undan 500 milljónir króna. Að gengismun slepptum varð 5.697 milljóna króna tap af rekstri Seðlabankans á árinu 2010 samanborið við 2.523 milljóna króna tap á árinu 2009. Hér til hliðar er tafla sem sýnir breytingu á helstu flokkum rekstrarreiknings bankans. Framlag bankans til ríkissjóðs verður ekkert vegna starfsemi bankans á árinu 2010, enda nam tap 5.697 milljónum króna áður en tekið er tillit til gengisendurmats. Gengistap á árinu 2010 var alls 6.933 milljónir króna, en gengi krónunnar hækkaði um tæplega 12% á árinu.

Eins og fram kemur í töflunni var neikvæð breyting á afkomu bankans um 13.999 milljónir miðað við árið á undan. Hreinar vaxtatekjur lækkuðu um 2.469 milljónir króna sem skýrist fyrst og fremst af því að hreinar vaxtatekjur af innlendum eignum lækkuðu um 4.822 milljónir milli ára, en hækkunin á hreinum vaxtatekjum af erlendum eignum var á hinn bóginn 2.353 milljónir milli ára. Í innlendum eignum var stærsta breytingin á hreinum vaxtatekjum af verðtryggðum verðbréfum sem lækkuðu um 22.728 milljónir milli ára vegna lægri vaxta og verðbólguáhrifa, auk þess sem vextir greiddir ríkissjóði jukust um 13.668 milljónir króna. Aðrar rekstrartekjur bankans lækkuðu um 1.954 milljónir króna sem skýrist einkum af verðendurmati á erlendum verðbréfum sem lækkuðu um 2.571 milljón króna vegna lækkandi markaðsverðs. Rekstrargjöld bankans lækkuðu milli ára sem skýrist einkum af því að á árinu 2009 var aukinn kostnaður tengdur sérfræðiráðgjöf vegna bankahrunsins. Eignir bankans námu alls 1.326 milljörðum króna í árslok 2010 en voru til samanburðar 1.178 milljarðar króna í lok ársins 2009. Erlendar eignir í gjaldeyrisforðanum hækkuðu á árinu um 180 milljarða króna. Raunaukning forðans var fjármögnuð með lántökum, annars vegar láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem nam 37,4 milljörðum króna á árslokagengi og hins vegar lánum frá Norðurlöndunum sem námu samtals 112,0 milljörðum króna á árslokagengi. Lánin frá Norðurlöndunum eru annars vegar veitt ríkissjóði sem leggur síðan andvirðið inn á reikninga í Seðlabankanum og eykur þannig við gjaldeyrisforðann og hins vegar bein lántaka Seðlabankans.

Tafla VIII-1 Helstu liðir rekstrarreiknings

| *(Tölur í milljónum kr.)* | *2010* | *2009* | *Breyting* |
|---|---|---|---|
| Afkoma ársins | (13.499) | 500 | (13.999) |
| *Breyting greinist þannig:* | | | |
| Hreinar vaxtatekjur | 12.760 | 15.229 | (2.469) |
| Aðrar tekjur | 4.870 | 6.824 | (1.954) |
| Rekstrargjöld | 2.047 | 2.502 | (455) |
| Afskrift útlána | 21.280 | 22.073 | (793) |
| Framlag í ríkissjóð | 0 | 0 | 0 |
| Gengismunur | (6.933) | 3.023 | (9.956) |
| Tekjuskattur | (869) | 0 | (869) |
| Afkoma ársins, sbr.ofar | (13.499) | 500 | (13.999) |

Erlendar skuldir hækkuðu um 77 milljarða króna og skýrist sú hækkun af því að innstæður erlendra aðila hækkuðu um 30 milljarða króna og tekin voru ný lán til aukningar gjaldeyrisforðans að jafnvirði 47 milljarðar króna.

Gjaldeyrisinnstæður innlánsstofnana og fjármálastofnana hækkuðu um 53 milljarða króna á milli ára þar sem helsta hækkunin var í bundnum gjaldeyrisinnstæðum.

Gjaldfallin lán lækkuðu um 389 milljarða króna milli ára sem skýrist af endurgreiðslum og skuldabreytingum.

Í árslok 2010 námu erlendar eignir bankans um 50% af heildareignum. Í lok ársins á undan námu erlendar eignir bankans 41% af heildareignum. Ársreikningur bankans er birtur aftar í skýrslunni auk ítarlegra skýringa á einstökum liðum.

Tafla VIII-2 Helstu liðir efnahagsreiknings

| *(Tölur í milljónum kr.)* | *2010* | *2009* | *Breyting* |
|---|---|---|---|
| Eigið fé: | 69 | 83 | -13 |
| Breyting greinist þannig: | | | |
| Eignir: | | | |
| Erlendar eignir í gjaldeyrisforða | 665 | 485 | 180 |
| Útlán til banka og fjármálastofnana | 379 | 523 | -143 |
| Ríkissjóður | 172 | 165 | 6 |
| Aðrar eignir | 110 | 5 | 105 |
| Skuldir: | | | |
| Erlendar skuldir | -281 | -204 | -77 |
| Seðlar og mynt | -38 | -29 | -9 |
| Innstæður banka og fjármálastofnana | -207 | -169 | -37 |
| Gjaldeyrisinnstæður banka og fjármálastofnana | -282 | -229 | -53 |
| Innstæður ríkissjóðs | -427 | -447 | 20 |
| Aðrar skuldir | -23 | -18 | -5 |
| Eigið fé bankans, sbr. ofar | 69 | 83 | -13 |

## Bankaráð Seðlabanka Íslands

Í lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 segir að í bankaráði Seðlabanka Íslands skuli sitja sjö fulltrúar. Bankaráðið var þannig skipað á árinu að formaður var Lára V. Júlíusdóttir, en aðrir aðalfulltrúar voru Ragnar Arnalds, Björn Herbert Guðbjörnsson, Hildur Traustadóttir, Ragnar Árnason, Katrín Olga Jóhannesdóttir og Daniel Gros.

## Seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri

Á árinu gegndi Már Guðmundsson embætti seðlabankastjóra, en hann var skipaður til fimm ára frá og með 20. ágúst 2009. Arnór Sighvatsson gegndi embætti aðstoðarseðlabankastjóra, en hann var skipaður til fjögurra ára frá og með 1. júlí 2009.

## Skipulag bankans

Starfsemi bankans skiptist í sex meginsvið. Skrifstofa bankastjóra tilheyrir ekki meginsviðum bankans en hún annast almennt skrifstofuhald fyrir bankastjóra, hefur umsjón með kynningarstarfsemi og upplýsingamiðlun bankans, ritstjórn ársskýrslu og heimasíðu. Skrifstofa bankastjóra annast einnig regluleg samskipti við erlendar fjármálastofnanir önnur en fjármálaviðskipti, annast samskipti við alþjóðleg matsfyrirtæki og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Lögfræðingar á skrifstofu bankastjóra annast margvíslega samningagerð fyrir hönd bankans, frágang löggerninga og skuldaskjala. Þá taka þeir þátt í undirbúningi laga og reglugerða og gerð lögfræðilegra álita. Safnadeild heyrir undir skrifstofu bankastjóra og annast bókasafn bankans auk myntsafns Seðlabankans og Þjóðminjasafns.

Gjaldeyriseftirlit er ný deild sem heyrir beint undir bankastjóra. Verkefni gjaldeyriseftirlits er að fylgjast með að lögum og reglum um gjaldeyrismál sé framfylgt. Ennfremur tekur eftirlitið þátt í endurskoðun reglna, birtingu leiðbeininga og túlkun þeirra. Gjaldeyriseftirlit sér einnig um afgreiðslu beiðna um undanþágur frá reglum um gjaldeyrishömlur. Þá hefur gjaldeyriseftirlitið heimildir til að rannsaka meint brot á lögum og reglum um gjaldeyrismál.

Alþjóða- og markaðssvið annast umsjón með innlendum peninga- og gjaldeyrismarkaði og viðskipti við innlendar fjármálastofnanir. Sviðið sér um vörslu og ávöxtun gjaldeyrisforða bankans ásamt umsjón með lánamálum ríkissjóðs, Ríkisábyrgðasjóði og Endurlánum ríkissjóðs.

Sviðið sér einnig um þau samskipti við erlendar fjármálastofnanir sem snúa að viðskiptum Seðlabankans og ríkissjóðs.

Fjárhagssvið hefur umsjón með fjárhagsupplýsingum bankans og dótturfélaga hans, ásamt því að sjá um bókhald sjóðs Þjóðhátíðargjafar Norðmanna og Grænlandssjóðs sem er í vörslu bankans. Sviðið sér um innlausn spariskírteina og um umsýslu erlendra lána ríkissjóðs. Þá hefur sviðið umsjón með SWIFT-kerfi bankans og greiðslum fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki. Ennfremur sér sviðið um rekstur á greiðslukerfum bankans. Starfsemi sviðsins skiptist í tvær einingar, bókhaldsdeild og bakvinnsludeild.

Viðfangsefni fjármálasviðs lúta að stöðugleika og virkni fjármálastofnana og -markaða. Starfsemi sviðsins skiptist í þrjár einingar sem lúta að fjármálastöðugleika, þ.e. fjármálakerfi, greiðslukerfi og rannsóknir og viðbúnaður, en einnig heyra fjárhirslur undir fjármálasvið. *Fjármálakerfi* annast greiningu á fjármálafyrirtækjum og uppbyggingu fjármálakerfisins sem og eftirlit með varúðarreglum Seðlabankans. *Greiðslukerfi* hefur yfirumsjón með mikilvægustu greiðslu- og uppgjörskerfum, mótun stefnu varðandi þróun kerfanna, setningu reglna, stuðning við markaðslausnir og rekstur auk yfirsýnar með greiðslukerfum. *Rannsóknir og viðbúnaður* sér um rannsóknir sem lúta að mati á fjármálastöðugleika ásamt verkefnum í viðbúnaðarmálum. Fjárhirslur annast útgáfu og meðferð seðla og myntar. Sviðið hefur umsjón með útgáfu bankans á árlegri skýrslu hans, *Fjármálastöðugleika*.

Hagfræðisvið annast rannsóknir á sviði efnahags- og peningamála, gerir verðbólgu- og þjóðhagsspár, tekur þátt í mótun stefnu í gengis- og peningamálum, greinir þróun innlendra og erlendra efnahags- og peningamála, þ.m.t. þjóðhagslega þætti fjármálastöðugleika, og hefur umsjón með útgáfu ýmissa rita bankans, þ.e. *Peningamála, Hagvísa, Working Papers, Efnahagsmála* og *Economy of Iceland.* Hagfræðisvið skiptist í tvær einingar, annars vegar greiningar- og útgáfudeild og hins vegar rannsóknar- og spádeild.

Rekstrarsvið annast rekstur og umsýslu eigna og lausafjármuna bankans, öryggismál, innkaup, gerð rekstraráætlana og útgjaldaeftirlit. Sviðið annast einnig starfsmannahald bankans og launamál og undir það heyra ýmis viðfangsefni sem lúta að innanhússþjónustu. Þá sér sviðið um skjalahald bankans.

Upplýsingasvið annast öflun, skráningu og úrvinnslu tölfræðilegra gagna sem Seðlabankinn safnar vegna starfsemi sinnar, rekur tölvukerfi bankans og gagnagrunna. Bankinn safnar skipulega upplýsingum um innlendan lánamarkað, greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Flestar stofnanir og fyrirtæki á innlendum lánamarkaði veita mánaðarlega upplýsingar um efnahagsliði. Auk þess er lánastofnunum skylt að veita Seðlabankanum upplýsingar um vexti jafnóðum og þeir breytast. Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins eru gerð upp ársfjórðungslega. Upplýsingar þessar leggja grunn að mati bankans á mikilvægum þáttum peningamála og reglulegri birtingu tölulegra gagna í ritum bankans og á vefsíðu hans. Seðlabankinn birtir tölulegar upplýsingar sínar í Hagtölum Seðlabankans á heimasíðu sinni. Allt efni Hagtalnanna er einnig aðgengilegt á ensku. Upplýsingasvið skiptist í fimm einingar, fjármálafyrirtæki, greiðslujöfnuð, markaði, hugbúnað og þjónustu.

Mynd VIII-1

Fjöldi starfsmanna hjá Seðlabanka Íslands

1980-2010




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.





## Starfslið

Á árinu 2010 urðu miklar breytingar á starfsliði bankans. Alls hættu 29 störfum, fóru á eftirlaun eða í leyfi, en 25 voru ráðnir til starfa. Fjöldi sumarstarfsmanna var svipaður og áður. Átta hættu störfum og fóru á eftirlaun: Karl G. Smith, rekstrarsviði, eftir rúmlega 54 ára starf, Árni Þórðarson, fjárhagssviði, eftir tæplega 41 árs starf, Alf H. Pedersen, fjárhagssviði, eftir 40 ára starf, Jóhann G. Friðjónsson, rekstrarsviði, eftir tæplega 24 ára starf, Gunnlaugur Magnússon, rekstrarsviði, eftir tæplega 23 ára starf, Ólafía Egilsdóttir, rekstrarsviði, eftir rúmlega 21 árs starf, Þorsteinn Þorvaldsson, rekstrarsviði, eftir tæplega 13 ára starf og Hannes Ólafsson Nyman, rekstrarsviði, eftir rúmlega 10 ára starf.

Erla Guðmundsdóttir var sett tímabundið staðgengill framkvæmdastjóra fjárhagssviðs og forstöðumaður yfir bókhaldsdeild. Lilja Dögg Alfreðsdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra skrifstofu bankastjóra, fór í tímabundið leyfi til starfa hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Starfsmönnum í gjaldeyriseftirliti fjölgaði um sex, um fjóra á hagfræðisviði og um einn á skrifstofu bankastjóra. Starfsmönnum á rekstrarsviði fækkaði um 12, að stærstum hluta við að öryggisvörslu bankans var úthýst.

Á árinu 2010 ákvað stjórn Seðlabanka Íslands að fela Securitas að annast öryggisvörslu bankans ásamt hluta af verkefnum húsvörslu. Öryggisvarslan var þar með lögð niður en í þeirri deild störfuðu átta starfsmenn og létu fjórir þeirra af störfum hjá bankanum og fjórir fóru á eftirlaun. Einn húsvörður lét af störfum.

Starfsmenn í árslok 2010 voru 134 að tölu (þá er starfsfólk í ræstingu ekki meðtalið), 67 karlar og 67 konur. Starfsgildi voru 129,1 en sjö starfsmenn eru í hlutastarfi eða í 5,1 starfsgildi, og af 6 starfsmönnum við sameiginlegt mötuneyti og húsvörslu voru 3 vegna hlutdeildar Reiknistofu bankanna.

Starfsmenn dótturfélaga Seðlabanka Íslands voru í árslok 13, þar af 10 í Greiðsluveitunni ehf. og 3 í Sölvhóli ehf.

## Kjarasamningar

Flestir starfsmenn Seðlabanka Íslands eru í Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja og fá greidd laun samkvæmt kjarasamningi samtakanna og Seðlabankans. Kjarasamningar SSF runnu út í lok árs 2010 og eru viðræður nú í gangi um nýjan samning.

## Jafnréttisstefna

Bankastjórn staðfesti jafnréttisáætlun fyrir bankann í fyrsta sinn árið 1996. Á grundvelli hennar hefur jafnréttisnefnd starfað í bankanum frá þeim tíma. Jafnréttisáætlunin hefur verið endurnýjuð reglulega, síðast 2007, og um leið var staðfest jafnréttisstefna.

# Stjórn Seðlabanka Íslands og starfsmenn 31. desember 2010

## Bankaráð

*Aðalmenn*

Lára V. Júlíusdóttir, formaður
Ragnar Arnalds, varaformaður
Björn Herbert Guðbjörnsson
Hildur Traustadóttir
Ragnar Árnason
Katrín Olga Jóhannesdóttir
Daniel Gros

*Varamenn*

Margrét Kristmannsdóttir
Anna Ólafsdóttir Björnsson
Sigrún Elsa Smáradóttir (kosin 21. október 2010)
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Birgir Þór Runólfsson
Ingibjörg Ingvadóttir
Friðrik Már Baldursson

## Seðlabankastjóri

Már Guðmundsson

## Aðstoðarseðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson

*Yfirmenn*

| | |
|---|---|
| Alþjóða- og markaðssvið: | Sigurður Sturla Pálsson framkvæmdastjóri |
| Fjárhagssvið: | Kristín Hannesdóttir framkvæmdastjóri |
| Fjármálasvið: | Tryggvi Pálsson framkvæmdastjóri |
| Hagfræðisvið: | Þórarinn G. Pétursson aðalhagfræðingur |
| Lögfræðingar: | Sigríður Logadóttir aðallögfræðingur |
| Rekstrarsvið: | Ingvar A. Sigfússon rekstrarstjóri |
| Skrifstofa bankastjóra: | Jón Þ. Sigurgeirsson framkvæmdastjóri |
| Upplýsingasvið: | Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri |
| Gjaldeyriseftirlit: | Ingibjörg Guðbjartsdóttir forstöðumaður |
| | Þuríður Árnadóttir, settur forstöðumaður |

# Starfsmenn

## SKRIFSTOFA BANKASTJÓRA
Bára Brynjólfsdóttir
Björn Gunnar Ólafsson
Hrafnhildur Ýr Bernharðsdóttir
Jón Þorvarður Sigurgeirsson
Ragnheiður Jónsdóttir
Stefán Jóhann Stefánsson
Þorsteinn Þorgeirsson

### *Lögfræðingar*
Ragnar Árni Sigurðarson
Sigfús Gauti Þórðarson
Sigríður Logadóttir

### *Gjaldeyriseftirlit*
Einar Örn Þorvaldsson
Freyja Vilborg Þórarinsdóttir
Guðjón Viðar Valdimarsson
Guðmundur Sigbergsson
Hilmar Vilberg Gylfason
Hreiðar Eiríksson
Ingibjörg Guðbjartsdóttir
Jón Karlsson
Pétur Steinn Pétursson

### *Safnadeild*
Anton Holt
Guðbjörg Þórarinsdóttir
Magný Gyða Ellertsdóttir
Sigurborg Brynja Ólafsdóttir
Sigurþór Sigurðsson
Valborg Stefánsdóttir

## ALÞJÓÐA- OG MARKAÐSSVIÐ
Anna Karen Arnarsdóttir
Auður Gústafsdóttir
Bergur Barðason
Björgvin Sighvatsson
Freyr Hermannsson
Gerður Ísberg
Hafsteinn Hafsteinsson
Halldór Sveinn Kristinsson
Hallgrímur Ólafsson
Helga Rún Helgadóttir
Kjartan Hauksson
Oddgeir Gunnarsson
Sigurður Freyr Magnússon
Sigurður Sturla Pálsson
Sigurður Thoroddsen
Viðar Rúnar Geirsson

## FJÁRHAGSSVIÐ
Anna Sveins Árnadóttir
Arndís Leifsdóttir
Berglind Ósk Björgvinsdóttir
Erla Guðmundsdóttir
Guðrún Elín Herbertsdóttir
Hafdís Helgadóttir
Halldóra Konráðsdóttir
Helga Guðrún Lárusdóttir
Ísólfur Sigurðsson
Jónína Guðbjartsdóttir
Kristín Hannesdóttir
Margrét Einarsdóttir
Oddný Lára Eiríksdóttir
Oddrún Jónasdóttir

## FJÁRMÁLASVIÐ
Aðalbjörg Jóhanna Helgadóttir
Bryndís Ásbjarnardóttir
Eggert Þröstur Þórarinsson
Elín Kristjana Sighvatsdóttir
Guðmundur Kristján Tómasson
Harpa Jónsdóttir
Jónas Þórðarson
Páll Kolka Ísberg
Tryggvi Pálsson

### *Fjárhirslur*
Auður Gísladóttir
Ingveldur S. Kristjánsdóttir
Jóhanna Pétursdóttir
Kolbrún Jóhannsdóttir
Kristján Guðmundsson
Sigríður Ketilsdóttir
Stefán Arnarson

## HAGFRÆÐISVIÐ
Ásgeir Daníelsson
Bjarni Geir Einarsson
Guðjón Emilsson
Guðrún Yrsa Richter
Gunnar Gunnarsson
Helga Guðmundsdóttir
Hörður Garðarsson
Jósef Sigurðsson
Karen Áslaug Vignisdóttir
Lilja Guðrún Jóhannsdóttir
Magnús Fjalar Guðmundsson
Marías Halldór Gestsson
Markús K. Möller
Ólafur Garðar Halldórsson
Ólafur Örn Klemensson
Rannveig S. Sigurðardóttir
Regína Bjarnadóttir
Rósa Björk Sveinsdóttir
Svava Jóhanna Haraldsdóttir
Þórarinn Gunnar Pétursson

## REKSTRARSVIÐ
Birna Kristín Jónsdóttir
Eva Benediktsdóttir
Ingvar Alfreð Sigfússon
Kristín Gunnarsdóttir
Þórður Gautason

### *Húsvarsla/ræsting*
Bogey Hreiðarsdóttir
Guðný Harpa Hallgrímsdóttir
Hildur Hrönn Hreiðarsdóttir
Karítas Kristín Ísaksdóttir
Marteinn Jóhannesson
Olga Aðalbjörg Björnsdóttir
Ragnheiður Elva Rúnarsdóttir
Rita Sigurðardóttir
Sigurlaug Jósepsdóttir
Sólveig Kristinsdóttir

### *Mötuneyti*
Guðlaug Erla Ingólfsdóttir
Guðrún Sigríður Guðmundsdóttir
Janthuan Uansa-Ard
Sigríður Laufey Gunnarsdóttir
Sigurberg Jónsson

### *Prentun og umbrot*
Sigríður María Jónsdóttir
Sigurborg Steingrímsdóttir
Sveinn Auðunn Blöndal

### *Ritarar*
Hrafnhildur Georgsdóttir
Klara Jóhannsdóttir
Þórey Þórarinsdóttir

### *Skjalastöð*
Eva Sóley Sigurðardóttir
Guðrún Sigmarsdóttir
Hilmar Gunnþór Garðarsson
Sveinbjörg Rut Helgadóttir

### *Umsjón bifreiða/orlofshúsa*
Garðar Halldórsson

## UPPLÝSINGASVIÐ
Arnar Freyr Guðmundsson
Bryndís Pétursdóttir
Einar Örn Ólafsson
Eva Hjördís Bjarnadóttir
Fjóla Agnarsdóttir
Guðmundur Harðarson
Gylfi Vilberg Árnason
Hrönn Helgadóttir
Jakob Gunnarsson
Karl Jóhann Magnússon
Lárus Jóhannesson
Lilja Anna Gunnarsdóttir
Margrét Sigríður Guðjónsdóttir
Mark Townley
Pétur Örn Sigurðsson
Ríkarður Bergstað Ríkarðsson
Steinar Örn Erlendsson
Svava Óskarsdóttir
Tómas Örn Kristinsson
Tryggvi Eyvindsson
Örn Jónasson

SEÐLABANKI ÍSLANDS

# ÁRSREIKNINGUR 2010

# Áritun óháðra endurskoðenda

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Seðlabanka Íslands fyrir árið 2010. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu yfirstjórnar Seðlabanka Íslands, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

*Ábyrgð stjórnenda á samstæðuársreikningnum*

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

*Ábyrgð endurskoðenda*

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í samstæðuársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á samstæðuársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits Seðlabanka Íslands sem varðar gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð samstæðuársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Álit*

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Seðlabanka Íslands á árinu 2010, efnahag hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 29. mars 2011

Deloitte hf.

Benóní Torfi Eggertsson
endurskoðandi

Jón Rafn Ragnarsson
endurskoðandi

## Staðfesting yfirstjórnar Seðlabanka Íslands

Bankaráð og bankastjóri Seðlabanka Íslands staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. mars 2011





### Áritun bankaráðs

*Lára V. Júlíusdóttir*
*formaður*

*Ragnar Arnalds*
*Hildur Traustadóttir*
*Friðrik Már Baldursson*

*Björn Herbert Guðbjörnsson*
*Ragnar Árnason*
*Ingibjörg Ingvadóttir*

### Áritun seðlabankastjóra

*Már Guðmundsson*

## Staðfesting efnahags- og viðskiptaráðherra

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda, bankaráðs og seðlabankastjóra staðfestist reikningurinn hér með.

Reykjavík, 30. mars 2011

*Árni Páll Árnason*

# Rekstrarreikningur ársins 2010

| | *Skýringar* | *2010* | *2009* |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur** | | | |
| Af innlendum eignum | 20 | 37.958.088 | 67.165.053 |
| Af erlendum eignum | 20 | 11.125.305 | 9.340.025 |
| | | 49.083.393 | 76.505.078 |
| **Vaxtagjöld** | | | |
| Af innlendum skuldum | 20 | 27.783.299 | 50.642.966 |
| Af erlendum skuldum | 20 | 8.540.466 | 10.633.445 |
| | | 36.323.765 | 61.276.411 |
| Hreinar vaxtatekjur | | 12.759.628 | 15.228.667 |
| **Aðrar rekstrartekjur** | | | |
| Þjónustutekjur | | 380.656 | 445.089 |
| Þjónustugjöld | | (249.087) | (253.789) |
| Tekjur af hlutafjáreign | | 137.185 | 55.554 |
| Verðendurmat erlendra verðbréfa og láns | | 975.851 | 3.547.100 |
| Verðendurmat gulls | | 2.564.501 | 1.668.139 |
| Gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum | | 727.842 | 1.361.499 |
| Hagnaður af sölu eigna | | 186.760 | 0 |
| Endurmat á Greiðsluveitunni | | 146.625 | 0 |
| | | 4.870.333 | 6.823.593 |
| Hreinar rekstrartekjur | | 17.629.961 | 22.052.260 |
| **Önnur rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 13, 14 | 1.316.123 | 1.324.140 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 642.847 | 872.061 |
| Kostnaður af seðlum og mynt | | 9.886 | 211.494 |
| Afskriftir fastafjármuna | 7 | 78.642 | 94.335 |
| | | 2.047.498 | 2.502.030 |
| Virðisrýrnun krafna | | 21.279.537 | 22.073.493 |
| | | 23.327.035 | 24.575.523 |
| Tap ársins án framlags | | (5.697.074) | (2.523.264) |
| Framlag í ríkissjóð | | 0 | 0 |
| Tap án gengismunar | | (5.697.074) | (2.523.264) |
| Gengismunur | 17 | (6.933.007) | 3.023.442 |
| (Tap) hagnaður ársins fyrir skatta | | (12.630.081) | 500.178 |
| Tekjuskattur 18% | | (868.785) | 0 |
| **(Tap) hagnaður ársins** | | (13.498.866) | 500.178 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Efnahagur 31. desember 2010

*EIGNIR*

| | Skýringar | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Erlendar eignir** | | | |
| Bankainnstæður | | 433.260.412 | 241.054.034 |
| Gulleign | 6 | 10.426.358 | 8.663.849 |
| Verðbréf | 6, 22 | 217.821.305 | 231.573.927 |
| Gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn | 8 | 3.321.985 | 3.648.662 |
| Erlendar eignir utan gjaldeyrisforða | | 1.689.602 | 190.046 |
| Erlendar eignir | | 666.519.662 | 485.130.518 |
| **Innlendar eignir** | | | |
| *Innlánsstofnanir* | | | |
| Lán gegn veði og daglán | | 41.819.956 | 10.949.172 |
| Erlend lán til banka | | 0 | 3.076.555 |
| Gengisbundnar kröfur | | 103.224.534 | 8.120.917 |
| Aðrar kröfur | | 121.112.038 | 6.722.016 |
| Innstæður | | 304.272 | 0 |
| | | 266.460.800 | 28.868.660 |
| *Aðrar fjármálastofnanir* | | | |
| Markaðsskráð verðbréf | | 11.039.789 | 3.132.781 |
| Gjaldfallin veðlán og daglán | 4 | 101.951.118 | 328.411.553 |
| Gengisbundin gjaldfallin lán | 4 | 0 | 162.202.466 |
| | | 112.990.907 | 493.746.800 |
| *Ríkissjóður* | | | |
| Verðbréf vegna yfirtöku veðlána | 4 | 164.388.390 | 161.141.869 |
| Erlend verðbréf | | 6.136.176 | 4.256.573 |
| Tekjuskattsinneign | | 1.200.000 | 0 |
| | | 171.724.566 | 165.398.442 |
| *Aðrir aðilar* | | | |
| Ýmsir reikningar | | 2.157.493 | 132.975 |
| Verðbréf | | 9.782 | 50.514 |
| Gengisbundnar kröfur | | 81.745.582 | 0 |
| Aðrar kröfur | | 19.230.793 | 0 |
| | | 103.143.650 | 183.489 |
| *Varanlegir rekstrarfjármunir* | | | |
| Fasteignir og lausafjármunir | 7 | 4.997.336 | 4.754.354 |
| Innlendar eignir | | 659.317.259 | 692.951.743 |
| **Eignir alls** | | 1.325.836.921 | 1.178.082.262 |
| **Eignir utan efnahags** | 16 | | |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Efnahagur 31. desember 2010

## *SKULDIR OG EIGIÐ FÉ*

| | *Skýringar* | *2010* | *2009* |
|---|---|---|---|
| **Erlendar skuldir** | | | |
| Innstæður erlendra aðila | | 67.004.034 | 36.752.068 |
| Erlend lán til langs tíma | 9 | 36.915.859 | 14.570.280 |
| Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn | 8 | 19.970.516 | 21.970.839 |
| Lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum | 8 | 156.322.258 | 130.695.818 |
| Erlendar skuldir | | 280.212.667 | 203.989.005 |
| **Innlendar skuldir** | | | |
| Seðlar og mynt | | 38.269.479 | 28.957.678 |
| *Innlánsstofnanir* | | | |
| Viðskiptareikningar | | 55.659.624 | 87.607.042 |
| Innstæðubréf | | 60.957.470 | 36.359.094 |
| Gjaldeyrisreikningar | | 8.157.241 | 20.615.131 |
| Skiptasamningar | | 48.588.986 | 9.408.543 |
| | | 173.363.321 | 153.989.810 |
| *Aðrar fjármálastofnanir* | | | |
| Viðskiptareikningar | | 36.915.984 | 35.412.352 |
| Innstæðubréf | | 4.505.298 | 668.738 |
| Bundnar gjaldeyrisinnstæður | | 252.978.772 | 153.141.635 |
| Gjaldeyrisreikningar | | 20.374.207 | 54.869.981 |
| | | 314.774.261 | 244.092.705 |
| *Ríkissjóður og ríkisstofnanir* | | | |
| Ríkissjóður, viðskiptareikningar | | 130.050.348 | 166.050.140 |
| Ríkissjóður, bundin innlán | 12 | 0 | 6.672.821 |
| Gjaldeyrisreikningar | | 175.842.255 | 49.129.190 |
| Gengisbundið skuldabréf | 12 | 106.328.359 | 179.997.675 |
| Lán ríkissjóðs vegna forðaaukningar | 12 | 11.000.011 | 44.537.142 |
| Ríkisstofnanir, viðskiptareikningar | | 1.426.680 | 281.500 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 9.070 | 0 |
| Aðrar skuldir | | 2.448.258 | 0 |
| | | 427.104.981 | 446.668.468 |
| *Aðrar skuldir* | | | |
| Ýmsir aðilar | | 22.410.832 | 17.157.002 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 11 | 322.222 | 349.569 |
| | | 22.733.054 | 17.506.571 |
| Innlendar skuldir | | 976.245.096 | 891.215.234 |
| **Eigið fé** | | | |
| Stofnfé | 15 | 57.501.000 | 57.501.000 |
| Endurmat fasteigna og lausafjármuna | 15 | 4.554.388 | 4.606.855 |
| Annað eigið fé | 15 | 7.323.770 | 20.770.169 |
| Eigið fé | | 69.379.158 | 82.878.024 |
| **Skuldir og eigið fé** | | 1.325.836.921 | 1.178.082.262 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2010

| REKSTRARHREYFINGAR: | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Tap (hagnaður) ársins | (13.498.866) | 500.178 |
| *Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé:* | | |
| Afskriftir fastafjármuna | 78.642 | 94.335 |
| Gengismunur eigna og skulda | (27.868.907) | 12.193.771 |
| Gengismunur af sjóðsstöðu | 28.512.530 | (15.217.213) |
| Ýmsar matsbreytingar eigna og skulda | (16.956.535) | (29.402.674) |
| Afskrifuð útlán | 18.172.738 | 22.073.493 |
| Afskrifuð hlutabréf | 3.106.800 | 0 |
| Tekjuskattsinneign | (1.199.586) | 0 |
| *Breyting rekstrartengdra eigna og skulda* | 3.756.863 | (45.327.513) |
| Fé til rekstrar | (5.896.322) | (55.085.622) |

| FJÁRFESTINGARHREYFINGAR: | | |
|---|---|---|
| Lán gegn veði og daglán (hækkun), lækkun | (30.892.332) | 130.457.221 |
| Lán til innlendra aðila í erlendum gjaldmiðlum | (1.470.518) | (7.493.275) |
| Keyptir rekstrarfjármunir | (25.886) | (24.677) |
| Keypt verðbréf | (59.848.119) | (4.256.573) |
| Afborganir af verðbréfum o.fl. | 86.332.795 | 272.341 |
| Keypt verðbréf í gjaldeyrisforða | (99.051.514) | (64.428.800) |
| Seld verðbréf í gjaldeyrisforða | 77.485.490 | 59.723.019 |
| Hlutafjáraukning dótturfélaga og hlutafjáraukning | (188.240) | 0 |
| Fjármagnstekjuskattur dótturfélaga | (1.424.573) | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar alls | (29.082.897) | 114.249.256 |

| FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR: | | |
|---|---|---|
| Seðlar og mynt í umferð, hækkun | 9.311.800 | 4.521.240 |
| Tekið lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum | 38.930.335 | 39.608.619 |
| Tekin lán hjá seðlabönkum Norðurlanda | 25.009.110 | (67.743.880) |
| Tekin önnur lán | 6.739.897 | (47.437.513) |
| Innstæðubréf, hækkun (lækkun) | 28.483.775 | (146.313.900) |
| Bundin innlán ríkissjóðs (lækkun) | (6.500.000) | (9.300.000) |
| Afborgun láns ríkissjóðs vegna forðaaukningar | (32.643.000) | 0 |
| Gjaldeyrisinnstæður, hækkun | 107.480.036 | 153.544.018 |
| Innstæður innlánsstofnana, (lækkun) hækkun | (30.197.579) | 26.947.240 |
| Innstæður annarra aðila o.fl., hækkun | 5.591.544 | 8.787.359 |
| Innstæður ríkissjóðs, hækkun (lækkun) | 102.164.719 | (3.249.644) |
| Fjármögnunarhreyfingar alls | 254.360.637 | (40.636.460) |

| BREYTING Á HANDBÆRU FÉ: | | |
|---|---|---|
| Hækkun á erlendum bankainnstæðum | 220.718.909 | 18.527.174 |
| Gengismunur af bankainnstæðum | (28.512.530) | 15.217.213 |
| Erlendar bankainnstæður í ársbyrjun | 241.054.034 | 207.309.648 |
| Erlendar bankainnstæður í árslok | 433.260.412 | 241.054.034 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Skýringar með ársreikningi

## Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, nr. 3/2006, ákvæði laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands, nr. 1088/2005.

- Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélag hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn dótturfélaga. Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna.

- Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við miðgengi í árslok 2010. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

- Verðtryggðar eignir og skuldir eru skráðar með áföllnum verðbótum í árslok 2010 og er miðað við viðeigandi vísitölugildi í janúar 2011 sem endurspeglar verðlag í lok ársins 2010. Verðbætur eru færðar í rekstrarreikning með vöxtum.

- Verðbréf í gjaldeyrisforða bankans eru skráð við markaðsverði og matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Matsbreytingar eru mismunur á markaðsverði verðbréfa og bókfærðu verði þeirra og er þá yfir- og undirverði á kaupdegi dreift á líftíma verðbréfa miðað við jafna dreifingu sem svipar til virkra vaxta.

- Tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið hvort sem innheimta hefur farið fram eða ekki. Hið sama á við um gjöld, þau eru færð þegar til þeirra er stofnað hvort sem þau voru greidd eða ekki. Í rekstrarreikning færast ennfremur matsbreytingar af verðbréfum hvort sem þær eru innleystar eða óinnleystar.

- Í yfirliti um sjóðstreymi koma fram hreyfingar í hefðbundnum flokkum en skilgreining á sjóðsstöðu miðast við erlendar bankainnstæður.

- Hlutabréf hafa verið skráð við kostnaðarverði enda hafa hlutabréf í eigu bankans ekki verið á markaði.

- Kostnaður af útgáfu seðla og myntar er færður til gjalda þegar hann fellur til.

- Varanlegir rekstrarfjármunir voru færðir til eignar á árinu 2005 miðað við matsverð í lok þess árs. Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annaðhvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð

varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

- Gull í gjaldeyrisforða bankans er skráð á markaðsverði í Bandaríkjadölum og matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

Eignarhlutir í félögum

2. Eignarhlutir í Alþjóðagreiðslubankanum (Bank for International Settlements, BIS) eru skráðir á kostnaðarverði. Í árslok 2010 var fjöldi hluta 1.070 en hver hlutur er 5.000 SDR. Eignarhlutir bankans eru færðir meðal erlendra eigna utan gjaldeyrisforðans. Bókfært verð í árslok 2010 nam 184,5 m.kr. en nafnverð nam 238 m.kr. (1,3 m. SDR). Greitt hefur verið fyrir 25% af hverjum 5.000 SDR hlut eða 1.250 SDR fyrir hvern hlut. Bankinn er skuldbundinn til þess að greiða það sem á skortir í fullt framlag eða 75%, verði eftir því kallað.





Dótturfélög

3.

| *Nafn dótturfélags* | *Staðsetning* | *Eignarhluti* | *Nafnverð, kr.* | *Meginstarfsemi* |
|---|---|---|---|---|
| Sölvhóll ehf. | Ísland | 100% | 1.000.000 | Rekstur |
| Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. | Ísland | 100% | 1.000.000 | Eignarhald |
| Greiðsluveitan ehf. | Ísland | 100% | 20.000.000 | Rekstur greiðslukerfa |

Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. og Sölvhóll ehf.

4. Fram til ársins 2008 hafði bankinn ekki orðið fyrir tjóni vegna útlánaáhættu. Í framhaldi af bankahruninu 2008-2009 hefur bankinn orðið fyrir töluverðu tjóni vegna ótryggra veða fyrir lánum gegn veðum sem þó voru metin traust þegar lánin voru veitt. Með hliðsjón af þessu keypti eigandi bankans, ríkissjóður, í árslok 2008 verðbréf að bókfærðu verði 345 ma.kr. og greiddi fyrir með verðtryggðu bréfi til fimm ára að fjárhæð 270 ma.kr. Á sama tíma voru 75 ma.kr. afskrifaðir. Í árslok 2009 var ákveðið að Seðlabankinn skyldi kaupa umræddar eignir aftur og selja síðan sérsöku dótturfélagi í eigu Seðlabankans sem ber heitið Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ). Annað dótturfélag Seðlabankans, Sölvhóll ehf., sem er rekstrarfélag, mun hafa það hlutverk að hámarka virði þeirra eigna sem eru í eignarhaldsfélaginu (ESÍ) og koma þeim í verð þegar markaðsaðstæður leyfa með samþykki stjórnar ESÍ. Með þessu skipulagi næst betri aðgreining á þeim rekstri og þeim eignum sem tengjast bankahruninu og hins vegar hefðbundinni starfsemi Seðlabankans.

*Breyting á verðbréfi ríkissjóðs greinast þannig,*

| *(þús.kr.):* | *2010* | *2009* | *2008* |
|---|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 161.142 | 270.005 | 0 |
| Höfuðstóll | 146.651 | 270.005 | 0 |
| Kaup á árinu | | | 270.005 |
| Verðbætur | 16.726 | 23.303 | 0 |
| Áfallnir vextir | 1.009 | 1.833 | 0 |
| Greiðsla | | (134.000) | 0 |
| Staða í lok árs | 164.388 | 161.142 | 270.005 |

| *Gjaldfallin veðlán greinast þannig, (þús.kr.):* | *2010* | *2009* | *2008* |
|---|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 490.614 | 333.491 | 0 |
| Gjaldfallin veðlán á árinu | 0 | 117.270 | 678.496 |
| Veðlán keypt af ríkissjóði | 0 | 134.000 | 0 |
| Bókf. verð veðlána seld til ríkissjóðs | 0 | 0 | (95.102) |
| Fullnusta eigna | (264.931) | 0 | 0 |
| Afborganir af veðlánakröfum | (16.517) | (22.073) | (249.903) |
| Afborganir og gengismunur | (107.215) | (72.074) | 0 |
| Staða í lok árs | 101.951 | 490.614 | 333.491 |

Greiðsluveitan ehf.

5. Hinn 15. nóvember 2010 undirrituðu eigendur Reiknistofu bankanna (RB) og Fjölgreiðslumiðlunar hf. (FGM) rammasamkomulag um nýskipan kjarna- og stoðkerfa íslenskrar greiðslumiðlunar. Rammasamningurinn kvað m.a. svo á að félagaformi RB yrði breytt úr samstarfsvettvangi í hlutafélag, að Seðlabanki Íslands seldi hlut sinn í RB og eignaðist FGM að fullu auk þess sem eignarhald á þeim hluta hugbúnaðarlausna RB sem helst tengist greiðslumiðlun yrði flutt yfir til FGM.

   Ofangreindar breytingar voru formlega staðfestar þann 15. desember 2010 með undirritun samninga milli eigenda RB og FGM (banka, sparisjóða, kortafyrirtækja og Seðlabankans). Samkeppniseftirlitið heimilaði með tilkynningu hinn 28. janúar 2011 samruna Seðlabanka og Fjölgreiðslumiðlunar (yfirtaka Seðlabankans á starfsemi Fjölgreiðslumiðlunar jafngildir samruna í skilningi samkeppnislaga) – ákvörðun nr. 2/2011. Nafni félagsins hefur nú verið breytt í Greiðsluveitan og félagaformi úr hf. í ehf. þar sem Seðlabanki Íslands er eini eigandi félagsins.

   Greiðsluveitan ehf. fer nú með eignarhald og ábyrgð á rekstri eftirtalinna kerfa á vettvangi greiðslumiðlunar: Stórgreiðslukerfið, Jöfnunarkerfið, RÁS-kerfið, Kröfupottur, Birtingur og SWIFT-Alliance-kerfið. Engin breyting verður á fyrirkomulagi tæknilegs rekstrar þessara kerfa, sem verða áfram rekin af RB á grundvelli rekstrar- og þjónustusamnings milli Greiðsluveitunnar og RB.

Erlendar eignir og gulleign

6. Í árslok 2010 voru erlendar eignir bankans 667 ma.kr. en námu 485 ma.kr. í lok ársins á undan. Meðtalin í þessari stöðu er gulleign bankans sem var 63.785,1 únsa. Gullið er fært við markaðsverði í árslok 2010 en únsan var þá metin á 1420,78 dollara sem samsvarar 163.461 kr. Gulleignin þannig metin nam 10,4 ma.kr. í árslok 2010.

*Gulleign greinist þannig:*

| | *2010* | *2009* |
|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 8.663.849 | 6.652.894 |
| Verðendurmat | 2.564.501 | 1.668.139 |
| Gengismunur | (801.992) | 342.816 |
| Staða í lok árs | 10.426.358 | 8.663.849 |

- Á árinu var ávöxtun verðbréfa, sem tekur til vaxtatekna og verðbreytinga, og bankainnstæðna í hverri mynt í gjaldeyrisforða bankans sem hér segir:

| | *Verðbréf* | *Bankainnstæður* |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 4,29% | 0,16% |
| Evra | 2,48% | 0,31% |
| Sterlingspund | 3,91% | 0,47% |

| *Verðbréf reiknast þannig:* | *2010* | *2009* |
|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 231.573.927 | 211.855.297 |
| Kaup á árinu | 99.051.514 | 64.428.800 |
| Sala og innheimtur á árinu | (78.209.704) | (59.723.019) |
| Verðendurmat | (2.330.758) | 3.553.889 |
| Gengismunur | (32.263.674) | 11.458.960 |
| Staða í lok árs | 217.821.305 | 231.573.927 |





## Fastafjármunir

7. Varanlegir rekstrarfjármunir voru færðir til eignar á árinu 2005 miðað við matsverð í lok þess árs. Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annaðhvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

- Varanlegir rekstrarfjármunir í árslok 2010 greinast þannig (fjárhæðir í m.kr.):

| | *Land* | *Fasteignir* | *Lausafé* | *Söfn* | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|---|
| *Kostnaðar- og matsverð* | | | | | |
| Kostnaðarverð í ársbyrjun 2009 | 0 | 90.976 | 72.314 | 8.126 | 171.416 |
| Matsverð í ársbyrjun 2009 | 24.000 | 4.575.331 | 181.945 | 237.000 | 5.018.275 |
| *Samtals í ársbyrjun 2009* | 24.000 | 4.666.307 | 254.259 | 245.126 | 5.189.692 |
| Eignfært á árinu | 0 | 0 | 30.877 | 0 | 30.877 |
| Selt (kostnaðarverð) | 0 | 0 | (8.890) | 0 | (8.890) |
| Kostnaðarverð í ársbyrjun 2010 | 0 | 90.976 | 103.191 | 8.126 | 202.293 |
| Matsverð í ársbyrjun 2010 | 24.000 | 4.575.331 | 173.055 | 237.000 | 5.009.385 |
| *Samtals í ársbyrjun 2010* | 24.000 | 4.666.307 | 276.246 | 245.126 | 5.211.679 |
| Yfirfært á árinu vegna samruna | 0 | 0 | 671.108 | 0 | 671.108 |
| Eignfært á árinu | 0 | 0 | 25.886 | 0 | 25.886 |
| Selt og aflagt á árinu (kostnaðarverð) | 0 | 0 | (13.214) | 0 | (13.214) |
| Selt (matsverð) | 0 | 0 | (140.329) | 0 | (140.329) |
| Kostnaðarverð í árslok 2010 | 0 | 90.976 | 786.971 | 8.126 | 886.073 |
| Matsverð í árslok 2010 | 24.000 | 4.575.331 | 32.726 | 237.000 | 4.869.057 |
| *Samtals í árslok 2010* | 24.000 | 4.666.307 | 819.697 | 245.126 | 5.755.130 |
| *Afskriftir* | | | | | |
| Kostnaðarverð í ársbyrjun 2009 | 0 | 1.679 | 29.631 | 0 | 31.311 |
| Matsverð í ársbyrjun 2009 | 0 | 194.551 | 142.107 | 0 | 336.657 |
| *Samtals í ársbyrjun 2009* | 0 | 196.230 | 171.738 | 0 | 367.968 |

| | Land | Fasteignir | Lausafé | Söfn | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Afskrift ársins á kostnaðarverði | 0 | 892 | 22.592 | 0 | 23.484 |
| Afskrift ársins á matsverði | 0 | 49.003 | 21.848 | 0 | 70.851 |
| Selt (kostnaðarverð) | 0 | 0 | (4.978) | 0 | (4.978) |
| Kostnaðarverð í ársbyrjun 2010 | 0 | 2.572 | 52.223 | 0 | 54.795 |
| Matsverð í ársbyrjun 2010 | 0 | 243.554 | 158.976 | 0 | 402.530 |
| *Samtals í ársbyrjun 2010* | 0 | 246.126 | 211.199 | 0 | 457.325 |
| Yfirfært á árinu vegna samruna | 0 | 0 | 375.370 | | 375.370 |
| Afskriftir ársins á kostnaðarverði | 0 | 951 | 25.224 | 0 | 26.175 |
| Afskriftir ársins á matsverði | 0 | 48.944 | 3.523 | 0 | 52.467 |
| Selt og aflagt á árinu (kostnaðarverð) | 0 | 0 | (13.214) | 0 | (13.214) |
| Selt (matsverð) | 0 | 0 | (140.329) | 0 | (140.329) |
| Kostnaðarverð í árslok 2010 | 0 | 3.523 | 439.603 | 0 | 443.126 |
| Matsverð í árslok 2010 | 0 | 292.498 | 22.170 | 0 | 314.668 |
| *Samtals í árslok 2010* | 0 | 296.021 | 461.773 | 0 | 757.794 |
| *Bókfært verð* | | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun 2009 | 24.000 | 4.470.077 | 82.521 | 245.126 | 4.821.724 |
| Bókfært verð í ársbyrjun 2010 | 24.000 | 4.420.181 | 65.046 | 245.126 | 4.754.354 |
| Bókfært verð í árslok 2010 | 24.000 | 4.370.286 | 357.924 | 245.126 | 4.997.336 |
| Afskriftarhlutföll | 0% | 1-3% | 10-33% | 0% | |
| Áætlaður nýtingartími | | 33-80 ár | 3-10 ár | | |





Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

8. Úthlutaður kvóti Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF) nam 117,6 m. SDR í árslok 2010. Kvótinn var greiddur að 1/4 hluta með gullframlagi á sínum tíma en að öðru leyti með krónuframlagi. Gjaldeyrisstaða bankans við sjóðinn nam 18,7 m. SDR sem er mismunurinn á kvótanum og krónuinneign sjóðsins hjá bankanum, sbr. neðangreinda töflu. Lántaka bankans í formi úthlutunar sjóðsins á SDR nam 112,2 m. SDR. Þá fékk bankinn þriðja og fjórða hlutann af láni AGS og nam hver greiðsla 105 millj. SDR. Fjárhæðir eru í milljónum.

| *Eignir* | *Fjárhæðir í milljónum* | |
|---|---|---|
| | *SDR* | *ISK* |
| Kvóti Seðlabanka Íslands | 117,6 | 20.922,2 |
| Inneign AGS hjá Seðlabanka Íslands | (98,9) | (17.601,6) |
| Gjaldeyrisstaða Seðlabankans við AGS | 18,7 | 3.320,6 |
| Áfallnir vextir af gjaldeyrisstöðu | 0,0 | 1,4 |
| Innstæða Seðlabankans hjá AGS | 73,5 | 13.078,5 |
| | 92,2 | 16.400,5 |
| *Skuldir* | | |
| | *SDR* | *ISK* |
| Mótvirði úthlutaðra SDR | 112,2 | 19.958,0 |
| Viðskiptareikningur AGS hjá Seðlabanka | 0,0 | 0,3 |
| Áfallnir vextir af SDR-úthlutun | 0,1 | 12,2 |
| Lántaka frá AGS á árinu | 875,0 | 155.671,3 |
| Áfallnir vextir af sama | 3,7 | 651,0 |
| | 991,0 | 176.293,0 |

- Útgreiðslur frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í tengslum við efnahagsáætlun sjóðsins og íslenskra stjórnvalda eru alls átta; fyrsti hluti lánsins var að upphæð 560 milljónir SDR, næstu fjórar útgreiðslur

nema hver um sig 105 milljónum SDR og síðustu þrjár útgreiðslur nema hver um sig 140 milljónum SDR. Alls er áætlað að heildarlánafyrirgreiðsla AGS vegna efnahagsáætlunarinnar verði 1400 milljónir SDR. Fyrsti hluti barst 19. nóvember 2008, annar hluti 30. október 2009, þriðji hluti 20. apríl 2010 og fjórði hluti 1. desember 2010. Í lok árs 2010 hafði verið dregið á 875 milljónir SDR af heildarlánafyrirgreiðslu AGS og enn standa því til reiðu 525 milljónir SDR.

Erlendar skuldir

9. Hinn 21. desember 2009 var fyrsti hluti láns frá Norðurlöndunum greiddur Íslandi í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, annar hlutinn var greiddur 28. júní 2010. Um er að ræða 887 m. evra og þar af tók Seðlabanki Íslands 240 m. evra að láni eða um 36,9 ma. króna á árslokagengi 2010 hjá norska seðlabankanum.





Staða gagnvart fjármálastofnunum

10. Lánastofnanir sem eru þátttakendur í stórgreiðslukerfi Seðlabankans leggja fram tryggingar vegna greiðslna í kerfinu. Þær eru í formi verðbréfa. Fjárhæð trygginga svarar til heimilda lánastofnana til skuldsetningar innan dags í stórgreiðslukerfinu.

- Í lok ársins 2010 námu tryggingar í stórgreiðslukerfi í verðbréfum 19,37 ma.kr. að markaðsvirði.
- Lánastofnanir leggja fram tryggingar til vörslu í Seðlabanka Íslands vegna lána þeirra gegn veði í samræmi við reglur nr. 997/2004.

Lífeyrisskuldbindingar

11. Samkvæmt mati tryggingastærðfræðings námu skuldbindingar Seðlabanka Íslands vegna eftirlauna fyrrverandi bankastjóra, maka þeirra og forstjóra Þjóðhagsstofnunar, en bankinn bar helming af rekstrarkostnaði hennar, samtals 322,2 m.kr. í árslok 2010. Greiðslur vegna þessara kjara námu alls 51,2 m.kr. á árinu 2010 og færast til lækkunar á áður færðri skuldbindingu. Hækkun skuldbindingar bankans, að teknu tilliti til greiðslna, nam 23,9 m.kr. á árinu 2010 og er hún gjaldfærð.

*Breytingar skuldbindingarinnar á árinu greinast þannig:*

| | *2010* | *2009* |
|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding í upphafi árs | 349.569 | 347.218 |
| Greitt vegna eftirlauna | (51.207) | (49.878) |
| Aukning á árinu | 23.860 | 52.229 |
| Lífeyrisskuldbinding í lok árs | 322.222 | 349.569 |

Ríkissjóður

12. Framlag til ríkissjóðs skv. 34. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, reiknast sem 2/3 hlutar hagnaðar án reiknaðs gengismunar ef eigið fé (án endurmatsreiknings) er hærra en 2,25% af fjárhæð útlána og innlendrar verðbréfaeignar lánakerfisins í lok ársins, annars greiðist 1/3 hluti hagnaðarins í ríkissjóð. Eigið fé bankans í árslok 2010 var undir þessum mörkum og því hefði borið að miða við greiðslu 1/3 hlutar af hagnaði í ríkissjóð en framlag verður ekkert þar sem taprekstur var á árinu 2010 án reiknaðs gengismunar.

- Bankinn tók langtímalán hjá ríkissjóði til fjármögnunar á aukningu gjaldeyrisforðans undir lok ársins 2006. Ríkissjóður seldi skuldabréf á erlendum mörkuðum og endurlánaði bankanum andvirði lánsins

sem er 1 ma. evra. Seðlabankinn hefur fyrir hönd ríkissjóðs keypt hluta af skuldabréfinu til baka og stendur lánið í árslok 2010 í 639 m. evra. Nafnvextir af láninu eru 3,75% en bréfin seldust miðað við 3,88%. Gjalddagi lánsins er 1. desember 2011 en vextir greiðast árlega 1. desember.

- Ennfremur tók bankinn lán hjá ríkissjóði til fjármögnunar á aukningu gjaldeyrisforðans á seinni hluta ársins 2008. Ríkissjóður tók lán samkvæmt samningi við Bayerische Landesbank að fjárhæð 300 m. evra. Lánið var tekið í lok september og vextir greiðast í lok mars og september fram að gjalddaga lánsins sem er í lok september 2011. Seðlabankinn hefur fyrir hönd ríkissjóðs keypt hluta af samningnum til baka. Lánið gagnvart Seðlabankanum er í íslenskum krónum og nemur bókfært verð skuldarinnar með áföllnum vöxtum 11 ma.kr. í árslok 2010. Lánið ber sömu vexti og reiknast af viðskiptareikningum innlánsstofnana. Lántökukostnaður var borinn af ríkissjóði.
- Þá tók bankinn lán hjá ríkissjóði til fjármögnunar á aukningu gjaldeyrisforðans á seinni hluta ársins 2010. Ríkissjóður tók lán hjá pólska ríkinu að fjárhæð 205 m. evra. Bókfært verð skuldarinnar með áföllnum vöxtum er 8 ma.kr. í árslok 2010.
- Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana hjá bankanum námu um 427 ma.kr. í árslok 2010 samanborið við 447 ma.kr. 2009 og hafa því lækkað um 20 ma.kr. Tekin voru ný erlend lán að fjárhæð 8 ma.kr. og greitt var upp bundið innlán að fjárhæð 6,5 ma.kr. Einnig var greitt upp lán að upphæð 90 ma.kr. og komu krónur til landsins vegna AVENS-samnings, alls 79 ma.kr. Aðrar breytingar skýrast að mestu leyti af gengisbreytingum og matsbreytingum.





Launamál

13. *Heildarlaunakostnaður greinist þannig í þús. kr.:*

| | *2010* | *2009* |
|---|---|---|
| Laun | 1.046.445 | 1.048.976 |
| Launatengd gjöld | 245.817 | 222.935 |
| Framlag til lífeyrisskuldbindinga | 23.860 | 52.229 |
| | 1.316.123 | 1.324.140 |
| Fjöldi starfa í árslok | 147 | 127 |

Laun og þóknun yfirstjórnar

14. Á árinu 2010 námu heildarlaun bankastjóra og bankaráðs 31,2 m.kr. Bankastjóri fær ekki greidda þóknun fyrir setu í stjórnum og nefndum sem stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaði standa sameiginlega að eða Seðlabanki Íslands tilnefnir fulltrúa í samkvæmt lögum. Heildargreiðslur til bankastjóra og bankaráðs á árinu 2010 greinast þannig í m.kr.:

| *Bankastjórar* | *2010* | *2009* |
|---|---|---|
| Davíð Oddsson | | 16,1 |
| Eiríkur Guðnason | | 23,5 |
| Ingimundur Friðriksson | | 18,7 |
| Svein Harald Øygard | | 15,5 |
| Már Guðmundsson | 18,7 | 7,4 |
| *Bankaráð* | | |
| Halldór Blöndal | | 0,7 |
| Lára V. Júlíusdóttir | 3,0 | 2,4 |
| Aðrir bankaráðsmenn og varamenn (19), (12) | 9,5 | 10,8 |
| | 31,2 | 95,1 |

## Sundurliðun á eigin fé og þróun á afkomu bankans

15. Á síðastliðnum fimm árum hefur eigið fé bankans breyst eins og eftirfarandi tafla sýnir (tölur í m.kr.):

| *Eigið fé* | *2010* | *2009* | *2008* | *2007* | *2006* |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé í ársbyrjun (án endurmats) | 78.271 | 77.386 | 86.012 | 43.236 | 31.379 |
| Eiginfjárframlag | 0 | 0 | 0 | 44.000 | 0 |
| Hagnaður (tap) án framl. og gengism. | (5.697) | (2.523) | (227.509) | 7.013 | 48 |
| Endurheimt veðlán frá ríkissjóði | 0 | 0 | 174.903 | 0 | 0 |
| Framlag í ríkissjóð | 0 | 0 | | (2.338) | (16) |
| Afskr. endurm. eigna | 52 | 384 | 0 | 0 | 0 |
| Gengismunur ársins | (6.933) | 3.023 | 43.980 | (5.899) | 11.825 |
| Reiknaður tekjuskattur dótturfélaga | (869) | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Eigið fé í árslok (án endurmats) | 64.825 | 78.271 | 77.386 | 86.012 | 43.236 |
| Endurmat eigna í ársbyrjun | 4.607 | 4.991 | 4.991 | 4.991 | 4.991 |
| Afskriftir endurmats eigna | (52) | (384) | 0 | 0 | 0 |
| Eigið fé í árslok | 69.379 | 82.878 | 82.377 | 91.003 | 48.227 |
| *Stöðutölur/hlutföll í lok árs, ma.kr.* | | | | | |
| Heildareignir bankans | 1.325,8 | 1.178,1 | 1.187,4 | 476,8 | 321,8 |
| Eigið fé (án endurmats eigna) | 64,8 | 77,9 | 77,4 | 86,0 | 43,2 |
| Eigið fé/heildareignir bankans | 4,9% | 6,6% | 6,5% | 18,0% | 13,4% |

## Ábyrgðarskuldbindingar og eignir utan efnahags

16. Seðlabanki Íslands er skuldbundinn til að greiða Alþjóðagreiðslubankanum áskrift að hlutafé verði eftir því kallað. Þegar hafa verið greidd 25% af áskrift en 75% hluti getur komið til greiðslu og nemur hann 785 m.kr.

- Seðlabanki Íslands hafði í árslok 2010 umsaminn aðgang að lánafyrirgreiðslu erlendra fjármálastofnana í formi endurhverfra verðbréfaviðskipta að fjárhæð 400 m. Bandaríkjadala, sem svarar til 46 ma.kr. Bankinn hafði ekki nýtt sér þennan ádrátt í árslok 2010.

## Gengisendurmat

17. Gengistap ársins 2010 nam 6,9 ma.kr., en árið á undan nam gengishagnaður 3,0 ma.kr. Gengisendurmatið er reiknað af eftirfarandi efnahagsliðum (tölur í þús.kr.):

| | *2010* | *2009* |
|---|---|---|
| Gull | (801.992) | 342.816 |
| Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) | 1.438.917 | 12.371 |
| Erlendar bankainnstæður | (28.512.530) | 15.217.213 |
| Erlend verðbréf | (32.263.674) | 11.478.886 |
| Erlendar skammtímaskuldir | 14.262.579 | (14.210.481) |
| Erlend lán, gjaldeyrisreikningar | 38.943.693 | (9.817.364) |
| Gengismunur alls | (6.933.007) | 3.023.442 |

## Áhættustýring

18. Seðlabanki Íslands er opinber stofnun sem hefur ákveðnu hlutverki að gegna samkvæmt ákvæðum laga sem einkum lúta að peningamálastjórnun með vaxtaákvörðunum sínum og ávöxtun gjaldeyrisforða bankans. Áhætta í rekstri hans er því nokkuð af annarri gerð

en í rekstri annarra fjármálastofnana þó að sömu heiti séu notuð. Þær tegundir áhættu sem bankinn er einkum seldur undir eru vaxtaáhætta, gjaldeyrisáhætta, útlánaáhætta og lausafjáráhætta. Hér á eftir fylgir umsögn um þessa áhættu. Að auki býr bankinn við rekstraráhættu en það er áhættan af því að mannleg mistök eigi sér stað eða innri verkferlar og kerfi bregðist. Rekstraráhættu er stjórnað af starfsmönnum bankans á daglegum grunni en kappkostað er að innleiða eftirlit og verkferla sem lágmarka áhættuna.

Vaxtaáhætta

19. Vaxtaáhætta er sú áhætta að fé tapist vegna breytinga á vaxtakjörum. Stefna bankans í fjárfestingu í erlendum verðbréfum miðast einkum við að bréfin séu seljanleg og fé er aðeins fest hjá traustum aðilum. Ávöxtunin er þó einnig höfð til hliðsjónar við fjárfestingu. Bankinn hefur fram til þessa ekki verið með virka stýringu á forðanum heldur eru bréf yfirleitt innheimt á gjalddaga. Vel er þó fylgst með verðmati eignanna og þau seld sé minnsta hætta talin vera á innheimtufalli. Bankinn notar ekki afleiður til þess að stjórna vaxtaáhættunni af erlendri fjárfestingu í verðbréfum, bankainnstæðum eða erlendum skuldum og hið sama gildir um innlendar eignir og skuldir. Ávöxtun af innlendum eignum í formi lána gegn veðum ræðst af stýrivöxtum á hverjum tíma og eru vextir af innstæðum viðskiptabankanna og ríkissjóðs ákveðnir með hliðsjón af þeim vöxtum.





Hreinar vaxtatekjur

20. Hreinar vaxtatekjur námu 12,8 ma.kr. á árinu 2010 samanborið við 15,2 ma.kr. árið á undan.

| *Hreinar vaxtatekjur af innlendum eignum og skuldum* | *2010* | *2009* |
|---|---|---|
| Daglánum | 131.905 | 1.197.680 |
| Veðlánum | 1.497.751 | 4.382.477 |
| Innstæðubréfum | (5.066.426) | (10.358.526) |
| Viðskiptareikningum | (7.114.347) | (12.365.245) |
| Viðskiptareikningum ríkissjóðs | (12.984.895) | (26.653.035) |
| Markaðsbréfum | 3.035.865 | 694.411 |
| Verðtryggðum verðbréfum | 10.971.653 | 33.700.355 |
| Öðrum innlendum eignum | 20.612.569 | 25.991.841 |
| Gjaldeyrisreikningum | (909.286) | (67.870) |
| | 10.174.789 | 16.522.087 |
| *Hreinar vaxtatekjur af erlendum eignum og skuldum* | | |
| Staða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn | (284.373) | (253.606) |
| Erlendir bankareikningar | 1.377.642 | 607.138 |
| Erlend verðbréf | 9.693.957 | 8.642.722 |
| Erlend lán | (9.454.771) | (10.203.952) |
| Aðrar erlendar eignir | 1.252.385 | (85.722) |
| | 2.584.839 | (1.293.420) |

Gjaldeyrisáhætta

21. Gjaldeyrisáhætta er sú áhætta að verða fyrir tjóni vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Bankinn hefur fram til þessa ekki notað afleiður til að stýra gjaldeyrisáhættu. Samsetning gjaldeyrisforðans tekur mið af hlutföllum í viðskiptum þjóðarbúsins við útlönd og þar vegur evran þyngst. Eignir og skuldir bankans sem háðar eru gjaldeyrisáhættu greinast þannig í árslok 2010 (allar tölur í m.kr.):

*Greining gjaldmiðla í fjáreignum og skuldum 2009*

| *Eignir:* | *Evra* | *Bandar.-dalur* | *Sterlings-pund* | *SDR* | *Aðrir gjaldm.* | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Bankainnstæður | 78.663 | 49.124 | 37.763 | 18.160 | 57.344 | 241.054 |
| Gulleign |  | 8.664 |  |  |  | 8.664 |
| Verðbréf | 194.488 | 28.091 | 8.994 |  |  | 231.573 |
| Gjaldeyrisst AGS |  |  |  | 3.649 |  | 3.649 |
| Lán til lánast. o.fl. | 169.261 | 526 | 3.911 |  | 4.148 | 177.846 |
|  | 442.412 | 86.405 | 50.668 | 21.809 | 61.492 | 662.786 |

| *Skuldir:* | *Evra* | *Bandar.-dalur* | *Sterlings-pund* | *SDR* | *Aðrir gjaldm.* | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Innst. erlendra aðila | 2.034 |  |  |  | 34.717 | 36.751 |
| Lán frá AGS |  |  |  | 152.667 |  | 152.667 |
| Gjaldeyrisreikningar | 145.982 | 39.684 | 36.190 |  | 55.901 | 277.757 |
| Skuld v. forðaaukn. | 194.568 |  |  |  |  | 194.568 |
|  | 342.584 | 39.684 | 36.190 | 152.667 | 90.618 | 661.743 |
| Nettóeign í ISK | 99.829 | 46.721 | 14.478 | (130.858 | (29.126) | 1.043 |

Eigið fé bankans í árslok ............................................ 82.878

*Greining gjaldmiðla í fjáreignum og skuldum 2010*

| *Eignir:* | *Evra* | *Bandar.-dalur* | *Sterlings-pund* | *SDR* | *Aðrir gjaldm.* | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Bankainnstæður | 182.787 | 75.312 | 83.951 | 13.079 | 78.132 | 433.260 |
| Gulleign |  | 10.426 |  |  |  | 10.426 |
| Verðbréf | 161.682 | 37.066 | 11.152 |  | 7.922 | 217.822 |
| Gjaldeyrisst. við AGS |  |  |  | 3.322 |  | 3.322 |
| Aðrar eignir | 42.126 | 48.513 | 6.975 |  | 95.732 | 193.346 |
|  | 386.595 | 171.317 | 102.078 | 16.401 | 181.786 | 858.176 |
| *Skuldir:* |  |  |  |  |  |  |
| Innst. erlendra aðila | 475 |  |  |  | 61 | 536 |
| Lán frá AGS |  |  |  | 176.293 |  | 176.293 |
| Gjaldeyrisreikningar | 264.054 | 55.059 | 77.145 |  | 68.682 | 464.940 |
| Skuld v. forðaaukn. | 135.255 |  |  |  | 7.989 | 143.244 |
|  | 399.784 | 55.059 | 77.145 | 176.293 | 76.732 | 785.013 |
| Nettóeign í ISK | (13.189) | 116.258 | 24.933 | (159.892) | 105.054 | 73.163 |

Eigið fé bankans í árslok ............................................ 69.379





## Útlánaáhætta

22. Útlánaáhætta er sú áhætta að kröfur í eignasafni bankans tapist þar sem fjárhagsstaða skuldara hefur versnað og þeir geta ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart bankanum. Fram til ársins 2008 hafði bankinn ekki orðið fyrir tjóni vegna þessa. Í framhaldi af því bankahruni sem átti sér stað 2008-2009 er ljóst að bankinn hefur orðið fyrir nokkru tjóni vegna ótryggra veða fyrir lánum gegn veðum sem þó voru metin traust þegar lánin voru veitt.

*Útlánaáhætta eigna í forða eftir lánshæfiseinkunn:*
*(Tölur í m.kr.)*

|  | *Einkunn* | *Árslok 2009* | *Hlutfall* |
|---|---|---|---|
| Erlendar bankainnstæður | AAA | 241.054 | 49,71% |
| Erlend verðbréf, sterlingspund | AAA | 9.365 | 1,93% |
| Erlend verðbréf, Bandaríkjadalir | AAA | 21.152 | 4,36% |
| Erlend verðbréf, evrur | AAA | 132.362 | 27,29% |
| Erlend verðbréf, evrur | AA | 50.816 | 10,48% |
| Erlend verðbréf, evrur | A | 7.812 | 1,61% |
| Aðrar eignir í forða | AAA | 12.314 | 2,54% |
| Erl. verðbr., evrur án lánsh.eink. |  | 10.067 | 2,08% |
| Fjáreignir í forða alls |  | 484.941 | 100,0% |

*Útlánaáhætta eigna í forða eftir lánshæfiseinkunn:*
*(Tölur í m.kr.)*

| | *Einkunn* | *Árslok 2010* | *Hlutfall* |
|---|---|---|---|
| Erlendar bankainnstæður | AAA | 433.260 | 65,16% |
| Erlend verðbréf, sterlingspund | AAA | 9.739 | 1,46% |
| Erlend verðbréf, sterlingspund | AA | 539 | 0,08% |
| Erlend verðbréf, Bandaríkjadalir | AAA | 33.720 | 5,07% |
| Erlend verðbréf, evrur | AAA | 119.854 | 18,03% |
| Erlend verðbréf, evrur | AA | 34.754 | 5,23% |
| Erlend verðbréf, evrur | A | 5.549 | 0,83% |
| Erlend verðbréf, zloty | A | 94 | 0,01% |
| Aðrar eignir í forða | AAA | 13.748 | 2,07% |
| Erlend verðbréf, evrur án lánshæfiseinkunnar | | 13.666 | 2,06% |
| Fjáreignir í forða alls | | 664.924 | 100,0% |





Lausafjáráhætta

23. Lausafjáráhætta er sú áhætta að geta ekki staðið við greiðsluskuldbindingar til skamms tíma. Þessi áhætta tekur einnig til þeirrar áhættu að selja verði fjáreignir á lægra verði en svarar til gangvirðis þeirra. Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig eignir og skuldir greinast eftir gjaldkræfni. Í fremsta dálki koma fram eignir og skuldir sem eru án gjalddaga eða eru ætlaðar til varanlegra afnota. Í töflunni kemur fram mismunur miðað við erlenda og innlenda gjalddagastöðu. Tölur í m.kr.

*Greining eftirstöðva í fjáreignum og skuldum 2009*

| | *Gjaldfallið* | *Enginn ákv. gjalddagi* | *Innan 3 mánaða* | *3 til 12 mánaða* | *1 til 5 ára* | *Yfir 5 ára* | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Erlendar eignir* | | | | | | | |
| Bankainnstæður | | 148.782 | 92.273 | | | | 241.055 |
| Gulleign | | 23 | 8.641 | | | | 8.664 |
| Verðbréf | | | 235.831 | | | | 235.831 |
| Gjaldeyrisstaða við AGS | | 3.649 | | | | | 3.649 |
| Eignir utan forða | | 184 | 3.077 | 8.121 | 6 | | 11.388 |
| Gjaldfallin lán | 162.202 | | | | | | 162.202 |
| | 162.202 | 152.638 | 339.820 | 8.121 | 6 | 0 | 662.787 |
| *Erlendar skuldir* | | | | | | | |
| Skammtímalán og innstæður | | | 314.508 | | | | 314.508 |
| Lán hjá AGS | | 21.971 | | | 130.697 | | 152.667 |
| Lán til aukn. forða | | | | | 179.998 | 14.570 | 194.568 |
| | 0 | 21.971 | 314.508 | 0 | 310.695 | 14.570 | 661.743 |
| Mism. í erlendri gjalddagastöðu | 162.202 | 130.668 | 21.056 | 8.121 | (310.688) | (14.570) | 1.044 |
| *Innlendar eignir* | | | | | | | |
| Lán gegn veði | | | 10.949 | | | | 10.949 |
| Gjaldfallin veðlán | 328.412 | | | | | | 328.412 |
| Markaðsskráð verðbréf | | | | 0 | 186 | 2.946 | 3.132 |
| Ýmsir aðilar | | | 6.722 | 183 | | | 6.905 |
| Ríkissjóður, verðbréf | | | | | 161.142 | | 161.142 |
| Fasteignir og lausafé | | 4.754 | | | | | 4.754 |
| | 328.412 | 4.754 | 17.671 | 183 | 161.328 | 2.946 | 515.295 |

*Greining eftirstöðva í fjáreignum og skuldum 2009 (frh.)*

| | Gjaldfallið | Enginn ákv. gjalddagi | Innan 3 mánaða | 3 til 12 mánaða | 1 til 5 ára | Yfir 5 ára | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Innlendar skuldir* | | | | | | | |
| Seðlar og mynt | | 28.958 | | | | | 28.958 |
| Viðskiptareikningar | | 123.019 | | | | | 123.019 |
| Innstæðubréf | | 37.028 | | | | | 37.028 |
| Ríkissjóður, viðskiptareikningar | | 166.050 | | | | | 166.050 |
| Ríkissjóður, bundin innlán | | | | 6.673 | 44.537 | | 51.210 |
| Ríkisstofnanir, viðskiptareikningar | | 282 | | | | | 282 |
| Ýmsir aðilar | | | 17 | | | | 17 |
| Lífeyrisskuldbindingar | | | | 50 | 200 | 100 | 350 |
| Eigið fé | | 82.878 | | | | | 82.878 |
| | 0 | 111.836 | 326.396 | 6.723 | 44.737 | 100 | 489.792 |
| Mism. í innlendri gjalddagastöðu | 328.412 | (107.081) | (308.725) | (6.539) | 116.591 | 2.847 | 25.505 |
| Mism. í erlendri gjalddagastöðu | 162.202 | 130.668 | 21.056 | 8.121 | (310.688) | (14.570) | 1.044 |
| Heildarstaða | 490.614 | 23.587 | (287.669) | 1.582 | (194.097) | (11.723) | 26.549 |

*Greining eftirstöðva í fjáreignum og skuldum 2010*

| | Gjaldfallið | Enginn ákv. gjalddagi | Innan 3 mánaða | 3 til 12 mánaða | 1 til 5 ára | Yfir 5 ára | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Erlendar eignir* | | | | | | | |
| Bankainnstæður | | 225.825 | 207.436 | | | | 433.261 |
| Gulleign | | 28 | 10.399 | | | | 10.427 |
| Verðbréf | | | 217.821 | | | | 217.821 |
| Gjaldeyrisstaða við AGS | | 3.322 | | | | | 3.322 |
| Eignir utan forða | | 184 | | 1.505 | | | 1.689 |
| Gjaldfallin lán | | | | | | | 0 |
| | 0 | 229.359 | 435.655 | 1.505 | 0 | 0 | 666.520 |
| *Erlendar skuldir* | | | | | | | |
| Skammtímalán og innstæður | | 67.004 | | | | | 67.004 |
| Lán hjá AGS | | 19.971 | | | 156.322 | | 176.293 |
| Lán til aukningar forða | | | | | | 36.916 | 36.916 |
| | 0 | 86.975 | 0 | 0 | 156.322 | 36.916 | 280.213 |
| Mism. í erlendri gjalddagastöðu | 0 | 142.385 | 435.655 | 1.505 | (156.322) | (36.916) | 386.307 |
| *Innlendar eignir* | | | | | | | |
| Lán gegn veði | | | 41.820 | | | | 41.820 |
| Gjaldfallin veðlán | 101.951 | | | | | | 101.951 |
| Markaðsskráð verðbréf | | | | | 872 | 10.168 | 11.040 |
| Ýmsir aðilar | 19.231 | 2.462 | 39.484 | | 266.598 | 10 | 327.785 |
| Ríkissjóður, verðbréf | | 6.136 | | | 164.388 | | 170.524 |
| Fasteignir og lausafé | | 4.997 | | | | | 4.997 |
| | 121.182 | 13.594 | 81.304 | 0 | 431.858 | 10.178 | 658.116 |
| *Innlendar skuldir* | | | | | | | |
| Seðlar og mynt | | 38.269 | | | | | 38.269 |
| Viðskiptareikningar | | 92.576 | | | | | 92.576 |
| Innstæðubréf | | | 65.463 | | | | 65.463 |
| Ríkissjóður, viðskiptareikningar | | 130.050 | | | | | 130.050 |
| Ríkissjóður, bundin innlán | | 183.999 | | 117.328 | | | 301.328 |
| Ríkisstofnanir, viðskiptareikningar | | 1.427 | | | | | 1.427 |
| Ýmsir aðilar | | 22.411 | 252.979 | 2.433 | 48.174 | | 325.996 |
| Lífeyrisskuldbindingar | | | | 50 | 200 | 72 | 322 |
| Eigið fé | | 69.379 | | | | | 69.379 |
| | 0 | 538.112 | 318.442 | 119.811 | 48.373 | 72 | 1.024.810 |
| Mism. í innlendri gjalddagastöðu | 121.182 | (524.517) | (237.138) | (119.811) | 383.485 | 10.106 | (366.694) |
| Mism. í erlendri gjalddagastöðu | 0 | 142.385 | 435.655 | 1.505 | (156.322) | (36.916) | 386.307 |
| Heildarstaða | 121.182 | (382.133) | 198.517 | (118.306) | 227.163 | (26.810) | 19.613 |

*Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:*

| | |
|---|---|
| Afborganir 2011 | 119.811 |
| Afborganir 2012 | 59.660 |
| Afborganir 2013 | 73.673 |
| Afborganir 2014 | 47.209 |
| Afborganir 2015 | 14.518 |
| Afborganir síðar | 9.635 |
| Heildar langtímaskuldir | 324.507 |

# VIÐAUKAR

# Aðdragandi að stofnun Seðlabanka Íslands og nokkur atriði úr sögu bankans

Á ársfundi Seðlabanka Íslands 7. apríl 2011 eru 50 ár frá því að bankinn hóf starfsemi. Af því tilefni eru hér birt nokkur atriði úr aðdraganda að stofnun bankans og nokkur atriði úr sögu hans.

## Aðdragandinn

- Fyrstu peningaseðlar voru gefnir út hér á landi er starfsemi Landsbanka Íslands hófst árið 1886. Framlag landssjóðs til bankans nam tíu þúsund krónum, en auk þess fékk bankinn til ráðstöfunar hálfa milljón króna í seðlum, sem landsstjórn lét prenta.
- Íslandsbanki hf. var stofnaður 1903 og fékk einkarétt til seðlaútgáfu í 30 ár, en Landsbankinn studdist áfram við útgáfu landssjóðsseðla.
- Fram til 1927 störfuðu þessir tveir bankar með nokkrum útibúum og áttu drjúgan þátt í að hrinda af stað þeim miklu framförum í efnahags- og atvinnumálum sem urðu á Íslandi á síðustu öld. Þeir voru í reynd viðskiptabankar.
- Umræður um stofnun ríkisbanka með einkarétti til seðlaútgáfu enduðu með því að samþykkt voru lög um Landsbanka Íslands og hann gerður að viðskiptabanka og seðlabanka í senn. Landsbankinn starfaði í þremur deildum frá 1927, þ.e. seðlabankadeild, sparisjóðsdeild og veðdeild. Mjög dró úr umsvifum Íslandsbanka. Hann var lagður niður árið 1930, en á grunni hans reis Útvegsbanki Íslands hf.
- Á tímabilinu 1927-1957 varð eiginleg seðlabankastarfsemi Landsbanka Íslands æ viðameiri. Öll viðskipti banka, sparisjóða, ríkissjóðs og ríkisstofnana voru við seðlabankadeildina auk allra gjaldeyrisviðskipta. Á þessu tímabili komu enn fram tillögur um stofnun sjálfstæðs seðlabanka, en af þeirri skipan varð ekki fyrr en 1957 er Landsbankanum var skipt í tvær sjálfstæðar einingar, seðlabanka og viðskiptabanka, og var sérstök bankastjórn sett yfir hvorn hluta. Skrefið var þó ekki stigið til fulls, enda var t.d. bankaráð áfram sameiginlegt.
- Fullur aðskilnaður bankanna var loks gerður með setningu laga um sjálfstæðan seðlabanka nr. 10 frá 29. mars 1961. Hlaut hann nafnið Seðlabanki Íslands og tók við öllum réttindum og skyldum Landsbanka Íslands, seðlabankans. Bankinn hóf starfsemi sína 7. apríl 1961.

## Brot úr sögu bankans

- 1961 Seðlabanki Íslands formlega stofnaður 29. mars. Starfsemi hefst 7. apríl. Fjöldi starfsmanna í lok fyrsta starfsársins var 61. Seðlabankinn átti aðild að Efnahagsstofnun og innan bankans voru þá meðal annars Ríkisábyrgðasjóður og Stofnlánadeild sjávarútvegsins. Bankinn sinnir bankaeftirliti og afurðalánastarfsemi.
- 1962 Bankinn fær skýra heimild til að taka erlend lán fyrir ríkið.
- 1966 Seðlabanki Íslands gaf út fyrstu seðlaröð sína.

- 1967 Bankinn fær einkarétt til að slá og gefa út mynt (hafði áður rétt til seðlaútgáfu).
- 1969 Fyrsta myntröð Seðlabanka Íslands kemur út.
- 1974 Hagtölur mánaðarins fyrst gefnar út.
- 1977 Starfsmenn fá lögvarinn samningsrétt.
- 1979 Ólafslög sett og verðtrygging fjárskuldbindinga tekin upp með viðmiðun við lánskjaravísitölu.
- 1981 Gjaldmiðilsbreyting - verðgildi krónunnar hundraðfaldað. Seðlabankinn gaf út aðra seðlaröð sína. Önnur myntröð Seðlabanka Íslands kemur út.
- 1985 Verðbréfaþing Íslands stofnað að tilstuðlan S.Í.
- 1986 Ný lög um Seðlabankann - vaxtafrelsi staðfest. Vigdís Finnbogadóttir, forseti, leggur hornstein að húsi Seðlabankans við Kalkofnsveg 1.
- 1987 Seðlabankabyggingin við Kalkofnsveg tekin í notkun. Heildargólfflötur er 13 þúsund fermetrar á 7 hæðum með jarðhæð og kjallara og er lágbygging þá meðtalin. Byggingin hefur hýst fleiri stofnanir en Seðlabankann. Reiknistofa bankanna hefur haft þar aðstöðu og ennfremur hafði Þjóðhagsstofnun þar aðstöðu, auk Iðnþróunarsjóðs.
- 1989 Gengi krónunnar fest – þjóðarsátt.
- 1990 Starfsmenn bankans eru 160.
- 1992 Samkomulag milli fjármálaráðherra og Seðlabankans um að ríkissjóður mæti lánsfjárþörf sinni á fjármagnsmarkaði og að bein lán frá Seðlabankanum verði innan tiltekins hámarks árið 1992 og heyri síðan sögunni til.
- 1993 Gjaldeyrismarkaður stofnaður og vikmörk gengis leyfð ±2,25%. Útgáfa þriðju seðlaraðar bankans hefst.
- 1995 Vikmörk gengis víkkuð í ±6%.
- 1999 Bankaeftirlitið og Vátryggingaeftirlitið mynda Fjármálaeftirlit. Seðlabankinn hættir bankaeftirliti. Ritið Peningamál hefur göngu sína.
- 2000 Vikmörk gengis víkkuð í ±9%.
- 2001 Verðbólgumarkmið tekið upp og vikmörk gengis afnumin. Ný heildarlög um Seðlabanka Íslands samþykkt.
- 2005 Útgáfa á ritinu Fjármálastöðugleika hefst.
- 2006 Starfsmenn bankans eru 111.
- 2008 Þrír stærstu viðskiptabankar landsins skila inn starfsleyfum sínum til Fjármálaeftirlitsins vegna rekstrarerfiðleika. Yfir 90% af bankakerfinu á Íslandi falla í bankakreppunni. Gjaldeyrishöft innleidd að nýju.
- 2009 Breyting á lögum um Seðlabanka Íslands samþykkt. Í stað þriggja bankastjóra kveða lögin á um að einn bankastjóri og einn aðstoðarbankastjóri skuli starfa við bankann. Peningastefnunefnd hefur störf og tekur ákvarðanir um stýrivexti.
- 2011 Seðlabanki Íslands verður 50 ára hinn 7. apríl 2011. Starfsmenn í upphafi þess árs voru 134.

## Bankastjórn

- Bankastjórn var framan af skipuð þremur bankastjórum. Jóhannes Nordal hefur lengst verið starfandi bankastjóri, þ.e. frá 1961 til 1993 eða í 32 ár, þar af í 29 ár, frá 1964 til 1993, sem formaður bankastjórnar. Fyrsti formaður bankastjórnar var Jón G. Maríasson. Árið 2009 var lögum um bankann breytt og mælt svo fyrir að einn aðalbankastjóri skyldi starfa við bankann og einn aðstoðarbankastjóri. Bankastjóri Seðlabanka Íslands er Már Guðmundsson, en hann var skipaður 20. ágúst 2009. Aðstoðarbankastjóri frá 1. júlí 2009 er Arnór Sighvatsson.

## Bankastjórn frá upphafi:

Jóhannes Nordal 1961-1993
Jón G. Maríasson 1961-1967
Vilhjálmur Þór 1961-1964
Sigtryggur Klemensson 1966-1971
Davíð Ólafsson 1967-1986
Svanbjörn Frímannsson 1971-1973
Guðmundur Hjartarson 1974-1984
Tómas Árnason 1985-1993
Geir Hallgrímsson 1986-1990
Birgir Ísleifur Gunnarsson 1991-2005
Jón Sigurðsson 1993-1994
Eiríkur Guðnason 1994-2009
Steingrímur Hermannsson 1994-1998
Finnur Ingólfsson 2000-2002
Ingimundur Friðriksson 2002-2003
Jón Sigurðsson 2003-2006
Davíð Oddsson 2005-2009
Ingimundur Friðriksson 2006-2009
Svein Harald Øygard 2009-2009
Már Guðmundsson 2009-

## Bankaráð Seðlabankans

- Í bankaráði Seðlabanka Íslands sátu upphaflega fimm fulltrúar sem kosnir voru hlutfallskosningu á Alþingi. Á árinu 2001 var fulltrúum í bankaráði fjölgað í sjö. Hlutverk bankaráðsins hefur einkum verið að hafa eftirlit með starfsemi bankans, taka ákvarðanir um helstu framkvæmdir og ráða aðalendurskoðanda bankans. Fyrsti formaður bankaráðs var Birgir Kjaran alþingismaður. Núverandi formaður er Lára V. Júlíusdóttir.

## Formenn bankaráðs:

Birgir Kjaran 1961-1973
Ragnar Ólafsson 1973-1976
Jón Skaftason 1977-1979
Ingi R. Helgason 1979-1980
Halldór Ásgrímsson 1981-1983
Sverrir Júlíusson 1983-1984
Jónas G. Rafnar 1985-1986

## Formenn bankaráðs, frh.:

Ólafur B. Thors 1986-1990
Ágúst Einarsson 1990-1994
Þröstur Ólafsson 1994-1998
Ólafur G. Einarsson 1998-2006
Helgi S. Guðmundsson 2006-2007
Halldór Blöndal 2007-2009
Lára V. Júlíusdóttir 2009 -

# Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2010

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nr. | 1 | 27. janúar 2010 | Vaxtaákvörðun peningastefnunefndar |
| – | 2 | 27. janúar 2010 | *Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands:* Vextir Seðlabankans lækkaðir |
| – | 3 | 1. mars 2010 | Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fjórða ársfjórðungi 2009 |
| – | 4 | 17. mars 2010 | Vextir Seðlabankans lækkaðir |
| – | 5 | 17. mars 2010 | *Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands:* Vextir Seðlabankans lækkaðir |
| – | 6 | 25. mars 2010 | Uppkaup Seðlabanka Íslands á skuldabréfum ríkissjóðs |
| – | 7 | 10. apríl 2010 | Samúðarkveðjur vegna fráfalls seðlabankastjóra Póllands |
| – | 8 | 30. apríl 2010 | Breyting á reglum um gjaldeyrismál |
| – | 9 | 5. maí 2010 | Vaxtaákvörðun peningastefnunefndar |
| – | 10 | 5. maí 2010 | *Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands:* Vextir Seðlabankans lækkaðir |
| – | 11 | 19. maí 2010 | Seðlabanki Íslands, Seðlabanki Lúxemborgar og skiptastjóri Landsbankans í Lúxemborg undirrita samkomulag í Lúxemborg |
| – | 12 | 28. maí 2010 | Seðlabanki Íslands semur um kaup á evruskuldabréfum Avens |
| – | 13 | 31. maí 2010 | Samkomulag um kaup lífeyrissjóða á íbúðabréfum í eigu ríkissjóðs til að styrkja gjaldeyrisforðann |
| – | 14 | 3. júní 2010 | Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fyrsta ársfjórðungi 2010 |
| – | 15 | 9. júní 2010 | Tvíhliða gjaldmiðlaskiptasamningur milli Seðlabanka Kína og Seðlabanka Íslands |
| – | 16 | 9. júní 2010 | Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða leiðrétt 2009 og á fyrsta ársfjórðungi 2010 |
| – | 17 | 22. júní 2010 | Ríkissjóður leysir til sín skuldabréf í evrum og gjaldeyrisforðinn styrktur |
| – | 18 | 23. júní 2010 | Vaxtaákvörðun peningastefnunefndar |
| – | 19 | 23. júní 2010 | *Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands:* Vextir Seðlabankans lækkaðir |
| – | 20 | 30. júní 2010 | Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands senda fjármálafyrirtækjum tilmæli |
| – | 21 | 16. ágúst 2010 | Samkomulag ráðuneyta og stofnana um samráð varðandi fjármálastöðugleika og viðbúnað |
| – | 22 | 17. ágúst 2010 | Samkomulag um fjármálastöðugleika milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkja |
| – | 23 | 18. ágúst 2010 | Vextir Seðlabankans lækkaðir |
| – | 24 | 18. ágúst 2010 | *Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands:* Seðlabankinn lækkar vexti |
| – | 25 | 30. ágúst 2010 | Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á öðrum ársfjórðungi 2010 |
| – | 26 | 19. september 2010 | Sala á danska bankanum FIH |
| – | 27 | 22. september 2010 | Vextir Seðlabankans lækkaðir |
| – | 28 | 22. september 2010 | *Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands:* Seðlabankinn lækkar vexti |
| – | 29 | 1. nóvember 2010 | Reglur um gjaldeyrismál |
| – | 30 | 3. nóvember 2010 | Vextir Seðlabankans lækkaðir |
| – | 31 | 3. nóvember 2010 | *Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands:* Vextir Seðlabankans lækkaðir |
| – | 32 | 3. nóvember 2010 | Yfirlýsing vegna gjaldeyrishafta |

| | | |
|---|---|---|
| – 33 | 2. desember 2010 | Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á þriðja ársfjórðungi 2010 |
| – 34 | 8. desember 2010 | Vextir Seðlabankans lækkaðir |
| – 35 | 8. desember 2010 | *Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands:* Vextir Seðlabankans lækkaðir |
| – 36 | 20. desember 2010 | Peningastefnan eftir höft |
| – 37 | 29. desember 2010 | Efnahagsyfirlit bankakerfisins 2008-2010 |
| – 38 | 30. desember 2010 | Samningum um skuldir sparisjóða er lokið |

# Ritaskrá Seðlabanka Íslands fyrir árið 2010

*Rit á íslensku:*

Ársskýrsla 2009.

Fjármálastöðugleiki 2010, tvö hefti.

Peningamál 2010, fjögur hefti.

Hagvísar 2010, níu hefti.

Vextir og gengi þegar peningastefnan er á verðbólgumarkmiði. Efnahagsmál. Nr. 2.

Peningastefnan eftir höft. Skýrsla Seðlabanka Íslands til efnahags- og viðskiptaráðherra. Sérrit nr. 4.

*Rit á ensku:*

Annual Report 2009.

Financial Stability 2010, tvö hefti.

Monetary Bulletin 2010, fjögur hefti.

Economic Indicators, níu hefti.

Economy of Iceland.

Central Bank of Iceland Working Papers No. 48, New Perspectives on Depreciation Shocks as a Source of Business Cycle Fluctuations, eftir Fransesco Furlanetto og Martin Seneca (July 2010).

Central Bank of Iceland Working Papers No. 49, Investment specific technology shocks and consumption, eftir Fransesco Furlanetto og Martin Seneca (July 2010).

Central Bank of Iceland Working Papers No. 50, A DSGE model for Iceland, eftir Martin Seneca (September 2010).

Central Bank of Iceland Working Papers No. 51, Weathering the financial storm: The importance of fundamentals and flexibility, eftir Þorvarð Tjörva Ólafsson og Þórarin G. Pétursson (October 2010).

Central Bank of Iceland Working Papers No.52, Longevity, Growth and Intergenerational Equity – The Deterministic Case, eftir Torben M. Andersen og Marías H. Gestsson (October 2010).

Öll þessi rit eru aðgengileg á vef bankans.

## Ræður, erindi og greinar

Hér eru birtar helstu ræður, erindi og greinar seðlabankastjóra, annarra yfirmanna bankans og sérfræðinga á árinu 2010. Efnið er í mörgum tilvikum aðgengilegt á heimasíðu Seðlabanka Íslands. Það er ýmist á íslensku eða ensku.

*Már Guðmundsson seðlabankastjóri:*

Erindi um peningamál á málstofu um skipan peningamála að fjármálakreppu lokinni í Würzburg (Monetären Workshop in der Akademie Frankenwarte) í Þýskalandi 6.12.2010.

Erindi um lærdóma af fjármálakreppunni á Íslandi á málstofu Institute for Monetary and Financial Stability, House of Finance, við Göthe Háskólann í Frankfurt 3.12.2010.

Ræða á aðalfundi Sambands íslenskra sparisjóða 25.11.2010.

Erindi um peningastefnu, gjaldeyrishöft og fleira á hádegisverðarfundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga 11.11.2010.

Ræða á ráðstefnu Viðskiptaráðs Íslands 5.11.2010.

Erindi um fjármálakreppuna og aðlögun íslensks efnahagslífs á ráðstefnu KPMG 28.10.2010.

Ræða um stöðu hagkerfis á Íslandi tveimur árum eftir fjármálahrunið á fundi Íslensk-ameríska verslunarráðsins í New York 21.10.2010.

Erindi um efnahagsmál á Íslandi á fjárfestaráðstefnu J.P. Morgan 9.10.2010.

Erindi um íslenskt efnahagslíf upp úr öldudalnum á aðalfundi Samtaka fiskvinnslustöðva 29.9.2010.

Erindi um traustari ramma peningastefnu og fjármálastöðugleika á ráðstefnu Samtaka fjármálafyrirtækja 12.5.2010.

Erindi um reynsluna af lífeyrissjóðakerfinu við setningu á ráðstefnu evrópskra lífeyrissjóða, European Pension Convention, á Íslandi 2.5.2010.

Erindi um lærdóma frá Íslandi um alþjóðlega bankastarfsemi á ráðstefnu BIS og AGS sem haldin var í tengslum við vorfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 26.4.2010.

Ræða um peningastefnu og fjármálastöðugleika á ársfundi Seðlabanka Íslands 25.3.2010.

Erindi um lærdóma fjármálakreppunnar fyrir alþjóðlega bankastarfsemi á SUERF ráðstefnu í Vín 12.2.210.

Erindi um fjármálakreppuna á Íslandi og erfiðleika í alþjóðlegri bankastarfsemi á viðskiptafræðiráðstefnu Verslunarháskólans í Bergen 7.1.2010.

*Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri:*

Erindi um leiðina úr viðjum gjaldeyrishafta á Íslandi á fundi Íslenskra verðbréfa 7.10.2010.

Inngangsorð um tilmæli Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlits til fjármálafyrirtækja vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða 30.6.2010.

Erindi um höftin, ríkisfjármálin og efnahagsbatann á fundi Viðskiptaráðs Íslands 24.3.2010.

Erindi um kostnað hins opinbera af íslensku fjármálakreppunni á ráðstefnu um kerfisáhættu í University of Warwick 6.-8. apríl 2010.

*Þórarinn G. Pétursson aðalhagfræðingur.*

Kynning á rannsókn á fjármálakreppunni á norræna aðalhagfræðingafundinum í Kaupmannahöfn, 27.-28.9.2010.

Fyrirlestur um rannsókn á fjármálakreppunni á ráðstefnunni The Euro Area and the Financial Crisis, Bratislava, Slóvakíu, 6.-8.9.2010.

Erindi um ris og fall íslenska hagkerfisins og um framtíðarhorfur fyrir gesti bandarísks háskóla, Lehigh University, 14.5.2010.

Fyrirlestur um viðfangsefni í efnahagsstjórn á Íslandi á vinnufundi Alþjóðagreiðslubankans í Basel, 19.2.2010.

Erindi um stöðu íslenskra efnahagsmála og leiðina til efnahagsbata á alþjóðlegri ráðstefnu um orkumál á vegum Capacent Glacier, 5.2.2010.

*Tryggvi Pálsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs:*

Erindi um vöxt, fall og endurreisn íslenska bankakerfisins á alþjóðlegum vinnufundi (MAFIN) sem haldinn var í Háskólanum í Reykjavík, 25.10.2010.

*Önnur erindi og greinar:*

Erindi Karenar Á. Vignisdóttur og Þorvarðar Tjörva Ólafssonar um skuldastöðu heimila á Íslandi og hverju aðgerðir í þágu heimila hafa fengið áorkað 12.4.2010.

Erindi Ólafs Klemenssonar: „The Role of Fish Markets in the Value Chain of Cod“, á IIFET (International Institute of Fisheries Economics and Trade), Montpellier, Frakkland, júlí 2010, birt í IIFET Proceedings Nov. 2010.

Erindi Rannveigar Sigurðardóttur: Ris og fall íslenska hagkerfisins, peningastefnan og framtíðarhorfur. Haldið fyrir samtök norrænna bæjarstarfsmanna (NTR) 23. mars 2010.

Erindi Rannveigar Sigurðardóttur: Um Íslenska hagkerfið fyrir sendinefnd Per Callesens, fastafulltrúa kjördæmis Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 22. janúar 2010.

Grein Arnórs Sighvatssonar aðstoðarseðlabankastjóra, Þórarins G. Péturssonar aðalhagfræðings og Tómasar Arnar Kristinssonar framkvæmdastjóra upplýsingasviðs um vinnslu og birtingu gagna um skuldastöðu þjóðarbúsins í Morgunblaðinu 9.1.2010.

Grein Þórarins G. Péturssonar: „Inflation control around the world: Why are some countries more successful than others?“, sem birtist í bókinni Twenty Years of Inflation Targeting: Lessons Learned and Future Prospects (ritstjórar D. Cobham, Ø. Eitrheim, S. Gerlach og J. F. Qvigstad) frá Cambridge University Press, 2010.

Grein Ásgeirs Daníelssonar: „Nokkrar athugasemdir við gagnrýni Ragnars Árnasonar á peningastefnu Seðlabanka Íslands“, birt í umræðuhorni Tímarits um viðskipti og efnahagsmál 20. desember 2010.

Auk þess hafa stjórnendur og starfsmenn Seðlabanka Íslands haldið fjölda kynningarerinda um ýmislegt er tengist starfsemi bankans. Þar er m.a. um að ræða kynningar fyrir ýmsar fjármálastofnanir og námsmenn.

# Annáll efnahags- og peningamála 2010

**Janúar 2010**

Hinn 5. janúar neitaði forseti Íslands að undirrita lög um breytingar á heimild fjármálaráðherra til að veita ríkisábyrgð á lántökum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta vegna innstæðna á Icesave-reikningum. Með því vísaði forseti málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þremur dögum seinna samþykkti Alþingi lög um að atkvæðagreiðslan skyldi fara fram hið fyrsta og ekki seinna en 6. mars.

Hinn 5. janúar birti matsfyrirtækið Standard og Poor's tilkynningu um óbreytt lánshæfismat, en taldi hættu á einangrun á lánsfjármörkuðum og harkalegum þrýstingi erlendis frá vegna Icesave-málsins.

Hinn 5. janúar greindi matsfyrirtækið Fitch Ratings frá lækkun lánshæfismats Íslands í innlendum og erlendum gjaldmiðli. Langtímaeinkunnir Íslands í erlendum og innlendum gjaldmiðli urðu BB+ og BBB+ og skammtímaeinkunn í erlendum gjaldmiðli varð B. Landseinkunn lækkaði úr BBB- í BB+. Í yfirlýsingu Fitch kom fram að lækkunin ætti rætur að rekja til ákvörðunar forseta Íslands að synja Icesave-lögunum staðfestingar.

Hinn 6. janúar birti matsfyrirtækið Moody's tilkynningu þar sem sagði að lánshæfiseinkunn ríkissjóðs yrði að svo stöddu óbreytt þrátt fyrir synjun forseta Íslands á Icesave-ábyrgðarlögunum. Talin var hætta á óróleika í innlendum stjórnmálum og þrýstingi frá útlöndum vegna Icesave-málsins. Hvort tveggja gæti spillt lánshæfismati Íslands.

Hinn 7. janúar veitti Fjármálaeftirlitið ISB Holding ehf. leyfi til að fara með virkan eignarhlut í Íslandsbanka fyrir hönd Glitnis banka hf. Leyfið var veitt í kjölfar samnings Glitnis og íslenska fjármálaráðuneytisins hinn 13. september 2009, þess efnis að Glitnir gæti eignast 95% hlut í Íslandsbanka að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Hinn 8. janúar tilkynnti japanska matsfyrirtækið R&I Rating að lánshæfiseinkunn ríkissjóðs yrði áfram undir eftirliti vegna hugsanlegrar lækkunar. Matsfyrirtækið staðfesti fyrri einkunn ríkissjóðs hjá fyrirtækinu, BBB-.

Hinn 11. janúar veitti Fjármálaeftirlitið Kaupskilum ehf. leyfi til að fara með virkan eignarhlut í Arion banka hf. fyrir hönd Kaupþings banka hf. Leyfið var veitt í kjölfar samnings Kaupþings og íslenska fjármálaráðuneytisins hinn 3. september 2009, þess efnis að Kaupþing gæti eignast 87% hlut í Arion banka að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Hinn 12. janúar fylgdi matsfyrirtækið Fitch eftir ákvörðun sinni hinn 5. janúar með nánari greinargerð. Þar kom fram að skortur á Icesave-samkomulagi, óstöðugleiki í efnahagsmálum og lakari skuldastaða hins opinbera gætu haft áhrif til lækkunar.

Hinn 22. janúar veitti Fjármálaeftirlitið Landskilum ehf. leyfi til að fara með virkan eignarhlut í NBI hf. fyrir hönd Landsbanka Íslands hf. Leyfið var veitt í kjölfar samnings Landsbanka Íslands hf. og íslenska fjármálaráðuneytisins 15. desember 2009, m.a. þess efnis að Landsbanki Íslands hf. gæti eignast 18,7% hlut í NBI hf. að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Hinn 27. janúar ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að lækka vexti bankans um 0,5 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækkuðu í 8,0%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 9,25%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga í 9,5% og daglánavextir í 11,0%.

Hinn 29. janúar heimilaði sjávarútvegsráðherra veiðar á 130.000 tonnum af loðnu á vetrarvertíð. Koma 97.100 tonn í hlut íslenskra skipa.





Hinn 29. janúar tilkynnti matsfyrirtækið Standard and Poor's óbreytta lánshæfiseinkunn ríkissjóðs, en að matið yrði áfram á athugunarlista vegna óvissu um erlenda lánsfjármögnun, afnám gjaldeyrishafta og stöðuna í Icesave-málinu.

**Febrúar 2010**

Hinn 8. febrúar skipaði ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála fjárhaldsstjórn fyrir Álftanes að tillögu eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

Hinn 17. febrúar var tilkynnt að Fjármálaeftirlitið hefði sett á stofn þriggja manna ráðgjafarnefnd um mat á hæfi stjórnarmanna í eftirlitsskyldum fyrirtækjum.

Hinn 24. febrúar gaf framkvæmdastjórn Evrópusambandsins út álit um aðildarumsókn Íslands að ESB. Niðurstaða hennar var að Ísland fullnægði öllum skilyrðum sem umsóknarríki og var lagt til að hafnar yrðu aðildarviðræður við Ísland.

Hinn 25. febrúar samþykkti Alþingi lög nr. 11/2010, um breytingu á lögum um nauðungarsölu, þannig að fram til 1. ágúst 2010 geti skuldari samkvæmt umsókn fengið frestun á sölu eigin íbúðarhúsnæðis um allt að þrjá mánuði. Breytingin gekk í gildi samdægurs. Áður var í lögum ákvæði um frestun á nauðungarsölu íbúðarhúsnæðis fram yfir 28. febrúar.

Hinn 26. febrúar lýsti matsfyrirtækið Moody's áhyggjum af þeim þrýstingi sem þráteflið í Icesave-málinu setti til lækkunar á Baa3 lánshæfiseinkunn Íslands. Engar breytingar voru tilkynntar á lánshæfismati.

**Mars 2010**

Hinn 4. mars samþykkti Alþingi lög nr. 13/2010, um breytingar á hlutafélagalögum. Með breytingunni er hlutverk stjórnarformanna takmarkað þannig að staða starfandi stjórnarformanna má heita úr sögunni. Þá eru fest í lög afdráttarlaus ákvæði um kynjajöfnuð í félagsstjórnum.

Hinn 4. mars staðfesti Fjármálaeftirlitið sameiginlegar reglur fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Fjármálaeftirlitinu var falið að staðfesta reglur eftirlitsskyldra aðila um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum skuldabréfa og lánssamninga sem kunna að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana fyrir fyrirtæki. Var það gert með lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins.

Hinn 5. mars tilkynnti Fjármálaeftirlitið að gengið hefði verið frá upplýsingaskiptasamningum við fjármálaeftirlitið á Bresku Jómfrúareyjum og verðbréfaeftirlit Alberta-fylkis í Kanada.

Hinn 6. mars fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla um heimild til ríkisábyrgðar vegna Icesave-reikninganna. Var ábyrgðarheimildinni hafnað með um 98% gildra atkvæða. Gengu því eldri lög um ábyrgðarheimild með fyrirvörum, nr. 96/2009, aftur í gildi.

Hinn 8. mars gaf matsfyrirtækið Standard & Poor's frá sér yfirlýsingu þar sem fram kom að synjun Icesave-laganna í þjóðaratkvæðagreiðslu hefðu engin umsvifalaus áhrif á lánshæfismat ríkissjóðs.

Hinn 10. mars veitti Fjármálaeftirlitið Arev verðbréfafyrirtæki hf. auknar starfsheimildir sem verðbréfafyrirtæki og var starfsleyfi félagsins endurútgefið með tilliti til þess.

Hinn 17. mars ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að lækka vexti bankans um 0,5 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækkuðu í 7,5%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 8,75%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga í 9,0% og daglánavextir í 10,5%.

Hinn 22. mars samþykkti Alþingi lög nr. 17/2010 sem banna verkfall flugvirkja, sem hófst á miðnætti kvöldið áður. Gildistími kjarasamnings sem rann út 31. okt. 2009 var framlengdur út nóvember 2010.

Hinn 23. mars úrskurðaði nefnd um erlenda fjárfestingu að ekki væri ástæða til að gera athugasemdir við fjárfestingu Magma Energy Sweden AB í HS Orku hf. Úrskurður nefndarinnar telst endanlegur.

Hinn 25. mars samþykkti Alþingi lög nr. 23/2010, um breytingu á lögum um tekjuskatt, sem heimilar ríkisskattstjóra að krefjast kyrrsetningar eigna hjá aðilum sem grunaðir eru um stórfelld brot á framtalsreglum eða ef talin er veruleg hætta á að stórfelld vanhöld verði á skattskilum.

Hinn 29. mars veitti Fjármálaeftirlitið Arctica Finance hf. starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki, samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Samhliða fékk Arctica ehf. heimild til að eiga og fara með yfir 50% eignarhlut í Arctica Finance.

Hinn 30. mars staðfesti matsfyrirtækið Standard & Poor's lánshæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands fyrir erlendar langtíma- og skammtímaskuld-

bindingar BBB-/A-3. Lánshæfiseinkunnir fyrir innlendar langtíma- og skammtímaskuldbindingar voru lækkaðar í BBB/A-3 úr BBB+/A-2. Lánshæfiseinkunnirnar voru teknar af gátlista, þar sem þær höfðu verið með neikvæðum horfum frá 5. janúar 2010. Horfur voru áfram neikvæðar.

Hinn 30. mars gaf matsfyrirtækið Standard & Poor's út árlega skýrslu sína um Ísland. Þar kom meðal annars fram að grunnstoðir efnahagslífsins væru sterkar og að horfur væru betri hvað varðar erlenda lánsfjármögnun en að erfitt gæti reynst að afnema gjaldeyrishöft.

**Apríl 2010**

Hinn 6. apríl breytti matsfyrirtækið Moody's horfum á lánshæfiseinkunn ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar. Megináståæða var að sögn Moody's óvissa um erlenda lánsfjármögnun.

Hinn 12. apríl kom út skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna árið 2008. Skýrslan var gefin út í prentuðu formi og birt á vef Alþingis.

Hinn 13. apríl veitti Fjármálaeftirlitið Alfa verðbréfum hf. starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Hinn 14. apríl hófst eldgos í Eyjafjallajökli eftir að minna gos hafði staðið frá 20. mars á Fimmvörðuhálsi austan við jökulinn. Gosið í jöklinum olli miklum truflunum á flugi innanlands og í Evrópu og dró verulega úr ferðamannastraumi til Íslands fram eftir sumri. Um miðjan maí var eldgosinu að mestu lokið.

Hinn 16. apríl samþykkti framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins aðra endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda. Að ósk íslenskra stjórnvalda var samþykkt að framlengja lánafyrirgreiðslu sjóðsins um þrjá mánuði, til loka ágúst 2011, vegna þeirra tafa sem höfðu orðið á endurskoðun áætlunarinnar. Með samþykkt framkvæmdastjórnarinnar varð þriðji áfangi lánafyrirgreiðslunnar til reiðu, að upphæð 105 milljónir SDR. Sú upphæð er jafnvirði 160 milljóna Bandaríkjadala eða um 20 ma.kr. Einnig varð heimil lánafyrirgreiðsla frá Norðurlöndunum og Póllandi að fjárhæð um 85 ma.kr.

Hinn 22. apríl fóru stjórnir Byrs Sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík fram á að Fjármálaeftirlitið tæki yfir starfsemi sparisjóðanna í kjölfar þess að samningaviðræðum við kröfuhafa þeirra lauk án árangurs. Í ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda sparisjóðanna kemur fram að eignir og innlán Byrs Sparisjóðs hafi verið fluttar til nýs viðskiptabanka, Byrs hf., og eignir og innlán Sparisjóðsins í Keflavík hafi verið fluttar til nýs sparisjóðs, SpKef Sparisjóðs. Bæði fjármálafyrirtækin eru að fullu í eigu ríkisins.

Hinn 23. apríl samþykkti Alþingi lög nr. 31/2010, um breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti, sem fólust í því að frestir til að rifta ráð-

stöfunum þrotamanna skyldu miðast við fjögur ár fyrir frestdag til að tryggja að hægt verði að ganga frá þeim málum sem upp koma í kjölfar bankahrunsins án þess að hætta sé á að hagsmunir spillist vegna álags og tímaskorts.

Hinn 23. apríl breytti matsfyrirtækið Moody's horfum á lánshæfismati Ríkissjóðs Íslands úr neikvæðum í stöðugar. Einkunn Íslands var eftir sem áður Baa3 á innlendum og erlendum langtímaskuldbindingum og P-3 á skammtímaskuldbindingum. Breytingin átti rætur sínar að rekja til bættrar erlendrar lausafjárstöðu ríkissjóðs í kjölfar annarrar endurskoðunar efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Hinn 23. apríl veitti Fjármálaeftirlitið KEA svf. heimild til að fara með virkan eignarhlut í Sparisjóði Höfðhverfinga.

Hinn 27. apríl gaf matsfyrirtækið Moody's út árlega skýrslu sína um Ísland. Þar kom fram að náðst hefði stöðugleiki í efnahagslífi en að aðhald í ríkisfjármálum og veik fjárfesting myndu að líkindum leiða til viðvarandi efnahagslægðar út árið 2010.

Hinn 30. apríl gerði Seðlabanki Íslands breytingar á reglum um gjaldeyrismál. Reglurnar voru gerðar skýrari, hámarksfjárhæð heimildar til kaupa á erlendum gjaldeyri vegna ferðalaga var lækkuð og breyting gerð á sérstökum undanþágum til að taka af allan vafa um ólögmæti aflandsviðskipta.

**Maí 2010**

Hinn 5. maí ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að lækka vexti bankans um 0,5 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækkuðu í 7,0% og hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 8,25%. Vextir á lánum gegn veði til sjö daga lækkuðu í 8,5% og daglánavextir í 10,0%.

Hinn 19. maí undirrituðu Seðlabanki Íslands (SÍ), Seðlabanki Lúxemborgar (BCL) og skiptastjóri Landsbankans í Lúxemborg samkomulag um kaup SÍ á 98% útistandandi skuldabréfa Avens B.V. Skuldabréfin voru í eigu Landsbankans í Lúxemborg en veðsett BCL í tengslum við lausafjárfyrirgreiðslu á árinu 2008. Fékk SÍ full yfirráð yfir eignum Avens, sem var stærsti einstaki eigandi krónueigna utan Íslands með um 120 ma.kr. eða um fjórðung allra krónueigna erlendra aðila á þeim tíma sem viðskiptin voru gerð.

Hinn 26. maí sendi Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) frá sér formlega athugasemd (e. letter of formal notice) þar sem fram kemur það álit stofnunarinnar að íslenskum stjórnvöldum hafi borið skylda til þess að setja upp innstæðutryggingar sem tryggi innstæður að því lágmarki sem tilskipun um innlánatryggingakerfi nr. 94/19/EB kveður á um, eða 20.000 evrur.

Hinn 28. maí samdi Seðlabanki Íslands fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands um kaup á rösklega 2% hluta af útgefnum evruskuldabréfum Avens

B.V. Með viðskiptunum varð ríkissjóður eigandi að öllum útgefnum skuldabréfum félagsins í evrum (en áður hafði hann tryggt sér 98% af útistandandi skuldabréfum félagsins við undirskrift samnings í Lúxemborg 19. maí).

Hinn 30. maí seldi ríkissjóður 26 lífeyrissjóðum íbúðabréf að nafnverði 90 ma.kr. sem ríkissjóður hafði eignast við hrunið og með kaupum frá Seðlabankanum í Lúxemborg. Lífeyrissjóðirnir keyptu bréfin miðað við 7,2% ávöxtun og fjármögnuðu kaupin með sölu á erlendum eignum. Við söluna lækkaði hrein skuld ríkisins í erlendri mynt sem hafði aukist vegna fjármögnunar áðurnefndra samninga í Lúxemborg. Jafnframt jókst gjaldeyrisforði Seðlabankans um 82 ma.kr.

**Júní 2010**

Hinn 1. júní samþykkti Alþingi lög nr. 49/2010, um breytingu á lögum um stimpilgjald, og lögum um aukatekjur ríkissjóðs, þar sem tímabundið er heimiluð undanþága stimpilgjalds við endurfjármögnun bílalána auk þess sem rýmkuð var undanþága frá greiðslu þinglýsingargjalda vegna endurfjármögnunar fasteignaveðskuldabréfa og bílalána einstaklinga.

Hinn 9. júní var undirritaður tvíhliða gjaldmiðlaskiptasamningur milli Seðlabanka Kína og Seðlabanka Íslands. Fjárhæð samningsins er 66 m.kr. eða 3,5 milljarðar kínversk júan. Samningurinn gildir í þrjú ár og er hægt að framlengja hann að gefnu samþykki beggja aðila.

Hinn 9. júní var aðildarumsókn Fjármálaeftirlitsins að Alþjóðasambandi verðbréfaeftirlitsstofnana (IOSCO) samþykkt. Með aðildinni getur Fjármálaeftirlitið skipst á upplýsingum um verðbréfaviðskipti við flestar þjóðir heims innan ramma gildandi laga.

Hinn 10. júní tóku gildi ný lög um vátryggingastarfsemi, nr. 56/2010, og leystu af hólmi eldri lög, nr. 60/1994. Lögin gilda um frumtryggingastarfsemi á sviði skaðatrygginga og persónutrygginga auk hvers konar endurtrygginga en eftirlit með þeim er sem fyrr í höndum Fjármálaeftirlitsins.

Hinn 10. júní samþykkti Alþingi lög nr. 60/2010, um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti, sem miða að því að bæta réttarstöðu skuldara, m.a. svo að þeir geti dvalið áfram í íbúðarhúsnæði um nokkurn tíma við gjaldþrotaskipti eða eftir nauðungarsölu. Einnig var bætt við ákvæðum um að ef eign er seld nauðungarsölu á eðlilegu markaðsverði, reiknist mismunur skuldaranum til góða.

Hinn 10. júní samþykkti Alþingi lög nr. 70/2010, um breytingar á atvinnuleysistryggingum og húsaleigubótum, þar sem m.a. réttur til hlutfallslegra bóta á móti skertu starfshlutfalli framlengist til loka ársins 2010, tekjur úr séreignarsjóðum skerði ekki atvinnuleysisbætur (afturvirkt frá 1. mars 2009) og við framkvæmd laganna skuli tekið tillit til alþjóðlegra skuldbindinga. Breyting á lögum um húsaleigubætur felur í sér að tekjur úr séreignarlífeyrissjóði skerði ekki bætur.

Hinn 11. júní samþykkti Alþingi lög nr. 67/2010, um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Var það gert til að auðvelda uppgjör milli gömlu og nýju bankanna.

Hinn 12. júní samþykkti Alþingi lög nr. 75/2010, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki. Breytingarnar fela í sér hertar reglur og aukið eftirlit og má þar m.a. nefna auknar eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins, skyldu til þess að halda sérstaka skrá um stærri lántakendur, þrengri og skýrari skilyrði fyrir því að fjármálafyrirtæki eigi eigin hluti, bann við lánveitingum með veði í eigin hlutabréfum eða stofnfjárbréfum, þröngar skorður við lánveitingum til tiltekinna aðila sem tengdir eru fyrirtækinu, þrengri reglur um stórar áhættuskuldbindingar og reglur um hvernig megi standa að hvatakerfum, kaupaukakerfum og starfslokasamningum.





Hinn 14. júní samþykkti Alþingi lög nr. 78/2010, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál og tollalögum, þar sem Seðlabanka Íslands var algerlega falin meðferð rannsóknar og álagning sekta í tengslum við eftirlit með lögum og reglum um gjaldeyrismál.

Hinn 15. júní samþykkti Alþingi lög nr. 95/2010, um breytingar á lögum um aðför og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þar sem meðal annars nauðasamningur er gerður að virkara úrræði fyrir skuldara og skilyrði eru rýmkuð fyrir því að knýja fram árangurslaust fjárnám og gjaldþrotaskipti.

Hinn 15. júní samþykkti Alþingi lög nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, en markmið þeirra laga er að örva og efla fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi með því að tilgreina með gagnsæjum hætti í lögum hvaða heimildir stjórnvöld og sveitarfélög hafa til að veita skilgreindar ívilnanir til fjárfestingarverkefna, svo að horfið verði frá því fyrirkomulagi sem tíðkast hefur að gera sértæka fjárfestingarsamninga vegna einstakra verkefna á grundvelli sérstakra heimildarlaga frá Alþingi.

Hinn 16. júní samþykkti Alþingi lög nr. 92/2010, um breytingu á lögum um tekjuskatt, ívilnun vegna endurbóta og viðhalds. Við álagningu 2011 og 2012 má draga frá tekjum 50% af þeirri fjárhæð sem greidd er vegna vinnu án virðisaukaskatts sem unnin er á árunum 2010 og 2011, að hámarki 200.000 kr. hjá einstaklingi og 300.000 kr. hjá hjónum og samsköttuðum, vegna viðhalds og endurbóta á íbúðar- og frístundahúsnæði til eigin nota.

Hinn 16. júní féllu dómar í Hæstarétti Íslands í svokölluðum gengistryggingarmálum, þar sem tekist var á um lögmæti sk. gengistryggðs bílasamnings. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að umræddur samningur væri í raun lánssamningur, en ekki bílasamningur, og að lánið sem um ræddi væri lán í íslenskum krónum en ekki erlendri mynt, en einnig að það væri andstætt ákvæðum vaxtalaga að gengistryggja höfuð-

stól lánsins. Dómurinn var afar fordæmisgefandi um túlkun sk. gengistryggðra lánasamninga, en þó var þeirri spurningu enn ósvarað hvernig fara ætti með uppgjör þeirra að teknu tilliti til vaxta.

Hinn 22. júní leysti Ríkissjóður Íslands til sín skuldabréf í evrum með gjalddaga 2011 og 2012 í kjölfar opins útboðs. Kaupin námu alls 160 milljónum evra af fyrra bréfinu og 32 milljónum evra af því síðara að nafnvirði. Einnig var ákveðið að nýta tvíhliða lánsheimildir sem samið hafði verið um við Danmörku, Finnland, Noreg, Pólland og Svíþjóð í tengslum við efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Heildarfjárhæðin nemur jafnvirði 639 milljóna evra og bætist við gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands.

Hinn 23. júní ákvað peningastefnunefnd að lækka vexti bankans um 0,5 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækkuðu í 6,5%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 7,75%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga í 8,0% og daglánavextir í 9,5%.

Hinn 24. júní samþykkti Alþingi lög nr. 100/2010, um stofnun sérstaks embættis umboðsmanns skuldara, sem hefur það hlutverk að veita einstaklingum endurgjaldslausa aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til úrlausnar á þeim. Umboðsmanni skuldara er ætlað að hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna, fara með framkvæmd greiðsluaðlögunar, taka við erindum skuldara, gæta hagsmuna þeirra og bregðast við ef gengið er á réttindi þeirra. Einnig á hann að veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna.

Hinn 24. júní samþykkti Alþingi lög nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, en markmið þeirra laga er að gera einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu þannig að raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð.

Hinn 24. júní samþykkti Alþingi lög nr. 102/2010, um breytingu á lögum um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, þar sem úrræði laga um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði eru fest í sessi, þannig að ekki verði lengur um tímabundið úrræði að ræða.

Hinn 24. júní samþykkti Alþingi lög nr. 103/2010, um tímabundið úrræði einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota, en samkvæmt lögunum getur einstaklingur sem greiðir fasteignaveðkröfur af tveimur fasteignum vegna kaupa á fasteign sem ætluð var til að halda heimili í, óskað eftir því að ráðstafa annarri eigninni til veðhafa. Lögin gilda frá 1. ágúst 2010 til ársloka 2011.

Hinn 24. júní samþykkti Alþingi lög nr. 104/2010, um tímabundna breytingu á lögum um tekjuskatt, varðandi skattalega meðferð á eftirgjöf skulda, bæði varðandi lögaðila og aðila í sjálfstæðum atvinnurekstri og svo einstaklinga, vegna þess óvenjulega ástands sem uppi er, svo að tímabundið verði heimilt, að uppfylltum tilteknum skilyrðum,

að telja einungis ákveðið hlutfall þeirrar fjárhæðar sem gefin er eftir til skattskyldra tekna.

Hinn 30. júní sendu Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið fjármálafyrirtækjum tilmæli í tilefni af dómum Hæstaréttar Íslands í sk. gengistryggingarmálum. Var það gert á grundvelli þeirrar óvissu sem skapast hafði á meðan ekki hefði verið skorið úr um umfang og lánakjör þeirra samninga sem dómarnir næðu yfir. Var óvissan talin grafa undan festu í viðskiptum á fjármálamarkaði og fjármálastöðugleika í heild. Með tilmælunum var því m.a. beint til fjármálafyrirtækjanna að miða við þá vexti sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum eða verðtryggðum útlánum í stað erlendrar vaxtaviðmiðunar.

**Júlí 2010**

Hinn 6. júlí undirrituðu forsætisráðherra, fjármálaráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra, seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins samkomulag um skipun nefndar um fjármálastöðugleika. Að grunni til byggjast samkomulagið og starf nefndarinnar á fyrra samkomulagi ráðuneytanna og stofnananna frá árinu 2006 um samráð varðandi fjármálastöðugleika og viðbúnað. Í nefndinni sitja fulltrúar efnahags- og viðskiptaráðuneytis, forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands. Fulltrúi efnahags- og viðskiptaráðuneytis er formaður nefndarinnar og stýrir starfi hennar.

Hinn 7. júlí kynnti ríkisstjórnin átak til að auka atvinnu. Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðar- og sumarhús yrði hækkuð úr 60% í 100%. Einstaklingum yrði veittur frádráttur allt að 200 þ.kr. og hjónum allt að 300 þ.kr. frá tekjuskattsstofni vegna viðhalds.

Hinn 7. júlí sendi umboðsmaður Alþingis samhljóða fyrirspurnarbréf til bæði Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins í tilefni útgáfu þeirra síðarnefndu á tilmælum þann 30. júní í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands í sk. gengistryggingarmálum. Voru í bréfinu settar fram ítarlegar spurningar í nokkrum liðum og gefinn frestur til 16. júlí til svara. Eftir að hafa fengið frestinn framlengdan um viku sökum umfangs spurninganna og anna starfsmanna svaraði Seðlabanki Íslands umboðsmanni hinn 23. júlí, en Fjármálaeftirlitið svaraði fyrir sitt leyti sama dag.

Hinn 12. júlí var birt skýrsla sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um breytingar á skattkerfinu. Skýrslan var unnin fyrir fjármálaráðuneytið sem vildi fá leiðbeiningar um hugsanlegar endurbætur m.t.t. hagvaxtar og hagkvæmni, auk þess sem mæta þyrfti aukinni tekjuþörf sem næmi 1-2% af VLF til meðallangs tíma. Í skýrslunni er íslenska skattkerfinu almennt hrósað og settar fram tillögur um tekjuaukningu. Þær byggjast að mestu á tekjuöflun með tekjuskatti einstaklinga og virðisaukaskatti, en þó einnig á hækkun tekjuskatts fyrirtækja, fjármagnstekjuskatts og skatta á eldsneyti.

Hinn 13. júlí varð Fjármálaeftirlitið við beiðni Avant hf. um að skipa félaginu bráðabirgðastjórn á grundvelli 100. gr. a. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 4. gr. laga nr. 44/2009.

Hinn 16. júlí var tilkynnt um heildaraflamark fisktegunda á fiskveiðiárinu sem byrjaði 1. september 2010. Leyfilegur þorskafli var aukinn um 10 þúsund tonn í samræmi við ráðgjöf, en ýsu- og ufsaheimildir dregnar saman, þó minna en ráðlagt var. Veiði á úthafsrækju var gefin frjáls.

Hinn 29. júlí breytti matsfyrirtækið Moody's horfum á lánshæfiseinkunn ríkissjóðs fyrir erlendar og innlendar skuldbindingar úr stöðugum í neikvæðar.

**Ágúst 2010**

Hinn 16. ágúst samþykkti Fjármálaeftirlitið umsókn Eignasafns Seðlabanka Íslands (ESÍ) ehf. um heimild félagsins til að fara með virkan eignarhlut í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. er að fullu í eigu Seðlabanka Íslands. Aðrir hluthafar Sjóvár-Almennra trygginga hf. eru Íslandsbanki hf. með 9,3% hlutafjár og SAT eignarhaldsfélag hf. með 17,67% hlutafjár.

Hinn 17. ágúst gekk í gildi samkomulag um samvinnu Norðurlandanna og Eystrasaltsríkja yfir landamæri til að tryggja fjármálastöðugleika og samhæfa viðbrögð við fjármálaáfalli sem snertir fleiri en eitt ríki. Samkomulagið er ekki lagalega bindandi en á grundvelli þess verður unnt að efla samvinnu og samhæfa viðbrögð, meðal annars með betri upplýsingagjöf milli stofnana.

Hinn 18. ágúst ákvað peningastefnunefnd að lækka vexti bankans um 1 prósentu. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækkuðu í 5,5%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 6,75%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga í 7,0% og daglánavextir í 8,5%.

Hinn 31. ágúst hóf Seðlabankinn að kaupa gjaldeyri af viðskiptavökum á millibankamarkaði með gjaldeyri. Tilgangur kaupanna var að auka þann hluta gjaldeyrisforða Seðlabankans sem ekki er fenginn að láni. Seðlabankinn ákvað að kaupa 500 þúsund evrur af hverjum viðskiptavaka einu sinni í viku, á þriðjudögum.

Hinn 31. ágúst afturkallaði Fjármálaeftirlitið starfsleyfi SPRON Verðbréfa og Rekstrarfélags SPRON hf. en í báðum tilvikum höfðu fyrirtækin afsalað sér leyfi sínu.

**September 2010**

Hinn 14. september sendi Fjármálaeftirlitið dreifibréf til lánastofnana um meðferð rekstrar-, einka- og fjármögnunarleigusamninga. Í dreifibréfinu var eftirfarandi beint til lánastofnana: „Á meðan ekki hefur endanlega verið skorið úr um hvort rekstrar-, einka- og fjármögnunarleigusamningar falli undir gildissvið VI. kafla vaxtalaga og hvort þeir innihaldi óskuldbindandi gengistryggingarákvæði, skal meðferð slíkra eignaleigusamninga vera með sama hætti og umræddra kaupleigusamninga viðkomandi lánastofnana. Með öðrum orðum, að meðferð þeirra verði í samræmi við tilmæli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands frá 30. júní sl., sem aðgengileg eru á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins."

Hinn 16. september gekk dómur í Hæstarétti Íslands þar sem tekist var á um meðferð eftirstöðva af sk. gengistryggðum bílasamningi sem féll undir fordæmi dómanna frá 16. júní. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að við útreikning eftirstöðva yrði ekki miðað við umsamda vexti af erlendum gjaldmiðlum, þar eð forsendur fyrir því hefðu brostið með því að gengistryggingarþáttur slíkra samninga hefði verið dæmdur ólögmætur. Þess í stað ætti að miða við lægstu auglýsta vexti Seðlabanka Íslands af nýjum óverðtryggðum útlánum. Dómurinn var afar fordæmisgefandi um meðferð eftirstöðva sk. gengistryggðra lánasamninga.

Hinn 17. september var birt skýrsla sérstakrar nefndar forsætisráðherra, þar sem lýst var því áliti að engir augljósir lagalegir annmarkar væru á samningum um kaup Magma Energy Sweden á hlutum í HS orku. Aðrir tækir kostir á lagatúlkun um samband kaupandans við móðurfélag sitt gætu þó leitt til annarrar niðurstöðu.

Hinn 19. september seldi Seðlabankinn 99,89% hlut sinn í danska bankanum FIH, sem Seðlabankinn tók að veði fyrir 500 milljóna evra þrautavaraláni til Kaupþings í október 2008. Söluverðið er samtals 5 milljarðar danskra króna (sem nemur 103 ma.kr. eða 670 milljónum evra). Kaupin eru tengd afkomu FIH til ársins 2014.

Hinn 20. september gaf matsfyrirtækið Moody's út álit í kjölfar dóms Hæstaréttar hinn 16. september um gengisbundin lán. Taldi matsfyrirtækið dóminn draga úr óvissu en ekki hafa áhrif á lánshæfismat Ríkissjóðs Íslands.

Hinn 20. september veitti Fjármálaeftirlitið ALM fjármálaráðgjöf hf. starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki skv. 5. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Hinn 21. september veitti Fjármálaeftirlitið Annex ehf. heimild til að fara með virkan eignarhlut allt að 50 prósentum í ARM verðbréfum hf., sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Hinn 22. september ákvað peningastefnunefnd Seðlabankans að lækka vexti um 0,75 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækka í 4,75% og hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 6,0%. Vextir á lánum gegn veði til sjö daga lækka í 6,25% og daglánavextir í 7,75%.

Hinn 23. september veitti Fjármálaeftirlitið Virðingu hf. auknar starfsheimildir sem verðbréfafyrirtæki og var starfsleyfi félagsins endurútgefið með tilliti til þess.

Hinn 29. september samþykkti framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þriðju endurskoðun af sjö á efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og sjóðsins. Með samþykkt framkvæmdastjórnarinnar varð fjórði áfangi lánafyrirgreiðslunnar til reiðu, að fjárhæð 105 milljónir SDR. Sú fjárhæð er jafnvirði 162 milljóna Bandaríkjadala eða tæplega 19 ma.kr. Við samþykkt stjórnar AGS er einnig gert ráð fyrir lánafyrirgreiðslu

frá Norðurlöndum að fjárhæð 444 milljónir evra og Póllandi að fjárhæð 71 milljón Bandaríkjadala. Einnig fór fram reglubundin umræða í framkvæmdastjórn sjóðsins um stöðu og horfur í íslenskum efnahagsmálum.

**Október 2010**

Hinn 5. október var skýrsla eftirlitsnefndar um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins kynnt í ríkisstjórn og fyrir formönnum stjórnarandstöðuflokka. Markmið laga um sértæka skuldaaðlögun er að hraða endurreisn íslensks efnahagslífs og koma jafnvægi á skuldir heimila og fyrirtækja. Nefndin mat árangur af starfi fjármálafyrirtækjanna við skuldaaðlögun heimila og fyrirtækja og kom með ábendingar í skýrslunni um hvað mætti betur fara.

Hinn 14. október samþykkti Alþingi lög nr. 128/2010, um breytingu á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, vegna mikils álags á hið nýstofnaða embætti umboðsmanns skuldara. Var breytingunni ætlað að létta á stöðu skuldara með þeim hætti að þeim aðilum sem lagt hefðu inn umsókn um greiðsluaðlögun til umboðsmanns skuldara yrði veittur frestur á greiðslum þegar við móttöku umsóknar, en ekki við samþykkt umsóknar.

Hinn 14. október undirrituðu fjármálaráðuneytið, slitastjórn Byrs sparisjóðs og stjórn Byrs hf. samkomulag um uppgjör og eignarhald Byrs hf. með yfirtöku slitastjórnar Byrs sparisjóðs. Hlutur ríkisins í Byr hf. verður 5,2%. Hlutur Byrs sparisjóðs, 94,8%, verður í vörslu og umsjón fjármálaráðuneytisins þar til að slitastjórnin kallar eftir honum, líklega innan tveggja ára. Með þessu er Byr hf. fullfjármagnaður og uppfyllir eiginfjár- og lausafjárkvaðir Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Ríkissjóður veitir Byr hf. allt að 5 ma.kr. víkjandi lán á markaðskjörum til 10 ára, sem þó er ráðgert að greiða upp á 5 árum. Kröfu Byrs sparisjóðs á Byr hf. verður breytt í hlutafé.

Hinn 15. október veitti Fjármálaeftirlitið Arion banka hf. heimild til að eiga og fara með virkan eignarhlut í Valitor hf. Arion banki hf. óskaði eftir heimild til að auka virkan eignarhlut sinn í Valitor hf. óbeint í gegnum hlutdeild sína í Valitor Holding hf., sbr. 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið telur Arion banka hæfan til að eiga og fara með eignarhlutinn m.a. með tilliti til heilbrigðs og trausts rekstrar Valitors hf. Fjármálaeftirlitið veitti hinn 12. október Arion banka heimild til að fara með yfir 50% eignarhlut í Valitor hf.

Hinn 15. október gaf sjávarútvegsráðuneytið út 15 þúsund tonna aflaheimild til veiða á íslenskri sumargotssíld á fiskveiðiárinu 2010/2011.

Hinn 15. október kynnti nefnd um erlenda fjárfestingu þriðju skýrslu sína um lögmæti fjárfestingar Magma Energy Sweden í dótturfélögum HS orku. Telur nefndin að ekki séu frekari ástæður til athugasemda vegna kaupanna og vísar þar til tveggja fyrri álita, þar sem meirihluti nefndarinnar taldi kaup Magma á HS orku standast lög.

Hinn 18. október tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði hinn 1. október afturkallað starfsleyfi ALMC hf. (áður Straums-Burðaráss fjárfestingabanka) sem viðskiptabanka, þar sem fyrirtækið var tekið til slita skv. XII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga.

Hinn 20. október samþykkti Alþingi lög nr. 129/2010, um breytingu á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991. Þar sem skammt var síðan umboðsmaður skuldara hafði tekið til starfa og nokkurn tíma myndi taka að leysa úr þeim málum sem þar biðu úrlausnar, var lögum um nauðungarsölu breytt og sá frestur, sem gerðarþoli hefði til að óska eftir því við sýslumann að fresta í allt að þrjá mánuði töku ákvörðunar um framhald uppboðs á eign, lengdur til 31. mars 2011.

Hinn 21. október var ákveðið á fundi strandríkja að heildarafli úr norsk-íslenska síldarstofninum yrði 988 þúsund tonn árið 2011. Heildarafli af kolmunna var ákveðinn 44 þúsund tonn. Er hlutur Íslands 143 þúsund tonn af síld og 6500 tonn af kolmunna.

**Nóvember 2010**

Hinn 1. nóvember tilkynnti Seðlabankinn að endurskoðun á reglum um gjaldeyrismál nr. 370/2010 væri lokið. Taldi Seðlabankinn ekki þörf á breytingum og héldust gildandi reglur því óbreyttar.

Hinn 1. nóvember gaf matsfyrirtækið Moody's frá sér yfirlýsingu þar sem fram kom að áframhaldandi neikvæðar horfur á lánshæfiseinkunn ríkissjóðs endurspegluðu óvissu í efnahagsmálum og fjármálakerfinu.

Hinn 3. nóvember ákvað peningastefnunefnd Seðlabankans að lækka vexti bankans um 0,75 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækkuðu í 4,0%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 5,25%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga í 5,5% og daglánavextir í 7,0%.

Hinn 3. nóvember sendi Már Guðmundsson seðlabankastjóri frá sér sérstaka yfirlýsingu sem gefin var út í því skyni að útskýra stefnuramma og áform varðandi afnám gjaldeyrishaftanna. Í yfirlýsingunni fór seðlabankastjóri yfir stöðu haftanna og útskýrði hvaða skilyrði þyrftu að vera fyrir hendi svo að mögulegt yrði að afnema þau.

Hinn 3. nóvember hækkaði sjávarútvegsráðuneytið hámarksafla af íslenskri sumargotssíld úr 15 þúsund tonnum í 40 þúsund tonn.

Hinn 14. nóvember lauk tveggja vikna heimsókn sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Íslands undir forystu Julie Kozack. Sendinefndin ræddi við íslensk stjórnvöld um fjórðu endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sendinefndin átti fundi með stjórnvöldum, þingmönnum, háskólasamfélaginu, fulltrúum einkageirans og aðilum vinnumarkaðarins.

Hinn 16. nóvember samþykkti Alþingi lög nr. 132/2010, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, varðandi ákvæði um slitameðferð og gjaldþrotaskipti hinna föllnu viðskiptabanka. Var breytingin gerð í kjölfar ábendinga af hálfu skilanefnda og slitastjórna hinna föllnu viðskiptabanka vegna dóma sem kveðnir voru upp af áfrýjunardómstóli í Frakklandi 4. nóvember 2010. Af dómunum mátti draga þá ályktun að fyrir hendi kynni að vera ákveðin réttaróvissa er lyti að upphafi slitameðferðar fjármálafyrirtækja eftir almennum reglum. Þar sem verulegir hagsmunir væru í húfi þótti nauðsynlegt að eyða öllum vafa um aðkomu dómstóla að slitameðferðinni og tryggja að enginn vafi gæti leikið á því að formskilyrðum tilskipunar 2001/24/EB, um endurskipulagningu og slit lánastofnana, væri fullnægt.

Hinn 19. nóvember gaf sjávarútvegsráðuneytið út loðnukvóta fyrir vetrarvertíð 23. nóvember 2010 - 30. apríl 2011, alls 200 þúsund tonn.





Hinn 25. nóvember féll í Hæstarétti Íslands dómur nr. 274/2010 vegna laga um ábyrgðarmenn, nr. 32/2009. Í málinu voru tveir ábyrgðarmenn krafðir um skuld sem héraðsdómur hafði létt af aðalskuldara með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar. Hæstiréttur staðfesti dóm undirréttar um að réttur kröfuhafans á hendur sjálfskuldarábyrgðarmönnum skuldabréfsins nyti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og að þau réttindi yrðu ekki skert án bóta með afturvirkri íþyngjandi löggjöf. Ákvæði laga um ábyrgðarmenn stæðist því ekki stjórnarskrá.

Hinn 30. nóvember samþykkti Alþingi lög nr. 135/2010, um breytingu á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010, og fleiri lögum með það að markmiði að sníða ýmsa annmarka af lögum um greiðsluaðlögun, skýra ákvæði og tryggja virkni greiðsluaðlögunar og samræmda framkvæmd hennar.

**Desember 2010**

Hinn 1. desember tilkynnti Framtakssjóður Íslands að athugun Samkeppniseftirlitsins og áreiðanleikakönnun vegna kaupa sjóðsins á eignarhaldsfélaginu Vestia af Landsbankanum væri lokið. Verðmat breyttist nokkuð í ferlinu og Landsbankinn heldur eftir meiru af eignum félagsins en gert var ráð fyrir við kaupin 20. ágúst. Því er kaupverðið 15,5 ma.kr. í stað þeirra 19,5 ma.kr. sem gert var ráð fyrir í ágúst.

Hinn 3. desember kynnti ríkisstjórnin samkomulag við lánastofnanir og lífeyrissjóði um aðgerðir vegna skulda- og greiðsluvanda heimilanna. Lántakendum í greiðsluvanda með yfirveðsettar eignir býðst að fá eftirstöðvar skulda færðar niður að 110% af verðmæti eignar. Upphafleg greiðslubyrði þarf þó að vera yfir 20% af tekjuskattstofni að viðbættum fjármagnstekjum. Lækkun veðskulda gæti orðið allt að 4 m.kr. hjá einstaklingi og 7 m.kr. hjá hjónum/sambýlisfólki eða einstæðum foreldrum. Mun ítarlegra mat á eignum og greiðslugetu þarf að koma til ef um meiri niðurfærslu er að ræða, að hámarki 15 m.kr. hjá einstaklingi og 30 m.kr. hjá hjónum/sambýlisfólki og einstæðum foreldrum. Breytingar voru jafnframt gerðar á sértækri skuldaaðlögun til að úrræðið myndi nýtast fleiri heimilum. Rúmlega 2 ma.kr. yrði varið til að

viðhalda sérstakri hækkun vaxtabóta sem var við lýði 2009-2010. Nýtt tímabundið úrræði yrði síðan mótað til að greiða niður vaxtakostnað vegna íbúðarhúsnæðis. Lánveitendur munu einnig kappkosta að ná til allra heimila sem eru í vanskilum og bjóða þeim viðhlítandi lausnir fyrir 1. maí 2011. Í tengslum við samkomulagið um skuldavandann lýsti ríkisstjórnin því yfir að dregið yrði úr tengingum milli bóta lífeyrissjóða og almannatrygginga og að frítekjumark ellilífeyrisþega myndi verða hækkað í áföngum á árunum 2013-2015.

Hinn 7. desember samþykkti Alþingi fjáraukalög fyrir 2010. Áætlaðar tekjur ársins 2010 hækka um 16 ma.kr., einkum vegna meiri eignasölu, en áætluð gjöld lækka um 0,9 ma.kr., þar sem 24 ma.kr. hækkun vegna yfirtekinna bankaskulda vegur upp 24 ma.kr. lækkun vaxtagjalda.

Hinn 8. desember ákvað peningastefnunefnd Seðlabankans að lækka vexti bankans og þrengja vaxtagang Seðlabankans um 1 prósentu. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækkuðu um 0,5 prósentur í 3,5%. Hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum og á lánum gegn veði til sjö daga lækkuðu um 1,0 prósentu í 4,25% og 4,5%. Þá lækkuðu daglánavextir um 1,5 prósentur í 5,5%. Í yfirlýsingu nefndarinnar kom fram að markmið breytinganna væri að draga úr sveiflum í skammtímavöxtum og færa einnar nætur vexti á markaði nær miðju vaxtagangsins.



Hinn 9. desember kynnti samninganefnd Íslands í Icesave-málinu niðurstöður viðræðna við samninganefndir Bretlands og Hollands og lagði fram drög að nýjum samningi. Í drögunum felast 2,64% meðalvextir til 2016 í stað 5,5% í fyrri samningi, sveigjanlegur endurgreiðslutími ef eftirstöðvar árið 2016 reynast hærri en vænst er og árlegt greiðsluhámark, 1,3% af landsframleiðslu eða 5% af tekjum ríkisins, hvort heldur er lægra. Hinn 15. desember lagði ríkisstjórnin fram frumvarp til laga um heimild til að samþykkja samninginn.

Hinn 15. desember samþykkti Alþingi lög nr. 141/2010, um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, sem breikkar undanþágur frá yfirtökuskyldu þegar fyrirtæki er sett á markað eða það setur fjármálagjörninga á markað.

Hinn 15. desember skrifuðu efnahags- og viðskiptaráðuneytið, Félag atvinnurekenda, fjármálaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Samtök fjármálafyrirtækja og Viðskiptaráð Íslands undir samkomulag um áætlun um að flýta skuldauppgjöri lítilla og meðalstórra fyrirtækja við fjármálafyrirtæki. Tekur það til fyrirtækja þar sem áframhaldandi rekstur er að mati fjármálafyrirtækis líklegastur til að tryggja best hagsmuni kröfuhafa, starfsmanna og eigenda. Miðað verður við að heildarskuldsetning fyrirtækja að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu fari ekki fram úr endurmetnu eigna- eða rekstrarvirði þeirra, hvort sem er hærra, að viðbættu virði annarra trygginga sem standa til tryggingar skuldum viðkomandi fyrirtækis. Sett verða mánaðarleg markmið um fjölda afgreiddra tilboða fyrir tímabilið frá janúar til maí 2011. Ríkisvaldið mun greiða fyrir samkomulaginu með því að lengja greiðslufresti í opinberri

innheimtu og auka heimildir til niðurfellingar opinberra krafna sem víst þykir að ekki innheimtist.

Hinn 16. desember samþykkti Alþingi fjárlög fyrir 2011. Tekjur eru áætlaðar 472 ma.kr., gjöld 510 ma.kr. og halli 37 ma.kr. Afgangur fyrir vaxtatekjur og -gjöld er áætlaður 15 ma.kr. Áætlað er að tekjur lækki um 1% frá auknum fjárlögum 2010 vegna minni söluhagnaðar og framsals tekjustofna til sveitarfélaga. Þó er talið að skatttekjur hækki um 3% þótt afsal tekna til sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra valdi 2,4% lækkun. Útgjöld eiga að lækka um 9%, en þar af stafa 1,6% af flutningi málefna fatlaðra.

Hinn 16. desember staðfesti Eftirlitsstofnun EFTA áður útgefna bráðabirgðaniðurstöðu þess efnis að ákvæði laga nr. 125/2008, svonefndra neyðarlaga, stæðust kröfur EES-samningsins og önnur lagaleg skilyrði. Þar með voru talin ákvæði um forgang innstæðna umfram almennar kröfur og ráðstafanir íslenskra stjórnvalda á grundvelli laganna. Stofnunin taldi að ekki hefðu verið nein önnur úrræði sjáanleg en þau sem gripið var til og hefðu getað komið í veg fyrir algert hrun efnahagslífsins á Íslandi.

Hinn 16. desember tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði veitt fyrirtækinu T Plús hf. á Akureyri starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki samkvæmt 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Hinn 17. desember ályktaði Alþingi að á vegum þess skyldi fara fram sjálfstæð og óháð rannsókn á starfsemi Íbúðalánasjóðs á árunum 2004 til 2010.

Hinn 17. desember samþykkti Alþingi lög nr. 142/2010, um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti, sem miðuðu að því að gera þeim einstaklingum sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta, en bera áfram ábyrgð á skuldum sem ekki hafa fengist greiddar við gjaldþrotaskiptin, auðveldara að koma fjármálum sínum á réttan kjöl. Fólust breytingarnar í því að stytta fyrningarfrest á þeim kröfum eða þeim hluta þeirra, sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti, svo að fyrningartími allra krafna sem lýst er í þrotabú verði sá sami, án tillits til þess um hvers konar kröfu er að ræða, eða tvö ár.

Hinn 17. desember samþykkti Alþingi lög nr. 144/2010, um breytingu á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, sem takmarkar ábyrgð eigenda í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA um að ótakmörkuð eigendaábyrgð sé ekki í samræmi við ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð.

Hinn 17. desember samþykkti Alþingi lög nr. 152/2010, um að sveitarfélögin í landinu taki við faglegri og fjárhagslegri ábyrgð á framkvæmd þjónustu við fatlað fólk og að þessi ábyrgð flytjist frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011 gegn auknum útsvarstekjum.

